

**SKOÐUN** Uppræta verður nauðganir á átakasvæðum skrifa William Hague og Angelina Jolie. 25



**MENNING** Kristina Mekkin Haraldsdóttir söng bakraddir á tónleikum Tired Pony í London. 62



**SPORT** Ólafur Stefánsson stýrir Val í fyrsta deildarleiknum í kvöld með nýjar áherslur í þjálfun á Íslandi. 56







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fimmtudagur
19. september 2013
220. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



**Einn á móti risahöfn** Reimar Sigurjónsson, síðasti bóndinn í Finnafirði, er ósáttur við áform sveitarstjórna um stórskipahöfn í Firðinum. 2

**Kaupa tvö norsk skip** Íslenskar útgerðir hafa keypt tvö norsk skip. Við það tapast 64 störf á norsku landsbyggðinni. 4

**Fátt bítur á Merkel** Angela Merkel hefur lengi virst örugg um sigur í komandi þingkosningum í Þýskalandi. 6

**Sest við skriftir** Arthur Bogason er að hætta sem formaður Landssambands smábátaeigenda eftir 28 ár í brúnni. 10




24

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 7° | A | 5 |
| Akureyri | 9° | S | 2 |
| Egilsstaðir | 7° | SA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 8° | SA | 4 |
| Reykjavík | 8° | SA | 7 |

**HÆGT VAXANDI** suðaustanátt með rigningu fyrst sunnanlands. Hægari og þurrt NA-til. Hiti víðast 3-10 stig. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk




# Fundu dautt fé í snjónum

Bændur á Jökuldal fundu dautt fé á fjalli í gær. Mikill snjór er á svæðinu eftir óveður síðustu daga og óvissa um heimtur. Erfitt er að smala þar sem svæðið er torfarið og snjór er yfir öllu. Sauðféð er klakabrynjað og rekst illa.

**INNLENT** Bændur á Jökuldal fundu dauðar kindur þegar þeir smöluðu afréttarlönd í gær eftir óveður síðustu daga. Mikil óvissa er um heimtur af fjöllum því svæðið er torfarið og ekki hægt að segja til um hve margt liggur grafið undir snjó.

Þorsteinn Snædal, bóndi á Skjöldólfsstöðum, smalaði á Jökuldal í gær. „Það sem ég kom með niður var náttúrulega lifandi en hitt verður að koma í ljós. Við sáum eitthvað af dauðu fé en auk þess fékk ég eyrnamerki af mínu fé sem nágranni minn hafði fundið dautt,“ segir Þorsteinn.

Anna Bryndís Tryggvadóttir, bóndi á Brekku á Fljótsdal, segir að reynt verði að flytja féð í hús á fjárvögnum þar sem mjög erfitt sé að reka skepnurnar klakabrynjaðar. Hún segir tíðina valda því að smölun geti orðið erfið.

„Það var smalað á svæðinu Rana á Jökuldal og Fljótsdalsheiði en þar eru á milli tvö til þrjú þúsund fjár. Skepnurnar hafa leitað upp í fjöll því beitin þar er mun kraftmeiri núna vegna tíðarfars. Það var ekkert farið að kólna og því voru þær ekkert farnar að leita niður,“ segir Anna.

Aðalsteinn Jónsson, bóndi á Klausturseli, smalaði Klausturselsheiði ásamt sonum sínum í gær. Hann segir mikinn snjó hafa verið á svæðinu og ekki margt hafa fundist.

> „Hér er hellings snjór og við vitum ekkert hvað er undir honum.
>
> *Aðalsteinn Jónsson, bóndi á Klausturseli*

„Það fé sem við höfum fundið er í lagi en hér er hellings snjór og við vitum ekkert hvað er undir honum. Við erum að smala um 50 kindum og rekst illa,“ segir Aðalsteinn. - eh



**TRÉSMIÐJA ELDI AÐ BRÁÐ** Eldur kom upp í Trésmiðju Akraness á Smiðjuvöllum um klukkan níu í gærkvöldi og varð húsið fljótt alelda. Allt tiltækt slökkvilið var sent á staðinn og barðist enn við eldinn þegar blaðið fór í prentun í gær. Enginn var í húsinu þegar eldurinn kom upp, en um klukkan tíu var hann farinn að teygja sig í önnur fyrirtæki í sömu byggingu. Ekki var þó talið að önnur hús væru í hættu. MYND/HALLVARÐUR NÍELSSON

Sérfræðingur spáir að Reykjavík verði ein vinsælasta ráðstefnuborg heims:

# Lítil sneið er tugmilljarða virði

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fullyrt er að Reykjavík eigi góða möguleika á því að verða ein af tíu vinsælustu ráðstefnuborgum heims. Markaður fyrir ráðstefnur, fundi og hvataferðir í Evrópu veltir yfir 30 þúsund milljörðum króna á ári.

Þetta fullyrðir dr. Jonathan Sandler, formaður framkvæmdanefndar 2.500 manna alþjóðlegrar ráðstefnu sem haldin var í Hörðu í júní. „Ég tel að Reykjavík verði fljótt komin í hóp tíu vinsælustu áfangastaða fyrir alþjóðlegar ráðstefnur, vegna þess hvað þið búið við ótrúlega hagkvæmar og skilvirkar aðstæður,“ sagði Jonathan í viðtali í tengslum við ráðstefnuna.

Þorsteinn Örn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Meet in Reykjavík, segir að innviðirnir séu þegar til staðar til að auka hlutdeild Íslands í þeim risamarkaði sem hér um ræðir og veltir tugþúsundum milljarða ár hvert. Hann tekur það dæmi að 0,05% af markaðnum myndu skila Íslandi 16 milljörðum í tekjur. - shá / sjá síðu 12

**0,05%** af evrópska ráðstefnumarkaðnum myndi skila Íslendingum 16 milljörðum.










## SPURNING DAGSINS



Einar, var osturinn of mikið af hinu góða?

**„Nei, nei. Góðosturinn er íslenskur.“**
Einar Sigurðsson, forstjóri MS, segir mistök hafa valdið því að svissneskur Gruyère-ostur sem MS pantaði til landsins hafi verið of ungur og ekki staðist reglugerð.

Ungur fíkniefnasmyglari handtekinn í Leifsstöð við komuna frá Þýskalandi:

# Tekinn með kókaín innvortis

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega tvítugur erlendur maður hefur setið í gæsluvarðhaldi frá mánudeginum 9. september eftir að hann var tekinn í flugstöð Leifs Eiríkssonar með fíkniefni innvortis.

Maðurinn kom til landsins með flugi frá Þýskalandi sunnudaginn 8. september síðastliðinn og við hefðbundið eftirlit tollgæslu vaknaði grunur um að hann væri með fíkniefni innvortis. Það stóð heima – eftir að hann var handtekinn skilaði hann af sér pakkningum sem innihéldu samtals rúmlega hálft kíló af kókaíni.

Að sögn Guðmundar Baldurssonar hjá lögreglunni á Suðurnesjum hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins um að maðurinn hafi tengsl við Ísland.



**LEIFSSTÖÐ** Tollverðir í flugstöðinni áttuðu sig á því að maðurinn væri hér í misjöfnum erindagjörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þá hefur enginn annar verið handtekinn vegna málsins enn sem komið er.

Gæsluvarðhald yfir manninum var framlengt í gær. - sh

Nemendur fara í bíó:

# Börn frædd um Pussy Riot

**MENNTAMÁL** Boðið verður upp á kvikmyndafræðslu fyrir börn og unglinga í grunnskólum Reykjavíkur í haust. Sýningarnar verða í Bíói Paradís.

Meðal kvikmynda sem verða sýndar er franska teiknimyndin Ernest og Celestína sem byggir á samnefndum teiknibókum eftir Gabrielle Vincent, heimildarmynd um rússnesku pönksveitina Pussy Riot og verðlaunamyndin Lífið er dásamlegt (La Vita e Bella) eftir Roberto Benigni. - vg



**ÁNÆGÐUR** Kjartan tók við verðlaununum í Melaskóla í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hannaði tölvuleik og sigraði alþjóðlega forritunarkeppni:

# Megum ekki menga vatnið okkar

**VERÐLAUN Kjartan Örn Styrkársson, 11 ára, bar sigur úr býtum á alþjóðlegu forritunarkeppninni Kodu Cup Challenge í aldursflokknum 9 til 12 ára. Hann hlaut að launum þrjú þúsund dali, eða 365 þúsund krónur, frá bandaríska tölvufyrirtækinu Microsoft. Forseti Íslands afhenti Kjartani verðlaunin á sal í Melaskóla, þar sem Kjartan er nemandi í sjötta bekk, að viðstöddum öllum nemendum skólans.**

**Leikur Kjartans ber heitið Eyðum menguninni, þar sem markmið spilarans er að útrýma illri verksmiðju sem mengar andrúmsloftið og reyna um leið að uppgötva hreinar uppsprettur og vatnsból. „Mig langaði að koma því á framfæri hvað vatn er mikilvægur hluti lífs á jörðinni og að við verðum að gæta þess að menga ekki vatnsforðann okkar,“ segir Kjartan.** - ebg

Jafnréttisstofa var ósátt:

# Sjallinn hættir við Sóðakvöld

**AKUREYRI** Ekkert verður af því að viðburðurinn „Dirty Night“ fari fram í Sjallanum á Akureyri um helgina eftir að Jafnréttisstofa gerði athugasemdir við það. Akureyri Vikublað greindi frá þessu í gær.

Jafnréttisstofa beindi þeirri ábendingu til Sjallans að auglýsingar um viðburðinn gætu verið brot á 29. grein jafnréttislaga. Í auglýsingum á Facebook sagði að meðal þess sem boðið yrði upp á væri undirfatasýning, dansbúr og glaðningur fyrir konur í leðri. - bl

Félagsráðgjafafélag Íslands:

# Fagna því að leitað sé lausna

**HEILBRIGÐISMÁL** Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar því að leitað sé lausna á vanda lyflækningasviðs Landspítala, eins og heilbrigðisráðherra og forstjóri spítalans tilkynntu um í síðustu viku.

Í tilkynningu frá félaginu segir að félagsráðgjafar þekki vel til úrræðaleysisins í kerfinu. „Við tökum undir með Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga að það sé löngu tímabært að endurskilgreina verksvið allra heilbrigðisstétta til að nýta verksvið og þekkingu hverrar stéttar til fullnustu.“ - bl

# Síðasti bóndinn gegn risahöfn í Finnafirði

Reimar Sigurjónsson, bóndi á einu jörðinni sem er í byggð í Finnafirði, er ósáttur við áform um stórskipahöfn. Sveitarstjóri Langanesbyggðar segir að ekki verði farið í þá rannsóknarvinnu sem á að hefjast í haust nema með leyfi landeigenda.

**SKIPULAGSMÁL** Forsvarsmenn Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps héldu á þriðjudag fund með landeigendum í Finnafirði vegna áforma um mögulega uppbyggingu á stórskipahöfn í firðinum. Sveitarfélögin gengu fyrr í sumar til samstarfs við þýska fyrirtækið Bremenport sem hyggst fara í rannsóknir á svæðinu áður en ákvörðun um byggingu stórskipahafnarinnar verður tekin.

Reimar Sigurjónsson, bóndi á Felli, einu jörðinni sem er í byggð í firðinum, lýsti óánægju sinni með áformin á fundinum.

„Ég er algjörlega á móti þessum framkvæmdum og tel að þær eigi eftir að eyðileggja fjörðinn. Það er margt sem þarf að huga að í tengslum við þetta mál og þar á meðal eru hugsanleg mengunaráhrif. Þarna verður miklu fórnað fyrir lítið þegar fram líða stundir og við munum ekki koma til með að búa í kyrrlátum firði eftir þetta,“ segir Reimar.

Hann bendir á að í aðalskipulagi Langanesbyggðar sé gert ráð fyrir stórskipahöfn í firðinum. „Skipulagið var um sex ár í vinnslu og á þeim langa tíma var aldrei haft beint samband við landeigendur á svæðinu.“

Ólafur Steinarsson, sveitarstjóri Langanesbyggðar, segir að ekki verði farið í umrædda rannsóknarvinnu nema að gefnu leyfi landeigenda.

„Við munum leggja upp úr því að hafa mjög náið og gott samráð við landeigendur á þessu svæði,“ segir Ólafur og bætir því við að verkefnið verði kynnt fyrir íbúum í október næstkomandi.



**Á MÓTI STÓRSKIPAHÖFN** Reimar Sigurjónsson og Dagrún Þórisdóttir, bændur á Felli í Finnafirði. MYND/ANÍTA REIMARSDÓTTIR

> **Við munum ekki koma til með að búa í kyrrlátum firði eftir þetta.**
> *Reimar Sigurjónsson, bóndi í Finnafirði*

Bremenport ætlar að stofna fyrirtæki hér á landi á næstunni sem mun standa að rannsóknum og athugunum á svæðinu. Sú vinna mun að öllum líkindum fela í sér uppsetningu mælitækja á sjó og landi og umhverfis- og jarðtæknirannsóknum. Áætlað er að rannsóknarvinnan taki um þrjú ár.

Fyrirtækið er á meðal stærstu rekstrar- og umsýsluaðila umskipunarhafna í Evrópu. Bremenport á




meðal annars umskipunarhöfnina í þýsku borginni Bremerhaven, sem er næststærsta höfn sinnar tegundar í Þýskalandi.

haraldur@frettabladid.is




Hraunavinir og ÍAV ná samkomulagi um frestun framkvæmda

# Menn komu fram af drengskap

**FRAMKVÆMDIR** „Menn komu fram miklum drengskap á báða bóga í gær. Menn handsöluðu samkomulag að viðstöddum lögregluvarðstjóra og það var tekið upp á myndband. Ég treysti því fullkomlega að samkomulag sem við náðum við verktakann haldi,“ segir Ómar Ragnarsson, félagi í Hraunavinum.

Sátt hefur tekist á milli verktaka nýs vegar í Gálgahrauni á Álftanesi og Hraunavina sem stöðvuðu framkvæmdir í gærmorgun. Sáttin felst í því að verktakinn, ÍAV, mun hverfa frá framkvæmdum í sjálfu Gálgahrauni en þess í stað snúa sér að öðrum framkvæmdum sem ekki hafa óafturkræf áhrif í hrauninu.

Ómar segir að ekki séu fyrirhugaðar frekari framkvæmdir í Gálgahrauni fyrr en eftir helgi. Hraunavinir ætla engu að síður að fylgjast grannt með stöðu mála og verða á vakt, dag og nótt, næstu daga.

Hraunavinir fóru á fund vegamálastjóra í gær og óskuðu þess að framkvæmdum yrði frestað þar til niðurstaða væri komin á lögbannskæru sem lögð hefur verið fram vegna framkvæmdanna. Vegamálastjóri hafnaði beiðni Hraunavina.

„Svar vegamálastjóra var athyglisvert. Ég spurði hann hvort hann hefði hugsað út í það hvað myndi




**STÖÐVAÐAR** Ómar segist treysta því að samkomulagið við verktakana standi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

gerast ef Vegagerðin réðist í framkvæmdir en tapaði svo málinu. Vegamálastjóri sagðist ekki hafa velt því fyrir sér. Hann telur sig með unnið mál í höndunum,“ segir Ómar. Það kemur í ljós á næstu dögum hvort lögbannskrafa Hraunavina nær fram að ganga. - jme, jjk

# Veruleg lækkun rekstrarkostnaðar Landsbankans

## Traust fjárhagsstaða




Eiginfjárhlutfall bankans er langt umfram kröfur eftirlitsstofnana sem nú er 19,5%.

## Lægri rekstrarkostnaður

**7,9%**

Raunlækkun rekstrarkostnaðar á fyrri árshelmingi 2013 var 7,9% sem skilar sér í betri kjörum til viðskiptavina.

## Aukinn hagnaður




Rekstrarhagnaður jókst um 31% frá lokum júní 2012 og nam 15,5 milljörðum króna eftir skatta á fyrri hluta árs 2013.



*Góð staða Landsbankans styrkir hann í samfélagslegu hlutverki sínu.*

***Það er stefna Landsbankans** að vera til fyrirmyndar á íslenskum fjármálamarkaði. Með því að ávinna okkur traust og ánægju viðskiptavina, stunda hagkvæman en arðsaman rekstur, vera hreyfiafl í íslensku samfélagi og byggja á góðu siðferði náum við því markmiði.*

**Uppgjör Landsbankans** fyrir fyrri helming ársins 2013 sýnir að bankinn stendur traustum fótum. Hagnaður er vel viðunandi sem helgast að hluta til af lækkun rekstrarkostnaðar. Hagkvæmni í rekstri er mikilvægur þáttur þegar horft er til framtíðar og þar ætlar Landsbankinn sér að gera enn betur á næstu árum.

Sterk fjárhagsstaða Landsbankans skiptir máli. Öðruvísi getur hann ekki verið sú burðarstoð í íslensku efnahagslífi sem honum er ætlað að vera. Við leggjum áherslu á að skila viðskiptavinum okkar, eigendum og samfélaginu öllu ávinningi með okkar starfi.

Lækkandi kostnaðarhlutfall, aukin arðsemi eigin fjár, sterk lausafjárstaða, lækkandi vaxtamunur, traustara eignasafn og mikið eigið fé bera vitni um hagkvæman rekstur þar sem áhættu er stillt í hóf. Það hefur m.a. gert Landsbankanum mögulegt að lækka raunvexti íbúðalána.

**Íslenska ánægjuvogin**




Ánægja viðskiptavina Landsbankans hefur aukist verulega samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni. Markaðshlutdeild hefur einnig vaxið um leið og rekstrarkostnaður hefur lækkað. Þetta sýnir að aðhald í rekstri og góð þjónusta eiga samleið.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## SVONA ERUM VIÐ



**1.082** **fullgerðar íbúðir voru byggðar á landinu árið 2012.**

**Árið 2011 voru þær 565 og árið þar á undan 1.148.**

*Heimild: Hagstofa Íslands.*

Valið verður á milli leiðtogakjörs eða hefðbundins prófjörs hjá Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík:

# Sjálfstæðismenn í borginni velja leið í dag

**STJÓRNMÁL** Fulltrúaráð sjálfstæðismanna í Reykjavík ákveður í dag hvort farið verði í leiðtogakjör í borginni eða hvort farið verði í hefðbundið prófkjör. Formaður Varðar, stjórnar fulltrúaráðsfélaganna, lagði fram tillögu þess efnis á fundi í gær og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, þrír sátu hjá.

Leiðtogakjör er blönduð leið. Í henni felst að haldið er leiðtogaprófkjör, fulltrúarráðið kýs svo um hverjir eiga að skipa annað til tíunda sæti listans. Uppstillingarnefnd ákveður síðan hverjir skipa ellefta til þrítugasta sæti listans.

Hin leiðin er prófkjör þar sem allir sem skráðir eru í Sjálfstæðisflokkinn taka þátt í valinu, en það er sú leið sem oftast hefur verið farin. Í fulltrúaráðinu eiga sæti um 1.400 fulltrúar. Verði farið í leiðtogakjör verða tveir þriðju fundarmanna í dag að samþykkja það.

Aftur á móti þarf aðeins helmingur fundarmanna að samþykkja prófkjörsleiðina.

„Það er lýðræðislegt og gott að gera þetta svona. Það hefur alltaf verið opið fyrir báðar leiðir og okkur finnst eðlilegt að fulltrúaráð fái að velja um hvor leiðin verður farin,“ segir Óttarr Guðlaugsson, formaður Varðar. **- jme, ebg**



**VALHÖLL** Skiptar skoðanir eru um hvaða leið skuli farin við val á framboðslista flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÆVINTÝRIN LIFNA VIÐ** Sigurfinnur kenndi myndmennt í 44 ár í Eyjum. Hann ákvað að mála ævintýramyndir á kuldalega veggi heilsugæslustöðvarinnar, börnum og fullorðnum til ánægju. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Sigurfinnur Sigurfinnsson málar myndir til að gleðja börn

## Biðstofu breytt í ævintýraland

**FÓLK „Mér fannst vanta eitthvað til að lífga upp á hvíta veggina – eitthvað sem börnin gætu haft ánægju af að horfa á,“ segir Sigurfinnur Sigurfinnsson, fyrrverandi myndmenntakennari í Vestmannaeyjum. Krakkakrókur var opnaður á biðstofunni á Heilsugæslustöðinni í Eyjum nýlega.**

**Sigurfinnur hefur á tveimur dögum breytt króknum í sannkallaðan ævintýraheim. Þar hafa þekktar ævintýrapersónur lifnað við svo sem Litla hafmeyjan, Mikki mús og Aladdín og fleiri eiga eftir að bætast við. Myndirnar eru gjöf Sigurfinns til barnanna í Eyjum því hann gefur bæði efni og vinnu. „Það eru engin leikföng til á biðstofunni og ég skora á verslunareigendur í Vestmannaeyjum að bæta úr því,“ segir hann.** **- jme**

Nýr samningur undirritaður:

## Reisa 3,3 MW virkjun í Glerá

**AKUREYRI** Nýr samningur verður undirritaður á þriðjudaginn kemur milli Akureyrarbæjar og Fallorku, um að hið síðarnefnda reisi og reki nýja 3,3 MW vatnsaflsvirkjun í Glerá ofan Akureyrar.

Í tilkynningu segir að meginmarkmiðið með framkvæmdinni sé að nýta endurnýjanlega náttúruauðlind til að framleiða raforku á hagstæðu verði fyrir viðskiptavini Fallorku. **- bl**

Aldursgreining flóttamanna:

## Barnalæknar skorast undan

**SVÍÞJÓÐ** Hætta á að aldursgreina unga hælisleitendur í Svíþjóð með röntgenrannsókn á beinum og tönnum. Sænska útlendingastofnunin vill að barnalæknar sjái um aldursgreininguna en þeir hafa neitað.

Lars Almroth yfirlæknir segir erfitt að meta aldurinn. Stúlka geti verið fullvaxta 15 ára auk þess sem kynþroski 16 ára pilts geti verið meiri en 19 ára pilts. **- ibs**

# Íslenskar útgerðir kaupa tvö norsk skip

Norska ríkisútvarpið (NRK) bendir á að 64 störf tapist á norsku landsbyggðinni við sölu tveggja skipa til Íslands. Nú síðast keypti Hraðfrystihús Hellissands línuveiðiskipið Polarbris. Áður keypti Samherji skipið Carisma Star sem nú heitir Anna AE.

**SJÁVARÚTVEGUR** Síðustu vikur hafa tvö línuveiðiskip verið seld til Íslands frá sveitarfélaginu Vogsey (Vågsøy) í Noregi. Nú síðast var gengið frá sölu á skipinu Polarbris til Hraðfrystihúss Hellissands. Að sögn Ólafs Rögnvaldssonar, framkvæmdastjóra og eiganda Hraðfrystihússins, er von á skipinu um miðjan nóvember.

Polarbris er smíðað árið 1999, 43 metra langt og 9 metra breitt. Skipið er aðeins minna og tveimur árum eldra en línuveiðiskipið Carisma Star sem Samherji keypti í ágúst frá Vogsey. Það skip, sem nú hefur fengið nafnið Anna AE 305, er 52 metra langt og 11 metra breitt.

Kaupverð skipanna hefur ekki verið gefið upp en gefa má sér að um allmikla fjárfestingu sé að ræða. Heimildir blaðsins herma þó að samanlagt geti kaupverð skipanna verið nálægt tveimur milljörðum króna. Verð á nýlegu vel til höldnu skipi af þessari stærð geti verið frá 8 til 900 hundruð milljónir og farið vel yfir milljarð króna. Seljendur skipanna eru norsku útgerðirnar Carisma Fish og Atlantic Seafish.

Ólafur segir kaupin hafa gengið nokkuð hratt fyrir sig og að skipið komi í staðinn fyrir annað eldra sem hætt verði að nota. „Staðreyndin er sú að íslenski skipaflotinn er orðinn svo gamall að hann er að stórum hluta ekki á vetur setjandi,“ segir hann. „Og botnfiskveiðiskipin eru mörg mjög gömul.“

Meðalaldur stærri skipa íslenska flotans er talinn vera um og yfir 30 árum. Skipin frá Vogsey yngja því flotann, 12 og 14 ára gömul. „En auðvitað eru alltaf dálítil tímamót þegar það er endurnýjað. Síðast keypti ég skip frá Noregi árið 2008.“

Ólafur segir að áður en farið verði að gera nýja skipið út þurfi samt að gera á því nokkrar breytingar til að laga það að íslenskum aðstæðum og regluverki. „Það er svo merkilegt að ekki er sami björgunarbúnaðurinn í íslenskum skipum og norskum,“ segir hann. Jafnframt þurfi að uppfæra kælikerfi skipsins þannig að hætt verði að nota freon til kælingar og ammoníak notað í staðinn.

Vogsey er um 80 kílómetra suðvestur af Álasundi. Í umfjöllun NRK í Noregi er bent á að með skipunum tveimur fari 64 störf. Í viðtali við NRK segist Kåre Furnes, einn eigenda Atlantic Seafish sem seldi Polarbris, vona að þeir 30 sem missa hjá þeim vinnuna finni störf annars staðar. „Þetta er fín áhöfn og alltaf vinnu að fá fyrir gott fólk,“ segir hann. Óráðið sé hvað gert verði við kvótann, eða hvort keyptur verði nýr bátur. **olikr@frettabladid.is**



**Í NÝRRI HEIMAHÖFN** Línuveiðiskipið Anna AE 305 í höfn á Akureyri. Í ágúst keypti Samherji skipið, sem þá hét Carisma Star, af útgerð í sveitarfélaginu Vogsey í Noregi. Nú hefur annað skip aðeins minna verið selt þaðan til Íslands. MYND/SAMHERJI

> **„Það er svo merkilegt að ekki er sami björgunarbúnaðurinn í íslenskum skipum og norskum.**
>
> *Ólafur Rögnvaldsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihúss Hellissands*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**VÆTA MEÐ KÖFLUM** Gengur í suðaustanátt á landinu í dag með vætu sunnan og vestan til. Dregur úr vindi og úrkomu á morgun en víða skúrir.




**Á morgun**
5-10 m/s.




**Laugardagur**
Hæg breytileg en vaxandi SA-átt seint.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Billund | 17° | Gautaborg | 16° | London | 17° | Orlando | 29° | San Francisco | 21° |
| Basel | 16° | Frankfurt | 16° | Kaupmannahöfn | 16° | Mallorca | 28° | Ósló | 17° | Stokkhólmur | 11° |
| Berlín | 15° | Friedrichshafen | 17° | Las Palmas | 26° | New York | 23° | París | 19° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# THOMSON

## FRÁBÆR KAUP FRÁ THOMSON




**Einfalt en gott 39“ sjónvarp með háskerpu LED skjá á ómótstæðilegu verði.**

**Myndgæði**
Vandaður háskerpu LED skjár með 1920x1080 punkta upplausn, stafrænn DVB-T móttakari og Pure Image 3 Engine. 100Hz Clear Motion Index.

**Tengimöguleikar**
Tækið er vel tengjum búið með 3 HDMI tengjum, USB tengi, Scart, Component, VGA, CVBS og heyrnatólstengi ásamt CI+ Rauf.

**Thomson 39FU5253**

**99.990**

HD TV 1080p · 100Hz CMI ClearMotionIndex · DVB T/C · CI+ · Pure image3 Intelligent HD Engine · LEDedge · COLOR extender · Pure image3 Intelligent HD Engine · MEGA contrast · DIGITAL pure sound · x3 HDMI · USB multimedia browser · eco mode

***Fleiri sjónvarpstilboð á sm.is***

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

THOMSON

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu marga daga á árinu hefur varðskipið Þór verið á sjó?
**2.** Hvar á landinu eru konur hvattar til að sækja um laus lögreglustörf?
**3.** Frá hversu mörgum löndum verða kvikmyndir sýndar á RIFF-hátíðinni?

**SVÖR:**
**1.** 80 daga. **2.** Á Hvolsvelli. **3.** Yfir 40 löndum.

Alþýðusamband Íslands kannaði verð á fiskafurðum víða um land:

# Verðmunurinn að lágmarki 75%

**NEYTENDUR** Algengt er að verðmunur á hæsta og lægsta verði á fiskafurðum milli verslana sé 75 prósent eða meira.

Þetta kemur fram í nýrri könnun Alþýðusambands Íslands á fiskafurðum. Lægsta verðið var oftast að finna í Litlu fiskbúðinni við Miðvang í Hafnarfirði, eða í 14 tilvikum af 23, en hæsta verðið var oftast að finna í Hafbergi í Gnoðarvogi, í fimm tilvikum af 23.

Munur á hæsta og lægsta verði í könnuninni var frá 24% upp í 114%.

Mestur verðmunur í könnuninni var á meðalkæstri skötu sem var dýrust á 1.690 kr./kg í Fiskbúðinni Höfðabakka, en ódýrust á 790 kr./kg í Hafinu Hlíðarsmára.

Minnstur verðmunur var á roðflettu og beinlausu þorskflaki sem var ódýrast á 1.490 kr./kg. hjá Fisk kompaníi Akureyri og fiskbúðinni Fiskás en dýrust á 1.845 kr./kg. í Fjarðarkaupum Hafnarfirði.

Könnunin var gerð í 25 fiskbúðum og öðrum verslunum með fiskborð, víða um landið á mánudag.



**GRÍÐARLEGUR VERÐMUNUR** Mesti munurinn í könnuninni var 114% FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kannað var verð á 23 algengum tegundum af fiskafurðum. Melabúðin neitaði þátttöku í könnuninni. - bl

Sænska áfengisverslunin:

# Fleiri munu fá vín sent heim

**SVÍÞJÓÐ** Heimsending áfengis hefur ekki haft áhrif á áfengisneyslu Svía. Þetta segja fulltrúar sænsku ríkisáfengisverslunarinnar, sem ætlar að senda áfengi heim til fleiri Svía en nú er gert.

Frá því í nóvember í fyrra hafa íbúar í nokkrum bæjum og borgum getað pantað bjór, vín og sterkt áfengi á netinu og fengið það sent heim. Nú á að fjölga þeim stöðum þar sem þessi þjónusta er veitt, að því er Aftonbladet greinir frá. - ibs






# Fátt virðist bitna á ríkisstjórn Merkel

Angela Merkel Þýskalandskanslari hefur lengi virst vera örugg um endurkjör í þingkosningum, sem haldnar verða á sunnudag. Gengi litla samstarfsflokksins, Frjálsra demókrata, gæti þó ráðið úrslitum um framhaldslíf stjórnarinnar.

**ÞÝSKALAND** Helsti keppinautur Angelu Merkel um kanslaraembættið er Peer Steinbrück, leiðtogi þýskra sósíaldemókrata. Hann stendur þó ekki mjög vel að vígi samkvæmt skoðanakönnunum.

Systurflokkunum CDU og CSU er spáð allt að 40 prósentum atkvæða en sósíaldemókrötum innan við þrjátíu prósentum.

Merkel hefur í kosningabaráttunni lagt áherslu á góða stöðu Þýskalands í efnahagsmálum og segir kosningarnar í raun snúast um framtíð evrunnar, hinnar sameiginlegu myntar sautján Evrópusambandsríkja.

Steinbrück hefur reynt að vekja athygli kjósenda á því að íbúar Þýskalands standa ekki allir jafn vel að vígi, þrátt fyrir góðærið.

Sá boðskapur hefur hins vegar ekki komist ýkja vel til skila, jafnvel þótt Steinbrück hafi verið óhræddur við að nota stóryrði og duglegur við að fara út fyrir ramma hins varfærna stjórnmálamanns.

Þrátt fyrir óskipta athygli fjölmiðla hafa þær uppákomur engan veginn skilað sér í fylgistölum og sumar virkað heldur vandræðalegar. Þannig vakti það mikla athygli þegar Steinbrück lét taka mynd af sér, sem birtist á forsíðu tímarits um síðustu helgi, þar sem hann réttir upp löngutöngina eins og í lítilsvirðingarskyni við Merkel.

Það sem frekar gæti orðið Merkel að falli er lélegt fylgi samstarfsflokksins, Frjálsra demókrata, sem um síðustu helgi féll út af landsþingi í Bæjaralandi í landskosningum þar.

Flokkurinn fékk innan við fimm prósenta fylgi, sem er lágmarkið til að ná manni á þing.




**KEPPINAUTARNIR** Kosningaspjöld með myndum af Angelu Merkel og Peer Steinbrück. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sama lágmark gildir í kosningum til þjóðþings Þýskalands og í skoðanakönnunum hafa Frjálsir demókratar mælst með 4 til 6 prósent. Því gæti svo farið að flokkurinn hafi enga þingmenn til að taka þátt í stjórnarsamstarfi með Merkel að loknum kosningum.

Philipp Rösler, leiðtogi Frjálsra demókrata, berst því fyrir lífi flokksins þessa dagana og varar kjósendur við því að vinstri stjórn Sósíaldemókrata með Græningjum og jafnvel Vinstriflokknum einnig blasi við, falli þessi litli miðjuflokkur alveg út af þinginu.

Annar möguleiki væri þó að Merkel og Steinbrück mynduðu svokallaða „stóra samsteypustjórn“. Merkel hefur reynslu af slíku samstarfi með Sósíaldemókrötum en segir það hafa reynst sér mun erfiðara en samstarfið við Rösler á þessu kjörtímabili. Mun meira beri á milli sín og Sósíaldemókrata en sín og Frjálsra demókrata.

gudsteinn@frettabladid.is

## ➜ Helstu kosningamálin

**Evrusvæðið og efnahagsmálin**
Líklega er það hið góða ástand í efnahagsmálum Þjóðverja sem á stærstan þátt í velgengni Angelu Merkel og flokks hennar í skoðanakönnunum. Þýskaland hefur staðið sem klettur í ólgunni á evrusvæðinu en Þjóðverjar hafa samt margir verið ósáttir við að bera meginþungann af björgunaraðgerðum vegna verst stöddu evruríkjanna. Þeim mun ánægðari hafa þeir verið með það hve Merkel hefur verið treg til að taka þátt í þeim björgunaraðgerðum.

**Njósnir Bandaríkjanna**
Merkel hefur verið harðlega gagnrýnd í Þýskalandi fyrir það hve lítið hún hefur tjáð sig um þær viðtæku njósnir sem Bandaríkjastjórn hefur stundað víða um heim á síðustu árum. Hún hefur forðast að gagnrýna Bandaríkin og reyndar frekar tekið málstað þeirra, sagt að njósnir séu nauðsynlegar hverju lýðræðisríki. Eftir slæma reynslu Þjóðverja af alræðisstjórnum á síðustu öld bregðast þeir gjarnan ókvæða við öllum fréttum af víðtækri eftirlitsstarfsemi ríkja en þessi umdeilda afstaða Merkel hefur þó ekki bitnað á fylgi hennar samkvæmt skoðanakönnunum.

**Hernaður gegn Sýrlandi**
Merkel hefur verið harðákveðin í að Þjóðverjar muni ekki taka þátt í hernaði gegn Sýrlandi. Helsti mótherji hennar, Peer Steinbrück, er á sama máli, þannig að jafnvel þótt hann taki við kanslarastöðunni að kosningum loknum er ekki að vænta stefnubreytingar hvað þetta varðar. Þjóðverjar virðast almennt sáttir við þetta, enda hafa þeir jafnan verið tregir til allrar þátttöku í víðtækri hernaðarbrölti á síðustu öld.

## HELSTU FLOKKAR Á ÞÝSKA ÞINGINU

CSU CDU **Kristilegir demókratar** (CDU), og systurflokkur þeirra, Kristilega sósíalbandalagið í Bæjaralandi (CSU), hafa verið helsta afl þýskra hægrimanna allt frá lokum seinni heimsstyrjaldar. Leiðtogi CDU er Angela Merkel kanslari en leiðtogi CSU er Horst Seehofer, forsætisráðherra Bæjaralands.

**Frjálsir demókratar** (FDP) hefur lengi verið „litli miðjuflokkurinn“ í þýskum stjórnmálum, aðhyllist frjálslynda stefnu og hefur ýmist hallað sér til hægri eða vinstri í stjórnarsamstarfi. Leiðtogi er Philipp Rösler. FDP Die Liberalen

SPD **Sósíaldemókratar** (SPD) hafa allt frá 19. öld verið helsta afl þýskra vinstrimanna. Frá stríðslokum hefur hann verið helsti mótherji Kristilegra demókrata í þýskum stjórnmálum. Flokkurinn hefur hefðbundna jafnaðarstefnu að leiðarljósi. Leiðtogi er Sigmar Gabriel en kanslaraefnið er Peer Steinbrück.

**Græningjar** (Die Grünen), flokkur þýskra umhverfissinna, voru stofnaðir árið 1980 og hafa frá upphafi lagt höfuðáherslu á umhverfismál. Leiðtogar eru Claudia Roth og Cem Özdemir. BÜNDNIS 90 DIE GRÜNEN

DIE LINKE. **Vinstriflokkurinn** (Die Linke) er yngsti flokkurinn í þýskum stjórnmálum. Hann var stofnaður árið 2007, að nokkru úr Lýðræðislega sósíalistaflokknum (PDS), sem fyrir sitt leyti var arftaki austurþýska kommúnistaflokksins SED. Leiðtogar flokksins eru Katja Kipping og Bernd Riexinger.








GUERLAIN
SUPER
AQUA-SERUM
30 HOURS OF INTENSE HYDRATION.* WRINKLE DEFENCE.
NEW
LIGHT SERUM & EYE SERUM
SUPER
AQUA-SERUM
LIGHT
HYDRATANT INTENSE
REPULPANT RIDES
Texture légère
INTENSE HYDRATION
WRINKLE PLUMPER
Light texture
Guerlain
*Instrumental test on 10 volunteers.
GUERLAIN.COM
20% KYNNINGARAFSLÁTTUR AF GUERLAIN
DAGANA 19.-25. SEPTEMBER Í HOLTAGÖRÐUM
SIGRÚN INGA KYNNIR NÝTT SUPER AQUA SERUM OG SUPER AQUA EYE SERUM.
SUPER AQUA línan er rakabomba sem hentar öllum húðgerðum og er fyrir allan aldur. Fullkominn undirbúningur fyrir veturinn. Kynnum einnig ný gloss, naglalökk og Maxi-Lash maskara. Glæsilegur kaupauki fylgir með tveimur versluðum vörum, þar af eitt krem*.
*gildir meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Lestarslys í Kanada:

## Strætisvagn ók í veg fyrir lest

**KANADA** Fimm fórust og sex slösuðust þegar lest skall á strætisvagni rétt fyrir utan Ottawa, höfuðborg Kanada, í gær. Farþegar eru sagðir hafa öskrað á vagnstjórann og skipað honum að stoppa þegar hann keyrði í gegn um lokað öryggishlið við lestarteinana.

Að sögn farþega í vagninum nauðhemlaði vagnstjórinn þegar öskrað var á hann en þá var það um seinan. Fremsti hluti vagnsins rifnaði af við höggið. Enginn lestarfarþeganna slasaðist. - hva

Sýrlandsstjórn afhenti Rússum gögn um efnavopnanotkun:

## Segja uppreisnarmenn seka

**SÝRLAND** Rússar segjast hafa fengið gögn sem sanna að uppreisnarmenn hafi beitt efnavopnum í Sýrlandi.

Sergei Ríabkov, aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands, fullyrti þetta í gær í Sýrlandi, þar sem hann hitti meðal annars Bashar al Assad Sýrlandsforseta.

Efnavopnaeftirlit Sameinuðu þjóðanna hefur staðfest, með rannsóknum á vettvangi, að efnavopnum hafi verið beitt gegn almenningi í úthverfum Damaskusborgar í síðasta mánuði.

Í skýrslu rannsóknarteymisins er ekkert fullyrt um hvort stjórnvöld eða uppreisnarmenn hafi notað efnavopnin en stjórnvöld í Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi hafa fullyrt að allt bendi til þess að það hafi verið sýrlenski stjórnarherinn sem stóð að þeim árásum.

Rússar hafa frá upphafi lýst miklum efasemdum um að Sýrlandsstjórn hafi átt hlut að máli og segja miklu meiri líkur á því að uppreisnarmenn hafi gert efnavopnaárásir og þá líklega í þeim tilgangi að koma sökinni á stjórnarherinn. - gb



**STRÍÐIÐ HELDUR ÁFRAM** Uppreisnarmenn æfa sig í Aleppo. NORDICPHOTOS/AFP

Morð framið í Aþenu:

## Húsleit var gerð hjá nýnasistum

**GRIKKLAND, AP** Lögregla réðst inn á skrifstofur Gylltrar dögunar í gær, eftir að liðsmaður þessa stjórnmálaflokks grískra nýnasista hafði verið handtekinn.

Hann er sakaður um morð á Pavlos Fyssas, rappara sem gagnrýnt hefur nýnasista. Fyssas var stunginn á götu fyrir utan kaffihús í Aþenu og lést skömmu síðar.

Vinstri jafnt sem hægri flokkar í Grikklandi hafa fordæmt morðið og efnt hefur verið til mótmæla í Aþenu og Þessalóníku. - gb

Faxaflóahafnir á Akranesi:

## Ferðaþjónusta styrkt í bænum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Stjórn Faxaflóahafna vill stuðla að hafnsækinni ferðaþjónustu á Akranesi. Félagið á húseignir við Faxabraut.

„Ef stuðla skal að ferðaþjónustu í Akraneshöfn er ljóst að breyta þarf notkun einhverra húsa á svæðinu, en sem stendur er ekki mikið líf í þeim byggingum sem liggja með Faxabraut,“ segir í minnisblaði sem lagt var fyrir stjórn Faxaflóahafna. Samþykkt var að auglýsa svokallað hafnarhús til sölu eða leigu undir veitingastarfsemi eða annað sem styrkir ferðaþjónustu. - gar



**FALIÐ Í TÚSS** Sterarnir sjást þarna gægjast út úr tússpennanum.

Sterar í tússpennum:

## Fundu stera frá Hong Kong

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri var handtekinn nýverið eftir að tollverðir fundu tugi tússpenna sem höfðu verið fylltir með steradufti. Tússpennarnir komu með sendingu frá Hong Kong og var hún stíluð á íslenskan einstakling.

Steraduftinu var komið fyrir í plastpokum sem faldir voru í pennunum. Lögreglan fór í húsleit í Kópavogi í kjölfarið og var þar lagt hald á töluvert magn af sterum, allnokkuð af skotfærum og búnað til lyfjaframleiðslu. - bl

# Tekist á um lögmæti skuldsettra yfirtakna í Hæstarétti

Fimm hæstaréttardómarar fjalla um mál manns sem sakar KPMG um að hafa svikið sig um 213 milljónir. Hann tapaði málinu í héraðsdómi. Á meðal ágreiningsefnanna er hvort skuldsettar yfirtökur séu löglegar.

**DÓMSMÁL** Tekist verður á um það fyrir Hæstarétti í næsta mánuði hvort skuldsettar yfirtökur og öfugur samruni séu lögleg eða ekki. Það er hluti af málatilbúnaði atvinnurekandans fyrrverandi Eyvindar Jóhannessonar í máli hans gegn endurskoðunarskrifstofunni KPMG að svo sé ekki.

Hæstiréttur hefur ákveðið að fimm dómarar skuli dæma málið. Í lögum um Hæstarétt segir að þrír dómarar geti skipað dóm í einkamáli „ef úrslit þess varða ekki mikilvæga hagsmuni“. Það hefur verið gert í miklum meirihluta einkamála undanfarin misseri.

Í málinu sem um ræðir krefur Eyvindur Jóhannesson, ríflega sextugur fyrrverandi eigandi fyrirtækisins Vinnulyfta, KPMG um 213 milljónir – um 300 milljónir með dráttarvöxtum – vegna aðildar fyrirtækisins að sölu Vinnulyfta árið 2007.

Eyvindur sakar KPMG um óheilindi og að hafa snuðað sig um féð þegar endurskoðunarskrifstofan hafði milligöngu um kaup annarra á fyrirtækinu.

Fulltrúar KPMG höfðu samband við Eyvind og sögðust vera með áhugasama kaupendur að fyrirtækinu. Sá kaupandi var fyrirtækið FS21 ehf., skúffufyrirtæki stofnað af og í eigu KPMG. Síðar kom í ljós að á meðal þeirra einstaklinga sem áttu eftir að eignast FS21 var einn af lykilstjórnendum Vinnulyfta.

„Stefnandi telur að stefndu hafi á öllum stigum kaupferlisins bakað sér bótaskyldu,“ segir í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í febrúar, þar sem KPMG og endurskoðendur þar voru sýknuð af kröfunum.

„Þá hafi stefndu leynt stefnanda mikilsverðum upplýsingum, unnið með lykilstarfsmönnum stefnanda á bak við hann, verið ófaglegir og óvandvirkir, virt að vettugi ákvæði laga og þá sérstaklega einkahlutafélagalaga og beinlínis unnið gegn hagsmunum hans eftir undirritun kaupsamnings,“ segir þar enn fremur. KPMG hafi „nýtt sér yfirburðastöðu sína gagnvart honum og vitað að hann treysti leiðsögn þeirra við hagsmunagæslu fyrir sína hönd“.

Eyvindur telur að KPMG hafi haft hlutverk löggilts fasteigna- og fyrirtækjasala í viðskiptunum og hafi því borið að gæta hagsmuna hans til jafns á við kaupandann. Þessu mótmæltu KPMG-menn – þeir hefðu eingöngu unnið fyrir kaupandann. Niðurstaða dómarans var að ósannað væri að lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa hefðu átt að gilda um KPMG í málinu.



**HÆSTIRÉTTUR** Deilan um söluna á Vinnulyftum er nú komin fyrir Hæstarétt. Þar verður tekist á um ýmis álitamál, meðal annars skuldsettar yfirtökur.

### Hvað er skuldsett yfirtaka?

Skuldsett yfirtaka og öfugur samruni er það kallað þegar félag slær lán til kaupa á öðru félagi og móðurfélagið er síðan látið renna inn í dótturfélagið ásamt skuldinni fyrir kaupunum. Þar með hefur félagið skipt um hendur en staða þess ekki breyst að nokkru leyti nema því að það er orðið mun skuldsettara fyrir vikið.

Viðskipti sem þessi hafa verið mjög umdeild og sögð hafa valdið íslensku efnahagslífi miklu tjóni. Ríkisskattstjóri og fleiri hafa lýst yfir efasemdum um lögmæti þeirra.

Þá telur Eyvindur einnig að hin skuldsetta yfirtaka hafi verið í ósamræmi við lög um einkahlutafélög, þar sem segir að fyrirtæki megi ekki lána fyrir kaupum í sjálfu sér, og gert það að verkum að fyrirtækið gat ekki staðið í skilum með greiðslur til hans þegar upp var staðið. Þessu mótmælti KPMG og sagði bankahrunið hafa leitt til gjaldþrots Vinnulyfta. Héraðsdómurinn taldi annað ósannað. Hæstiréttur fjallar hins vegar um málið 23. október. stigur@frettabladid.is






DEBENHAMS
Gerðu lífið skemmtilegra
HAUST SPRENGJA
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
NEMA 20% AFSLÁTTUR
AF SNYRTIVÖRUM
OPIÐ Í DAG FRÁ 11 TIL 21
OFURTILBOÐ
BARA Í DAG*
Mantaray
40% afsláttur af öllum herrafötum frá Mantaray
Pineapple
40% afsláttur af öllum dömu íþróttafötum frá Pineapple
OROBLU
ABC 40 den
Advanced Body Control
Aðhaldssokkabuxur
A - Minnka ummál maga
B - Móta vöxtinn
C - Halda að og lyfta
40% afsláttur af svörtum Oroblu ABC 40 Den aðhaldssokkabuxum
Úrval af dömunáttfötum á 40% afslætti
THE COLLECTION DEBENHAMS
redherring
40% afsláttur af öllum skóm frá Collection og Red herring
50% AFSLÁTTUR
AF NÝJU HAUSTLÍNUNNI FRÁ
DAY
BIRGER ET MIKKELSEN
*Á meðan birgðir endast
Finndu okkur á facebook
NÝTT KORTATÍMABIL
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

ARTHUR BOGASON HÆTTIR SEM FORMAÐUR LANDSSAMBANDS SMÁBÁTAEIGENDA

# Ætlar aftur á sjó og skrifa um lax

Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda, hyggst ekki gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku eftir 28 ára starf. Hann segir sambandið hafa unnið ótrúlega sigra á síðustu þremur áratugum og að samstaða félagsmanna þess hafi þar skilað mestu.



**Haraldur Guðmundsson**
haraldur@frettabladid.is

„Ég er búinn að lifa og hrærast í þessum félagsmálum í 28 ár og það er sama hversu þróttmikill og ákafur maður er, það kemur alltaf sá tími þegar það er betra að aðrir taki við og haldi baráttunni áfram,“ segir Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda.

Hann tilkynnti á sunnudag að hann hygðist ekki gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku en Arthur hefur verið formaður sambandsins frá stofnun þess 5. desember 1985. Arthur hefur á þeim tíma einnig komið að stofnun Samtaka strandveiðimanna í Norður-Atlantshafi og setið sem formaður Alþjóðasamtaka strandveiðimanna frá árinu 2004 til 2012.

### Samstaðan skilað mestu

Arthur var aðalhvatamaður að stofnun Landssambands smábátaeigenda. Hann kallaði saman undirbúningsfund í Reykjavík á þrítugsafmæli sínu þann 21. ágúst 1985, sem lagði grunninn að stofnun sambandsins. Þá hafði hann sjálfur verið til sjós meira og minna frá 14 ára aldri.

„Ég fór út í þessi félagsmál í þeim tilgangi að gera starfsumhverfi mitt og annarra trillukarla á Íslandi bærilegra. Á þeim tíma hefur sambandið unnið alveg ótrúlega sigra. Ég get nefnt sem dæmi að þegar við hófum þessa baráttu þá gaf þáverandi sjávarútvegsráðherra, Halldór Ásgrímsson, út reglugerð sem hljóðaði á þann veg að smábátaflotinn mætti einungis veiða um tíund af því sem hann veiðir í dag,“ segir Arthur.

Hann bendir einnig á að potturinn sem nú er ætlaður strandveiðum er í dag stærri en heildaraflaheimildir smábátaflotans voru árið 1985.

„Að auki hefur smábátaflotinn undanfarið tekið þátt í uppsjávarveiðum, með veiðum á makríl og síld, sem skila nokkrum þúsundum tonna á ári. Það er hrein viðbót við okkar veiðar. Þetta eru staðreyndir sem félagið er vonandi stolt af og að mínu mati hvatning fyrir félagsmenn til að halda áfram að vinna saman. Samstaðan hefur ævinlega skilað langmestu.“

Arthur segir Landssambandið í flestum tilfellum hafa talað fyrir almennum réttindum smábátaeigenda og látið allt sérhagsmunapot í friði.

„Við kröfðumst frjálsra veiða á stofnfundi sambandsins og gerðum þá almennu kröfu að smábátaveiðar yrðu látnar í friði frá öllu kvótaharki og niðurskurði þess tíma, sem hafði ekkert með smábátaflotann að gera. Þessi aðferðafræði sambandsins, að tala fyrir almennum réttindum, bjó til þessa sigra að mínu mati. Mér hefur hins vegar þótt draga úr samstöðunni á síðustu misserum og að menn innan sambandsins tali of mikið fyrir sérhagsmunum. Það er ekki mín stefna og hefur aldrei verið, þó ég hafi skilning á því að menn tali svona,“ segir Arthur.



**KÓNGUR Í RÍKI SÍNU** Arthur Bogason er spenntur fyrir því að geta aftur stundað þá trillusjómennsku sem hann lagði til hliðar fyrir um þremur áratugum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Langar að skrifa meira

Spurður um hvað taki við þegar hann lætur af störfum sem formaður segir Arthur að hann langi til að skrifa meira.

„Ég hef mjög gaman af því að setja saman texta og það er löngu ákveðið af minni hálfu að ég ætla að minnsta kosti að skrifa eina bók um laxveiði. Fiskar hafa heillað mig frá því ég man eftir mér og af einhverjum undarlegum ástæðum hefur þessi töframáttur þeirra aldrei runnið af mér. Ég hef tekið ástfóstri við laxinn, enda er hann einstaklega áhugaverð lífvera.“

Arthur segir einnig að sig langi að skrifa bók um fiskveiðar og fiskveiðistjórnun. Hann er sannfærður um að nálgun manna á nýtingu fiskistofna í dag sé röng.

„Mér er það algjört undrunarefni að margt prýðilega gefið fólk skuli hanga eins og hundar á roði á aðferðafræði og kenningum sem að mínu viti standast enga skoðun. Það er til dæmis mjög undarlegt að heyra aftur og aftur hvernig fiskifræðingar blanda vangaveltum um það hvað markaðurinn þolir við sínar ráðleggingar. Þorskurinn er ekkert að pæla í þessum fjandans markaði. Hann fer eftir allt öðrum lögmálum.“ segir Arthur.

> **Það er til dæmis mjög undarlegt að heyra aftur og aftur hvernig fiskifræðingar blanda vangaveltum um það hvað markaðurinn þolir við sínar ráðleggingar. Þorskurinn er ekkert að pæla í þessum fjandans markaði. Hann fer eftir allt öðrum lögmálum.**

Hann segir einnig að sig langi til að stunda þá trillusjómennsku sem hann þurfti að leggja til hliðar þegar hann hóf störf sem formaður. Arthur á 25 ára gamla trillu, Dagbjörtu, sem heitir eftir þrettán ára gamalli dóttur hans.

„Þegar þessi félagsmálavinna framlengdist alltaf hjá mér þá þurfti ég fyrir rest að taka ákvörðun um hvort ég vildi sinna henni eða vera á sjó. Ég var það galinn að halda að ég gæti alltaf hoppað aftur út á sjó ef félagsmálin yrðu leiðinleg eða misstu tilgang sinn í mínum augum. Það reyndist mikill misskilningur því það er ekki hlaupið inn í sjávarútveginn, hvorki fyrir mig né aðra. En nú ætla ég að fara í fleiri róðra en ég hef gert undanfarin ár og vera eins og sannur smábátaeigandi, kóngur í mínu ríki.“

## Fyrrverandi kraftlyftingakappi

Arthur Bogason fæddist á Akureyri þann 21. ágúst 1955. Hann fór snemma til sjós og var bæði á smábátum og stærri skipum þangað til hann var kjörinn formaður Landssambands smábátaeigenda þrítugur að aldri. Arthur keppti áður í kraftlyftingum og bjó um tíma í Dayton í Ohio þar sem hann æfði íþróttina. Hann setti meðal annars tvö Evrópumet í kraftlyftingum.



**STERKUR** Arthur setti á sínum tíma tvö Evrópumet í kraftlyftingum.




Ríkisstjórnin styrkir:

# Tólf milljónir til Árnastofnunar

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt styrkveitingu að upphæð tólf milljónir króna til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Styrkurinn er veittur vegna hátíðarhalda og ýmissa verkefna í tilefni af því að í nóvember eru 350 ár liðin frá fæðingu Árna Magnússonar.

Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu segir að arfleifð Árna varði tungu, bókmenntir og menningu þjóðarinnar en hann helgaði ævi sína fræðistörfum og söfnun handrita. - bl

Maður hefur verið kvaddur til þess að mæta fyrir dóm vegna fjársvika í gegnum samskiptavef:

# Ákærður fyrir 200.000 króna svik á bland.is

**DÓMSMÁL** Karlmaður fæddur árið 1989 hefur verið ákærður fyrir umsvifamikil fjársvik á vefsíðunni bland.is, sem áður hét Barnaland. Auglýsing birtist í Lögbirtingablaðinu í gær þar sem maðurinn var kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Maðurinn er ákærður fyrir að hafa svikið rúmlega tvö hundruð þúsund krónur út úr fimm einstaklingum á vefsíðunni í febrúar á þessu ári. Svo virðist sem hann hafi auglýst vörur á síðunni en ekki staðið við viðskiptin. Meðal annars á hann að hafa svikið 25 þúsund krónur út úr konu sem hugðist kaupa af honum Kitchen aid hrærivél. Konan greiddi fyrir vöruna, en maðurinn skilaði aldrei hrærivélinni til hennar.

Maðurinn endurtók leikinn þegar hann seldi manneskju kraftgalla fyrir tólf þúsund krónur. Þá er hann ákærður fyrir að hafa svikið þrjá til viðbótar.

Sæki maðurinn ekki dómsþing, sem fram fer í lok október, má hann búast við því að verða handtekinn og færður fyrir dóm. - vg



**SÖLUTORG BLAND. IS** Vefsíðan er vinsæl sölusíða fyrir notaða hluti.

Fyrirtæki úti á landi styrkt:

# 170 milljónir í jöfnunarstyrki

**STJÓRNSÝSLA** Greiddar hafa verið tæplega 170 milljónir króna í svokallaðan flutningsjöfnunarstyrk á þessu ári, samkvæmt vef atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins.

Markmiðið er að styðja framleiðsluiðnað og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því að jafna kostnað framleiðenda við flutning á vörum sínum.

Fyrirtæki á Norðurlandi eystra fengu mest í sinn hlut, eða rétt tæplega 100 milljónir króna. Vestfirðir komu þar næst með tæplega 40 milljónir og Norðurland vestra með rúmlega 20 milljónir. - vg



**REYKJAVÍKURHÖFN** Kör voru víða skítug.

Könnuðu hafnir á landinu:

# Löndunarkör víða skítug

**MATVÆLAÖRYGGI** Matvælastofnun skoðaði tuttugu hafnir af u.þ.b. sextíu sem við landið eru og fengu flestar þeirra nokkuð góða einkunn. Yfirleitt var umgengni um löndunarsvæðið góð, löndunarbúnaður hreinn og vatn til þrifa aðgengilegt.

Mesta þörf á úrbótum er hins vegar við þrif á löndunarkörum. Þrifnaði á löndunarkörum var almennt ábótavant að mati Matvælastofnunar. Algengast var að löndunarkör á höfnum, sem merkt eru Umbúðamiðlun, væru óhrein og að þau væru ekki þrifin fyrir notkun. - vg






FERÐAÞJÓNUSTA: HVERT Á AÐ BEINA KRÖFTUNUM VIÐ MARKAÐSSETNINGU?

# Risamarkaður handan við hornið

**Í Evrópu veltir markaður fyrir ráðstefnur, fundi og hvataferðir um 30.000 milljörðum íslenskra króna. Tuttugasti hluti úr prósenti af þeim markaði skilar Íslandi 16 milljörðum. Sérfræðingur segir að Reykjavík geti komist í hóp tíu vinsælustu ráðstefnuborga heims innan fárra ára.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Markaðssetning og skipulagsvinna í íslenskri ferðaþjónustu næstu árin á að snúast um það að fá hingað til lands ferðamenn með meiri kaupgetu og leggja til hliðar gömul markmið um milljón ferðamenn eða tvær.

Þetta er ein meginniðurstaða ráðgjafafyrirtækisins Boston Consulting Group (BCG), sem kynnti hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu rannsóknir sínar á ráðstefnunni Framtíð íslenskrar ferðaþjónustu í Hörpu í liðinni viku. Það var mál manna á ráðstefnunni að til þess að laða efnameiri ferðamenn til landsins þyrfti að koma til mikil fjárfesting í innviðum ferðaþjónustunnar í víðum skilningi, og það til lengri tíma.

### Milljónir á fundi

Rökrétt næsta skref virðist hins vegar handan við hornið og lýtur að gríðarstórum hópi fólks sem sækir alþjóðlegar ráðstefnur og fundi hvers konar á hverju ári.

Í skýrslu BCG segir að þessi hópur ferðamanna hafi meira aðdráttarafl fyrir Ísland en allir aðrir hópar. Ástæðan er einföld. Þeir eyða meiru á ferðalagi en aðrir markhópar og þar munar miklu. BCG segir að þjónusta við þennan hóp ferðamanna sé rétt að slíta barnsskónum á Íslandi en stór skref hafi hins vegar verið tekin að undanförnu og er tvennt nefnt; bygging Hörpu og stofnun markaðsfyrirtækisins Meet in Reykjavík (Ráðstefnuborgin Reykjavík). Að fyrirtækinu standa Reykjavíkurborg, Harpa og Icelandair Group sem kjölfestuaðilar, ásamt fjölda annarra aðildarfélaga sem þjónusta þennan markað eða njóta góðs af aukinni markaðssetningu á einn eða annan máta.

Þorsteinn Örn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Meet in Reykjavík, segir að markmið fyrirtækisins falli vel að boðskap BCG en með þeirri undantekningu, miðað við marga aðra hópa ferðamanna, að innviðirnir eru þegar til staðar til að auka hlutdeild Íslands í þeim risamarkaði sem hér um ræðir. „Þessi ferðamaður, ráðstefnugesturinn, er oftar en ekki að koma hingað þegar verksmiðjan er tóm, svo að segja. Þessi hópur er að koma utan háannar en er hins vegar að skilja margfalt eftir miðað við marga sem hingað koma í júlí og fylla að mestu tölfræðina yfir ferðamenn á Íslandi. Við erum tilbúin til að taka á móti mun fleirum úr þessum hópi þess vegna. Á kjörtíma þessara ferðalanga er pláss á hótelum og framboð af þjónustu sem annars er illa nýtt.“

Á þetta atriði benda sérfræðingar BCG sérstaklega. Þó að þessi hópur sé ekki líklegur til að verja miklum tíma utan suðvesturhluta landsins sé hann mikilvægur við að dreifa aðsókn ferðamanna yfir árið. BCG nefna einnig að líklega sé þessi hópur ferðamanna um 7% af öllum sem heimsækja landið. Árið 2011 hafi aðeins verið 33 viðburðir sem teljist til alþjóðlegra ráðstefna en borgir eins og Amsterdam, Búdapest, Stokkhólmur og Kaupmannahöfn fái árlega um og vel yfir 100 slíka viðburði.

### Um hvað er að tefla?

Markaður fyrir ráðstefnur, fundi og hvataferðir í Evrópu veltir um 30.000 milljörðum króna á þessu ári, er gróft mat Meet in Reykjavík. Þorsteinn segir möguleikana kristallast í þessum stærðum og að smá leikur að tölum skýri það enn betur. Íslenski markaðurinn þyrfti einungis að fá um 0,05% (einn tuttugasta úr prósenti) af þessari köku til að skila veltuaukningu upp á tæplega 16 milljarða króna á ári.

Meðaleyðsla ráðstefnu- og hvataferðagesta er að minnsta kosti tvöfalt meiri en hjá öðrum ferðamönnum og er áætluð yfir 60 þúsund krónur á dag. Í ljósi þess hvað hér er um stóran markað að ræða telur Meet in Reykjavík afar raunhæft að hlutur Íslands fari hratt stækkandi – og 0,05% af kökunni gætu verið ágætis byrjun.

### Hvað er í veginum?

Þorsteinn segir að ýmis ljón séu í veginum. Helst sé að nefna að vinna á áhættufælni þeirra fáu og stóru aðila sem annast undirbúning alþjóðlegra ráðstefna. „Einn stærsti þröskuldurinn er að gera þeim grein fyrir hversu góð aðstaða er á Íslandi. Við erum að skipta við aðila sem þekkja stóru borgirnar og vita að hverju þeir ganga þar. Menn telja sig vita allnokkuð um Ísland en vita samt ekki nógu mikið. Sumir vita hversu háþróað íslenskt samfélag er en aðrir halda að við búum í snjóhúsum og allt þar á milli. Þeir sem eru snjóhúsamegin á skalanum eru mjög áhættufælnir, enda skiptir viðkomandi öllu máli að þúsund manna ráðstefna takist vel. Okkar vinna snýst því um að komast í samband við þessa aðila, sem eru tiltölulega fáir en stórir, og virkilega útskýra að áhættan er ekki til staðar,“ segir Þorsteinn.

Vinna Þorsteins og félaga snýst um að markaðssetja Reykjavík fyrst og síðast. „Ég er þeirrar skoðunar að möguleikarnir séu óendanlegir þegar viss grundvöllur hefur verið lagður. Ekkert er þá til fyrirstöðu að komur þessara ferðamanna dreifist um landið.“

### Lítið vitað

Þegar Þorsteinn er spurður hvert markmið Meet in Reykjavík er við fjölgun á þessum hópi ferðamanna kemur hann inn á aðkallandi vanda íslenskrar ferðaþjónustu. „Það hafa verið afar litlar rannsóknir á þessum hluta ferðaþjónustunnar hér á Íslandi. Til að vita hvaða aðferðir henta okkur best þarf rannsóknir. Til að marka skýr markmið verður maður að vita hvar maður er. Öðruvísi sér maður ekki árangur erfiðisins. Við teljum að hægt sé að ná mun stærri hlutdeild á þessum markaði og þetta sem ég nefndi, 0,05 prósent, er langt undir því sem við teljum okkur eiga inni,“ segir Þorsteinn.



**„Ég er þeirrar skoðunar að möguleikarnir séu óendanlegir þegar viss grundvöllur hefur verið lagður. Ekkert er þá til fyrirstöðu að komur þessara ferðamanna dreifist um landið.**

Þorsteinn Örn Guðmundsson,
*framkvæmdastjóri Meet in Reykjavík*



**Á RÁÐSTEFNU** Í júní komu 2.500 tannréttingafræðingar saman í Hörpu til skrafs og ráðagerða. Formaður framkvæmdanefndarinnar, Jonathan Sandler, segir að Reykjavík geti orðið ein af tíu vinsælustu ráðstefnuborga heims; hér sé allt til staðar til að svo megi verða. MYND/EYÞÓR ÁRNASON

## → Glöggt er gests augað

Jonathan Sandler, sérfræðingur í skipulagningu á stórum alþjóðlegum ráðstefnum, telur að Reykjavík eigi góða möguleika á því að komast á lista yfir topp 10 áfangastaði fyrir ráðstefnur og fundi í heiminum. Jonathan var formaður framkvæmdanefndar 2.500 manna ráðstefnu tannréttingafræðinga sem haldin var í Hörpu í júní.



**JONATHAN SANDLER**

Eftir ráðstefnuna í Hörpu sagði hann meðal annars í viðtali. „Ég tel að Reykjavík verði fljótt komin í hóp tíu vinsælustu áfangastaða fyrir alþjóðlegar ráðstefnur, vegna þess hvað þið búið við ótrúlega hagkvæmar og skilvirkar aðstæður. Ég tel að hér verði óviðjafnanlegur áfangastaður fyrir ráðstefnur innan fárra ára um leið og þeir sem standa að alþjóðlegum ráðstefnum frétta af þessum frábæra áfangastað.

Reykjavík er fullkomin vegna þess hvað borgin er lítil og auðveld yfirferðar og með þessa heimsklassa ráðstefnumiðstöð í hjarta hennar. Hér er hægt að komast allt fótgangandi og notfæra sér þessar frábæru aðstæður.“

www.volkswagen.is




*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskiptur.
Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Volkswagen Caddy

Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Caddy* kostar aðeins frá
3.090.000 kr.
(2.462.151 kr. án vsk)

Atvinnubílar

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# DEWALT HÖRKUTÓL
## á heima hjá Sindra



10,8V Hleðsluborvél
Patróna 10mm
LED Ljós
Rafhlaða:2 x 1,5Ah Li-Ion
Þyngd: 1,1Kg
Gírar:2

**KR. 29.900.-**



18V Hleðsluborvél
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2* 4,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,84 kg
Gírar: 2
Led ljós

**KR. 59.900.-**



18V Hleðsluborvél
Patróna:13 mm
Rafhlaða: 2* 4,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,88 kg
Gírar: 2
Led ljós
M/ höggi

**KR. 69.900.-**



3 Línu laser
Sjálfstillandi
Þyngd: 0,8kg
4 x AA rafhlöður
Nákvæmni
+/- 0,3mm/m
Sterk taska fylgir

**KR. 79.900.-**



Höggborvél m/meitlun
Max bor:22mm
Afl:650W,
Kraftur:2,4j
Sn/min:0-1550
Þyngd:2,3kg

**KR. 29.900.-**



2 línu laser
Sá allra vinsælasti.
Virkar núna á
mótttakara
Þyngd: 0,46kg
3 x AA rafhlöður
Veggfesting
Nákvæmni +/- 0,3m

**KR. 39.900.-**



Herlsuvél 18V XR 1/2
Bitastærð: 1/2"
Rafhlöður: 2* 4,0 Ah Li-Ion
Hersla: 203 Nm
Afl: 250 W
Þyngd: 1,54 kg
3 led ljós

**KR. 87.900.-**



Slípirokkur
Afl : 850 W
Skífur : 125mm
Sn/mín : 10.000
Þyngd : 2,1 kg

**KR. 13.900.-**



Hersluvél 18V XR H
Rafhlöður 2 x 4,0 Ah Li-Ion
Hersla: 56/100/170 Nm
hraði: 0-950/ 0-1900/0-2850
3 led ljós
Bitahaldari 1/4" Hex
Afl: 290W
Þyngd:1,7 kg

**KR. 89.900.-**



Geirungssög m/skuggalínu
Afl:1675W
Snú/mín: 1900-3800
Blað: 305mm

**KR. 189.900.-**



Veltisög 305mm
Afl:2000W
Blað:305mm
Halli:48°
Gráður: 48°/48°
Þyngd:40 kg

**KR. 189.900.-**



Sleðasög
Afl:1300W
Blað:165mm
Þyngd:5,1Kg
1,5m Sleði fylgir

**KR. 99.900.-**

**SINDRI**

Viðarhöfði 6 - Reykjavík | Bæjarhraun 12 - Hafnarfirði

www.sindri.is | sími 575 0000




Vnr. 83004222
HARRIS rúlla, bakki
og penslasett.
**1.290 kr.**



Vnr. 83072110-30
HARRIS EXPERT
penslar, 25, 38,
50 eða 75 mm.
Verð frá:
**329 kr.**

Vnr. 83001994
HARRIS Extra Plus
penslasett, 3 penslar.
**690 kr.**

**2,5 LÍTRAR**




Vnr. 85540025
BYKO innimálning,
gljástig 10, ljósir litir, 2,5 l.
**2.490 kr.**

**HÁGÆÐA LYKTARLAUS INNIMÁLNING SEM ÞEKUR MJÖG VEL**



Vnr. 42376665
Trappa með
tveimur þrepum.

BYKO KLÚBBURINN
**KLÚBB verð 2.990 kr.**
Almennt verð 3.990 kr.



Vnr. 67079062
Hjólatjakkur, 2 búkkar
og 2 stopparar.

BYKO KLÚBBURINN
**KLÚBB verð 7.990 kr.**
Almennt verð 10.990 kr.

## VERÐVERND BYKO
# LÆGRA VERÐ

**Einhell®**

Vnr. 74800200
EINHELL límbyssa BT- GG 200.
4 stautar fylgja, 11 mm þykkir.
**1.990 kr.**




**Einhell®**




Vnr. 74804108
EINHELL rafhlöðu-
skrúfjárn, 4,8V.
**1.990 kr.**

**DREMEL**




Vnr. 74780295
DREMEL föndurfræsari, 125W,
7 fylgihlutir, 2 hraðastillingar.
**9.495 kr.**



Vnr. 74802240
BAVARIA BJS stingsög, 400W.
**2.190 kr.**

**ÞRIFIN VERÐA AUÐVELDARI!**



Vnr. 40056590
PICOSPRAY moppa
með sápuhólfi, 26 cm.
**4.990 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.




# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

facebook.com/BYKO.is



Vnr. 41120053
Gluggaþvara, 31 cm.
**399**kr.



Vnr. 41310452
Gler- og yfirborðshreinsir, hreinsar spegla, rúður, glerjaðar flísar, ryðfrítt stál, málaða fleti o.fl. án þess að skilja eftir tauma, 750 ml.
**699**kr.



Vnr. 58004008
Skúringafata. 10 l.
**399**kr.



Vnr. 41487104
Salernispappír, 25 m, 64 stk.
**2.990**kr.

Vnr. 41487105
Eldhúsrúllur, hvítar, 32 stk.
**2.890**kr.



Vnr. 38910030
SMARTY járnhillur, 138x70x30 cm.
**2.990**kr.



Vnr. 38910043
Járnhilla fyrir dekk, 200x100x35 cm.
**3.990**kr.



Vnr. 38913500
Járnhillur með tréplötum, 45x90x180 cm.
**9.990**kr.



Vnr. 58094101/40/501
Geymslubox, 7 l, 12 l eða 24 l með smelluloki.
Verð frá:
**799**kr.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa




**ÞJÓFAR Í FLÓÐUM Í MEXÍKÓ** Bíræfnir menn bera varning sem þeir hafa stolið úr stórmarkaði í Acapulco í Mexíkó, þar sem mikið úrhelli hefur verið með flóðum sem kostað hafa tugi manna lífið frá því að fárviðri gekk þar yfir um helgina. NORDICPHOTOS/AFP




**SKEMMDIR Á SKEMMTIFERÐASKIPI Á ÍTALÍU** Eftir að skemmtiferðaskipið Costa Concordia hafði verið reist við komu í ljós miklar skemmdir á þeirri hlið sem legið hafði í kafi við strendur Toskana-héraðs á Ítalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# ÁSTAND HEIMSINS







**FYRRVERANDI TAMÍLTÍGRAR GIFTA SIG Á SRÍ LANKA** Grænklæddur snyrtifræðingur leggur lokahönd á hárskraut brúðarinnar Jeyarasa Mary á Srí Lanka. Hún er fyrrverandi liðsmaður Tamíltígranna, uppreisnarliðs Tamíla á eyjunni. Þrjú pör gengu í hjónaband samtímis og eru fimm af sex einstaklingum athafnarinnar fyrrverandi uppreisnarmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**NÁMSMENN MÓTMÆLA Í GRIKKLANDI** Nemendur í framhaldsskóla í Aþenu styðja kennara sína, sem eru í tveggja sólarhringa verkfalli rétt eins og margar aðrar stéttir í Grikklandi þessa vikuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**OPINBER HEIMSÓKN UNDIRBÚIN Í KÍNA** Kínverskir hermenn og embættismenn mæla út fyrir staðsetningu heiðursvarðar rétt áður en Xi Jinping forseti tók á móti Abdúllah Jórdaníukonungi í Alþýðuhöllinni í Peking. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**NÝR FORSÆTISRÁÐHERRA Í ÁSTRALÍU** Tony Abbott, nýr forsætisráðherra Ástralíu, tekur í höndina á Quentin Bryce ríkisstjóra eftir að hafa svarið embættiseið sinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

LAMPAÚRVAL
MÚR BÚÐAR VERÐ

Ryco LDL-MD418A lampi
m. grind 4x18W T8 62x60x8 cm
með perum
7.990

Ryco LCB-T5003 T5 lampi
13W með 1,8 m snúru 59 cm
með peru
2.590

Ryco LCL-M2 T8 lampi
2x36W 113 cm IP30
með perum
7.990

Ryco LCL-M1036 T8/G13
lampi 36W 122 cm
með peru
2.490

Ryco LDL-MD236A
lampi m.grind 2x36w T8
122x30x7,5cm með perum
6.990

Ryco lampi með perum
hvítur spegill 2x36W
4.690

Klettháls Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Vestmannaeyjum

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is




**GUÐINN MEÐ FÍLSHÖFUÐIÐ Á INDLANDI** Hópur manna ber líkneski af guðinum Ganesha, sem er með fílshöfuð, á trúarhátíð í Múmbaí. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

olís DEILDIN

# Gríptu gleðina!



## Olís-deildin í handbolta hefst í kvöld

Olís verður aðalstyrktaraðili Íslandsmóts karla og kvenna í handbolta næstu þrjú ár. Við göngum með ánægju til þessa samstarfs við HSÍ og hlökkum til að efla þjóðaríþróttina enn frekar. **Vertu með í vetur og gríptu gleðina!**

olís

### FYRSTA UMFERÐ Í OLÍS-DEILD KARLA

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Akureyri - Fram** | fim. 19. sept. | 19.00 | Höllin Akureyri |
| **HK - FH** | fim. 19. sept. | 19.30 | Digranes |
| **Valur - Haukar** | fim. 19. sept. | 20.00 | Vodafonehöllin |
| **ÍR - ÍBV** | lau. 21. sept. | 17.00 | Austurberg |

### FYRSTA UMFERÐ Í OLÍS-DEILD KVENNA

| | | | |
|---|---|---|---|
| **FH - Fram** | fös. 20. sept. | 19.30 | Kaplakriki |
| **Valur - ÍBV** | lau. 21. sept. | 13.30 | Vodafonehöllin |
| **Selfoss - KA/Þór** | lau. 21. sept. | 13.30 | Selfoss |
| **Afturelding - Fylkir** | lau. 21. sept. | 13.30 | N1 höllin |
| **Grótta - HK** | lau. 21. sept. | 16.00 | Hertzhöllin |
| **Haukar - Stjarnan** | lau. 21. sept. | 16.00 | Schenkerhöllin |

HSÍ

PIPAR\TBWA-SÍA · 132656

# Fjölmenningin í tölum

Fjölmenningarsetrið á Ísafirði hefur í þriðja sinn birt tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi. Ari Klængur Jónsson leiðir þar í ljós að á stuttum tíma hefur litróf samfélagsins tekið stakkaskiptum. Eins og Svavar Hávarðsson og Jónas Unnarsson komust að er að mörgu að hyggja við að kortleggja framlag þessa stóra hóps og þær áskoranir sem við honum blasa.

**8%**

**ALLRA BARNA** á Íslandi, á aldursbilinu 0-4 ára, teljast til annarrar kynslóðar innflytjenda.



**11%** Frá aldamótum hefur fjöldi leikskólabarna með erlent ríkisfang sjöfaldast. Ellefu af hundraði leikskólabarna eru með erlent móðurmál.

Fjöldi barna með erlent móðurmál í grunnskólum landsins hefur sjöfaldast frá árinu 2007. Í dag eru þau 6% allra grunnskólabarnanna, 2.663 talsins. **2.663**

**80%** Um 80% barna með innflytjendabakgrunn hófu nám í framhaldsskóla árið 2010 samanborið við 96% barna með engan erlendan bakgrunn. Hlutfallslega ljúka mun færri innflytjendur framhaldsskólanámi en íslenskir jafnaldrar þeirra.




**AF EINSTAKA RÍKJUM** eru flestir erlendu ríkisborgararnir frá Póllandi, 9.363 einstaklingar í byrjun árs 2013, sem gerir 44% allra erlendra ríkisborgara á Íslandi. Pólverjar eru 3% landsmanna.

**3%**

**PÓLVERJAR** voru 56% allra útlendinga á atvinnuleysisskrá í júní 2013 en atvinnuleysi meðal Pólverja er í kringum 15% samanborið við 4% atvinnuleysi meðal Íslendinga.

**56%**




Hæsta hlutfall innflytjenda af íbúum tiltekins svæðis er að finna á Vestfjörðum og Suðurnesjum. Peir eru hins vegar langflestir til heimilis á höfuðborgarsvæðinu, eða tveir af hverjum þremur innflytjendum á Íslandi.

**Í BYRJUN ÁRS 2013 VORU INNFLYTJENDUR 25.926** talsins og 29.130 ef börn þeirra sem fædd eru á Íslandi eru talin með. Það þýðir að 9,1% landsmanna er annaðhvort innflytjandi eða af annarri kynslóð innflytjenda.

Grafík/Jónas

**1/3** **Þriðjungur þeirra kvenna sem leituðu í Kvennaathvarfið á síðasta ári hafði erlent ríkisfang.**

Hlutfall kvenna af erlendum uppruna sem leita til Kvennaathvarfsins er mun hærra en hlutfall þeirra af íbúafjölda ætti að segja til um, en um sjö af hundraði kvenna á Íslandi eru erlendir ríkisborgarar og tæplega 9% kvenna eru innflytjendur. Í ársskýrslu Kvennaathvarfsins segir hins vegar að þetta háa hlutfall gefi ekki endilega vísbendingu um að þær séu frekar beittar ofbeldi en íslenskar kynsystur sínar. Ástæðuna megi frekar rekja til þess að erlendar konur geti síður leitað til ættingja og vina en þær íslensku og hafi þannig í færri hús að vernda.

**10.000.000.000 KRÓNUR**

**Gróflega má áætla að erlendir ríkisborgarar skili töluvert meira í ríkiskassann en þeir fá úr honum miðað við tölur frá Ríkisskattstjóra, en erlendir ríkisborgarar með skattalega heimilisfesti á Íslandi greiddu tæplega 10 milljarða króna í skatta á síðasta ári.**



Árið 2010 voru að meðaltali 26 erlendir einstaklingar í afplánun eða gæsluvarðhaldi dag hvern, 23 árið á undan og 24 árið þar áður. Ef aftur á móti er horft til fyrstu ára síðasta áratugar voru að meðaltali fjórir einstaklingar í afplánun eða gæsluvarðhaldi dag hvern árið 2000 og tólf árið 2001.

**FJÁRFRAMLÖG TIL MÁLEFNA INNFLYTJENDA**

Stærstur hluti þess fjár sem lagður er í málaflokkinn á fjárlögum rennur til íslenskukennslu, en í ár nam fjárhæðin rúmlega 131 milljón króna, samanborið við 127,7 milljónir króna og 120,9 milljónir króna árin á undan. Tæpar 40 milljónir króna voru settar í innflytjendaráð og í starfsemi vegna móttöku flóttamanna, og 30 milljónir króna voru eyrnamerktar Fjölmenningarsetri. Samtals nam fjárhæðin í fjárlögum ársins 2013 alls 199,1 milljón króna.



Í byrjun árs voru allt að því jafnmargar konur og karlar með erlent ríkisfang búsett á landinu. Það er mikil breyting frá því í byrjun árs 2008 þegar yfir 5.000 fleiri erlendir karlar en konur voru búsettir hér.



**1.167%**

**FJÖLDI EINSTAKLINGA með erlent ríkisfang sem fá greidd námslán hefur aukist ár frá ári, eða um 1.167% frá því 2002.**

**Heildartekjur erlends karlmanns árið 2012 voru 3,5 milljónir króna en 2,5 milljónir hjá konum með erlent ríkisfang.**

♂ **3,5 MILLJÓNIR KRÓNA**

♀ **2,5 MILLJÓNIR KRÓNA**




**PAÐ FJÁRMAGN sem sett er í málefni innflytjenda í fjárlögum hefur minnkað umtalsvert síðan 2008. Með mikilli einföldun mætti setja það þannig upp að árið 2008 hafi tæplega 21.000 krónum verið varið í hvern erlendan ríkisborgara á landinu, samanborið við 9.000 krónur árið 2013.**



# ÚTSALA

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!

## Meiri verðlækkun

### enn meiri verðlækkun af völdum vörum!

MEIRI VERÐLÆKKUN MÁLNING 25% AFSLÁTTUR!

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 9.995
NÚ 7.496 kr.
þú sparar: 2.499 kr

**Polytex 10 ltr.**
Veggmálning innanhúss.
7119970

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 11.395
NÚ 8.546 kr.
þú sparar: 2.849 kr

**Jota Proff 10 ltr.**
Veggmálning innanhúss.
7119866

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 11.995
NÚ 9.595 kr.
þú sparar: 2.400 kr

**Ryksuga Nilfisk Buddy**
ryksugar blautt og þurrt, 15 ltr.
5254380
NILFISK

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 15.995
NÚ 10.995 kr.
þú sparar: 5.000 kr

NILFISK
**Háþrýstidæla C105.6-5**
105bar, 5m slanga. 440ltr/klst.
5254249

BÚSÁHÖLD 30-50% AFSLÁTTUR!

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 10.990
NÚ 6.990 kr.
þú sparar: 4.000 kr

**Eldhúshnífar**
Litaðir 5 stk.
2000874

Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 92.900
NÚ 73.990 kr.
þú sparar: 18.910 kr

**Þvottavél Electrolux**
EWP1064TDW, 1000 snúninga, 6 kg.
1805656

Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 99.900
NÚ 79.900 kr.
þú sparar: 20.000 kr

**Þurrkari Electrolux**
EDE77550W, með barka og rakaskynjara.
1805423

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 13.995
NÚ 9.795 kr.
þú sparar: 4.200 kr

BLACK & DECKER
**Rafhlöðuborvél 12V**
EPC12CAB 2 rafhlöður.
5245999

ÚTIVISTAR FATNAÐUR 30-50% AFSLÁTTUR!

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 13.990
NÚ 6.000 kr.
þú sparar: 7.990 kr

**Vetrarúlpur True North**
XS-2XL. Margir litir.
5871653/5871785

PARKET 20% AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 1.449
NÚ 1.159 kr/m²

**Eik 3ja stafa, 6 mm**
Austurískt gæða harðparket frá Egger.
146937

SPRENGI TILBOÐ! fimmtudag-sunnudags

ERIKA 3 stk. aðeins 999kr

## Lagerhreinsun markaður í Skútuvogi

**Flísar • Parket • Fatnaður**
**Málningarvörur • Festingavörur**
**Handverkfæri • Hreinlætistæki**
**Baðfylgihlutir og margt fleira.**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

Birt með fyrirvara um myndavíxl og innsláttarvillur

## Starfsmenn borgi sjálfir fyrir reykpásur í vinnutíma



Starfsmenn fjarskiptafyrirtækisins TDC í Danmörku verða frá og með 1. október að greiða sjálfir fyrir reykpásur í vinnutíma láti þeir sé ekki nægja að reykja í hádegishléinu og í öðrum skipulögðum hléum. Ætlast er til að reykingamenn semji við yfirmann sinn um hvernig greiðslunni fyrir reykingahlé verði háttað, til dæmis með því að dregin verði frá, fyrir hverja sígarettu, laun fyrir 15 mínútur. Í frétt á vef danska ríkisútvarpsins segir að ekki megi lengur reykja í bílum fyrirtækisins. Viðbrögð starfsmanna hafa verið misjöfn.

## Sænskt bílatímarit segir Toyota með lélega ryðvörn



Sænska bílatímaritið Vi Bilägare hefur í 15 ár látið kanna ryðvörn í nýjum bílum. Undanfarin þrjú ár hafa allar gerðir af Toyota-bílum fengið lélega einkunn, að því er segir á fréttavef norska blaðsins VG sem vitnar í tímaritið. Talsmaður Toyota í Noregi gagnrýnir framkvæmd rannsóknarinnar og bendir á að hún sé gerð af fyrirtæki sem sjálft sjái um ryðvörn. Áhersla sé lögð á aukaryðvörn án þess að taka nægilegt tillit til stálsins og þeirrar meðhöndlunar sem það hefur fengið. Undanfarin fimm ár hafa Audi, BMW, Opel, Renault, Volkswagen og Volvo komið best út úr rannsókninni.

## ESB varar við hættulegu efni í teflonpönnum



Eiturefnið PFOA er nú á lista Evrópusambandsins yfir efni sem þykja sérstaklega varasöm. Efnið hefur verið notað við framleiðslu svokallaðra teflonpanna, fatnaðar sem hrindir frá sér vatni, í gardínur og skíðaáburð svo eitthvað sé nefnt. Grunur leikur á að efnið geti meðal annars skaðað sæðisfrumur og fóstur. Þótt ekki sé lengur venja að nota PFOA við framleiðslu á nýjum pönnum eiga væntanlega margir gamla teflonpönnu með efninu. Þegar gamlar teflonpönnur hitna mikið getur efnið losnað úr læðingi. Þess vegna ætti ekki að spæla egg á þeim eða nota þær við aðra matreiðslu.

Yfir þrjú þúsund erindi til Neytendasamtakanna:

# 736 erindi bárust vegna húsaleigu

Fyrstu sex mánuði þessa árs bárust Neytendasamtökunum 3.160 erindi. Þar af voru 736 erindi vegna húsaleigu og 46 tengd Evrópsku neytendaaðstoðinni. Hin erindin voru ýmist kvartanir eða fyrirspurnir vegna kaupa á vöru eða þjónustu (1.849 erindi) og almenn erindi til Neytendasamtakanna (529 erindi) sem vörðuðu t.a.m. gæða- og markaðskannanir eða efni í Neytendablaðinu.

Alls bárust rúmlega 900 erindi vegna kaupa á vöru. Á vef Neytendasamtakanna segir að langmest hafi verið kvartað vegna kaupa á tölvum og farsímum eða í 176 tilvikum. Oftast töldu neytendur tölvuna eða farsímann gallaða vöru. Næstflestar kvartanir voru vegna matvæla en kvartað var jöfnum höndum vegna gæða, verðs og verðmerkinga, auk þess sem nokkuð var um fyrirspurnir um umhverfis- og hollustumerkingar.

Erindi vegna þjónustu voru tæplega 900 á fyrri helmingi ársins. Langflest voru vegna fjármála- og innheimtufyrirtækja en þar á eftir koma erindi vegna iðnaðarmanna og símafyrirtækja. Erindin vegna fjármála- og innheimtufyrirtækja voru flest um skilmála þeirra en einnig var nokkuð spurt um seðilgjöld, innheimtuhætti og þjónustugjöld. Fyrirspurnir og kvartanir vegna iðnaðarmanna vörðuðu ýmist galla á þjónustunni eða verð á henni. - ibs



**HÚSNÆÐI** Mest er spurt um erindi sem varða ástand og viðhald eignar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**NEYTANDINN** **Sóley Tómasdóttir**

## Verstu kaupin hlaupasímahulstur

Bestu kaup Sóleyjar Tómasdóttur borgarfulltrúa eru fjögurra manna fjölskyldutjald sem hún eignaðist 2004.

„Það hefur varið fjölskylduna fyrir veðri og vindum á svo mörgum fallegum stöðum úti um allt land og gert æskuslóðir barnanna minna svo miklu fjölbreyttari en ella, enda förum við helst í margar útilegur á hverju sumri," segir Sóley.

Verstu kaupin hennar eru hlaupasímahulstur, eins og hún orðar það. „Hlaupasímahulstrið sem ég keypti í sumar stefnir hátt á listann yfir verstu kaupin. Hef ekki hlaupið síðan 2006 og ekkert sem bendir til þess að ég muni gera það á næstunni. Virðist ekki alveg hafa verið í tengslum við sjálfa mig og þann afleita hlaupara sem ég er, þegar ég þarna undir lok sumarfrís með of miklum vellystingum trúði því að nú hæfist hlaupahaustið mikla."





**GRÆNMETI OG ÁVEXTIR** Miðað við niðurstöður nýrrar landskönnunar á mataræði Íslendinga má ætla að áhersla verði áfram lögð á aukna grænmetisneyslu. NORDICHPHOTOS/GETTY

# Aukin neysla grænmetis nauðsynleg

**Áhersla á mataræðið í heild sinni í nýjum norrænum næringarráðleggingum. Íslendingar takmarki neyslu á fínunnum kolvetnum. Mælt með minni saltneyslu.**

Aukin áhersla verður á mataræðið í heild sinni í nýjum norrænum næringarráðleggingum sem kynntar verða formlega í októberbyrjun. Mælt er með mataræði sem inniheldur mikið af mat með trefjum frá náttúrunnar hendi þar sem fiskur og sjávarafurðir eru oft á borðum. Þá er mælt með því að nota jurtaolíur, velja fituminni mjólkurvörur og takmarka saltneyslu, að sögn dr. Ingibjargar Gunnarsdóttur, prófessors í næringarfræði.



**INGIBJÖRG GUNNARSDÓTTIR**

Hún segir hvert land nýta sér þær áherslur sem gefnar eru í norrænu ráðleggingunum og móti ráð um fæðuval til sinna landsmanna. „Við mótun íslenskra ráðlegginga er nauðsynlegt að taka tillit til mataræðis Íslendinga eins og það er í dag. Sem dæmi má nefna að mataræði Íslendinga hefur verið mjög próteinríkt í áratugi og þar af leiðandi engin ástæða til að leggja áherslu á aukna próteinneyslu þjóðarinnar í aðgerðum sem ætlað er að auka lýðheilsu."

Ingibjörg tekur fram að miðað við niðurstöður landskönnunar á mataræði þjóðarinnar frá 2010 til 2011 og nýjar niðurstöður um breytingar á mataræði sex ára barna á Íslandi sem kynntar verða síðar í mánuðinum megi ætla að áhersla verði áfram lögð á að hvetja Íslendinga til aukinnar grænmetisneyslu auk þess sem gæði kolvetna verði eitt af aðalatriðunum.

„Sú áhersla felur í sér takmörkun á fínunnum kolvetnum. Í staðinn verði valið heilkorn sem kolvetnisgjafi ásamt kolvetni sem kemur úr grænmeti og ávöxtum. Ef orkuríkar fæðutegundir, eins og sykraðir drykkir, sætar bakarísvörur eða sælgæti, fínunnar kornvörur og fita í föstu formu, sem innihalda lítið af nauðsynlegum næringarefnum og trefjum, eru ríkur þáttur neyslunnar eykst hættan á langvinnum sjúkdómum og þyngdaraukningu. Einnig getur mikil neysla á unnum kjötvörum og rauðu kjöti aukið líkur á neikvæðum heilsufarsáhrifum og langvinnum sjúkdómum," greinir Ingibjörg frá.

Hún segir rétt að taka sérstaklega fram að ráðlögð skipting orkuefnanna (kolvetni, fita, prótein) og ráðlagðir dagskammtar vítamína og steinefna eins og þeir birtast í norrænu ráðleggingunum eigi einungis við fyrir heilbrigða einstaklinga.

ibs@frettabladid.is





A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
VELKOMIN Í PIER
MORELIA HÚSGÖGN
Skenkur
129.900
Hilla
119.900
Glerskápur
139.900
Skilrúm
14.990
Polo hornsófi
139.900
Haag tungusófi
199.900
Fæst í svörtu og brúnu
Kerti með og án ilms
Mikið úrval af fallegum glösum
Púðar frá 1.690
Bókabox frá 990 Styttur frá 2.990
Falleg silkiblóm frá 690
Mikið úrval af skartgripum
Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
ÍRIS

# Kostnaður við Grand Theft Auto 5 talinn nema 32,6 milljörðum króna

Tölvuleikir standa nú jafnfætis kvikmyndum, sjónvarpsefni og teiknimyndum í afþreyingariðnaði. Kostnaður við nýjasta Grand Theft Auto-leikinn er svipaður og við dýrustu kvikmyndir heims. Tekjurnar verða meiri og gætu breytt áherslum í afþreyingariðnaði til framtíðar.

**VIÐSKIPTI** Vonir breska tölvuleikjaframleiðandans Rockstar Games standa til þess að á fyrstu söluviku nemi sala Grand Theft Auto V (GTA 5) á heimsvísu 500 milljónum punda, eða 95,8 milljörðum íslenskra króna.

Í umfjöllun breska ríkisútvarpsins, BBC, kemur fram að salan myndi með því nema nærri því þreföldum þeim kostnaði sem lagður hefur verið í framleiðslu og markaðssetningu tölvuleiksins. Sú upphæð er talin nema 170 milljónum punda, eða 32,6 milljörðum króna.

Leiksins, sem fór í almenna sölu síðasta þriðjudag, hefur verið beðið með eftirvæntingu, enda hófst framleiðsla á honum fyrir fimm árum. Fyrstu viðtökur og dómar benda jafnframt til þess að væntingar framleiðenda leiksins séu ekki fjarri lagi.

Þá má líka horfa til þess að fyrri útgáfa leiksins (GTA 4) halaði inn 350 milljónum punda (67 milljörðum króna) fyrstu söluvikuna.

Tölurnar eru af slíkri stærðargráðu að skyggir á flest annað í afþreyingariðnaði. Framleiðslukostnaður leiksins er mitt á milli dýrustu og næstdýrustu kvikmynda sem gerðar hafa verið.

Dýrasta kvikmyndin er sú þriðja í Pirates of the Caribbean-myndaröðinni og kostaði 300 milljónir Bandaríkjadala í framleiðslu, eða 36,5 milljarða króna. Næstdýrust var Disney-myndin Tangled, sem kostaði 260 milljónir dala (31,6 milljarða króna.)

Fyrir árslok er því spáð að seldar verði á heimsvísu 15 til 18 milljónir eintaka af GTA 5. Miðað við útsöluverð leiksins í Bandaríkjunum yrðu tekjurnar af slíkri sölu rúmur 131 milljarður íslenskra króna. Sú sala ein þýðir tekjur sem fara fram úr tekjum af Pirates of the Caribbean upp á rúma 116 milljarða króna.

Endanleg sala leiksins er hins vegar talin verða mun meiri. Forverinn, GTA 4, seldist í 25 milljónum eintaka og talið er að GTA 5 fari vel fram úr þeim tölum.

Í umfjöllun BBC er bent á að viðtökurnar við GTA 5 gætu haft áhrif á áherslur í afþreyingariðnaði til framtíðar. Fólk sem spilar tölvuleiki sé komið af barnsaldri og framleiðslan taki mið af því.

Bent er á að fleiri eintök af GTA 5 hafi selst í forsölu en breska hljómsveitin The Who hafi frá upphafi selt af hljómplötum. Frá því að Grand Theft Auto-leikirnir hafi fyrst hafið göngu sína árið 1997 hafi verið seldar af þeim yfir 135 milljónir eintaka.

„Áhrif og gæði leiksins sýna hversu langt þróunin er komin,“ er haft eftir Richard Wilson, framkvæmdastjóra Tiga, sambands tölvuleikjaframleiðenda í Bretlandi. „Þetta sýnir að tölvuleikir standa nú jafnfætis kvikmyndum, sjónvarpi og teiknimyndum og verðskulda eftirtekt í samræmi við það.“

olikr@frettabladid.is



**RISAAUGLÝSING** Götumynd frá Los Angeles í Bandaríkjunum í síðustu viku þar sem sjá má tölvuleikinn Grand Theft Auto V auglýstan á risaveggspjöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HROTTI Á GÖTU** Skjámynd úr GTA 5 frá Rockstar Games.



**ÚR GTA 5** Í ofbeldisfullu atriði er rörtöng notuð sem yfirheyrslutæki. MYND/SKJÁSKOT

## ➜ Hrikalegt ofbeldi sætir gagnrýni

Þótt upp séu gefnar aldurstakmarkanir á tölvuleiknum Grand Theft Auto V, sem er nýútkominn, hefur breska kennarasambandið þegar lýst áhyggjum af meintum áhrifum ofbeldisins á ung börn. Í umfjöllun The Mirror í Bretlandi er vitnað sérstaklega til atburðarásar í leiknum þar sem leikmaðurinn þarf að pína upplýsingar upp úr manni og notar til þess harðsvíraðar pyntingaraðferðir. Meðal þess sem lagt er til að gert sé við fórnarlambið er að draga úr því tennurnar með töngum og brjóta á því hnéskeljarnar með rörtöng.

Haft er eftir Alison Sherratt, forseta sambands kennara og fyrirlesara, að slíkt ofbeldi eigi ekki að fyrirfinnast í tölvuleikjum. Vísar hún til kannana í þá veru að ung börn komist í ofbeldisfulla tölvuleiki þrátt fyrir öll bönn.

Í umfjöllun The Mirror er líka vísað til rannsóknar sem birt var í ágústlok í Springer Journal of Youth and Adolescence. Þar komast rannsakendur að því að ofbeldisfullir tölvuleikir ýti ekki undir ofbeldishegðun í unglingum, jafnvel þótt þeir standi höllum fæti vegna þunglyndis eða athyglisbrests.





ÚTSALA
SPARAÐU ALLT AÐ
50%
TILBOÐ Á MEIRA EN 800 VÖRUM!
ALLRA SÍÐUSTU DAGAR
Toys R Us
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!
Tilboðin gilda á meðan birgðir endast og þá aðeins fyrir valdar vörur. Fyrirvarar eru gerðir við mögulegar prentvillur eða að varan kunni að vera uppseld. Við getum ekki ábyrgst að vörurnar séu fáanlegar í öllum verslunum okkar.
AKUREYRI: Glerártorg, sími 461 4500 ★ GRAFARVOGUR: Blikastaðavegur, sími 585 0600
KÓPAVOGUR: Smáratorg, sími 550 0800

# SKOÐUN

Hvað vit er í reglum um ostainnflutning?

## Útlendu drápsostarnir

Fréttablaðið sagði í gær litla frétt af því að Mjólkursamsalan hefði fargað nokkrum tugum kílóa af svissneskum Gruyère-osti, sem fluttur var inn fyrir mistök, í trássi við opinbera reglugerð.

Mistökin voru þau að osturinn er úr ógerilsneyddri mjólk, en ekki gerilsneyddri. Auk þess var hann of ungur; ekki nema þriggja mánaða, en ríkisvaldið telur að Gruyère-ostur verði að vera orðinn sex mánaða til að flytja megi hann inn og leyfa Íslendingum að kaupa hann og leggja sér til munns.




**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is


Forstjóri MS sagði í samtali við blaðið að eðlilegt hefði verið að eyða ostinum. Og auðvitað er eðlilegt að fyrirtæki fari eftir lögum og reglum. Það er hins vegar ekkert eðlilegt við reglugerðina sem bannar innflutning á ostum úr ógerilsneyddri mjólk, nema þeir séu þá orðnir svo og svo gamlir.

Reglurnar eru í orði kveðnu settar til að vernda annars vegar búfé fyrir smitsjúkdómum frá útlöndum og hins vegar til að vernda neytendur fyrir hugsanlegum matarsýkingum vegna listeríu. Rökin um dýrasjúkdómana eru ósannfærandi; menn eru lítið í því að fóðra húsdýr á osti sem kostar 9.000 krónur út úr búð. Neytendaverndarrökin eru nærtækari.

En Gruyère-osturinn er lögleg vara í framleiðslulandinu og miklu víðar, til dæmis í Evrópusambandinu öllu. Hann er framleiddur samkvæmt aldalangri hefð og undir ströngu gæðaeftirliti. Það eru engar vísbendingar um að fólk í öðrum Evrópulöndum hrynji niður úr matarsýkingum vegna ostaneyzlu, og því síður að Íslendingar komi fárveikir heim úr fríinu eftir að hafa borðað evrópska osta úr ógerilsneyddri mjólk.

Raunar var ferðamönnum í fyrrasumar leyft að hafa með sér eitt kíló af osti úr hrámjólk til landsins. Ekkert hefur heldur frétzt af ótímabærum dauðsföllum matgæðinga eftir að breytingin var gerð.

Enda er reglugerðin bara yfirskin. Hún er svokölluð tæknileg viðskiptahindrun, hugsuð til að verja íslenzka ostaframleiðslu fyrir erlendri samkeppni. Hún hefur í raun ekkert með heilbrigði manna og skepna að gera.

Þetta heimskulega innflutningsbann hefur þó óvæntar hliðarverkanir. Á meðan stjórnvöld banna innflutning á ostum úr ógerilsneyddri mjólk geta þau ekki orðið við beiðni Beint frá býli, sem eru samtök bænda sem selja heimagerðar afurðir, um að leyfa framleiðslu á ógerilsneyddum, íslenzkum ostum. Samt hefur verið mælt með slíku í tveimur opinberum skýrslum. Samtökin hafa líka réttilega bent á að ekki hefur orðið vart við neinn bráðadauða hjá bændum sem drekka mjólkina sína ógerilsneydda beint úr tankinum, enda hefur hreinlæti við framleiðsluna tekið gífurlegum framförum. Þannig koma þessar vitlausu reglur niður á framþróun í íslenzkum landbúnaði.

Samt eru engar líkur á að þeim verði breytt í bili. Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra, sem gæti beitt sér fyrir breytingu á reglunum, var sem óbreyttur þingmaður ekki hrifinn af því þegar áformað var í fyrra að leyfa ferðamönnum að taka með sér ógerilsneydda osta til landsins. Hann sagði að ráðagerðin væri óskiljanleg, gæti haft „alvarlegar afleiðingar“ og heilt kíló af osti væri „frekar óhóflegt“.

Rúmu ári og einu ráðherraembætti síðar er mjög ólíklegt að hann viðurkenni að hann hafi verið að grínast.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871







# FRÁ DEGI TIL DAGS

### Frosti dregur í land

Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar þingsins, lýsti þeirri skoðun sinni á Alþingi í fyrradag að þeir sem þegar hefðu notið einhvers konar skuldaleiðréttingaraðgerða af hálfu stjórnvalda, til dæmis farið í gegnum 110 prósenta leiðina, skyldu ekki fá frekari leiðréttingu þegar ríkisstjórnin ræðst í stóru skuldaniðurfellinguna sína. Það yrði einfaldlega ekki sanngjarnt. Þetta kom öllum mjög í opna skjöldu (þótt reyndar hefði komið fram í Fréttablaðinu í ágúst að þetta væri einmitt meðal þess sem sérfræðingahópur Sigmundar Davíðs um málið mundi skoða). Í gær dró svo Frosti í land; vel gæti verið að 110 prósenta-hópurinn fengi frekari leiðréttingu. Og hann áréttaði að hann væri bara þingmaður og réði þessu svo sem ekki.



### …aftur

Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem Frosti þarf að bakka með ummæli sín. Í fyrra skiptið ræddi hann um starfsleyfi Dróma og sagði að það yrði ekki endurnýjað. Daginn eftir þurfti Frosti að taka fram, eins og í gær, að hann væri nú bara þingmaður og réði þessu ekki. Frosti þarf að fara að gæta að því hvað hann lætur út úr sér.



### Hrekklausir Sjallamenn

Jafnréttisstofa gerði athugasemd við það að til stæði að halda svokallað „Dirty Night“ í Sjallanum á Akureyri. Þar átti að bjóða upp á undirfatasýningu, dansbúr og glaðning fyrir leðurklæddar konur. Úr varð að kvöldið var blásið af. Akureyri vikublað ræddi í gær við einn af forsvarsmönnum Sjallans, sem hafði þetta að segja um málið: „Við misskildum hvernig þetta kvöld ætti að vera og um leið og við sáum hvað þetta væri þá ákváðum við að bakka út úr þessu.“ Það er svo sem ágætt hjá Sjallamönnum að viðurkenna þetta. Eftir stendur spurningin um það hvað þeir héldu eiginlega að Dirty Night væri.

**stigur@frettabladid.is**

# HALLDÓR




## Reiknum dæmið um Kvikmyndasjóð

MENNING




**Björn B. Björnsson**

kvikmyndagerðarmaður


Fréttir berast af því að ríkisstjórnin – eða einhverjir aðilar innan hennar – séu að hugleiða 400 milljóna króna niðurskurð á framlögum til Kvikmyndasjóðs á næsta ári. Með þessu væri verið að gera sömu mistök og síðasta ríkisstjórn gerði með því að kippa teppinu undan ört vaxandi atvinnugrein sem ungt fólk sækir í og skilar íslenskum menningarafurðum sem markaður er fyrir um allan heim.

En er þetta skynsamleg stefna út frá krónum og aurum? Til er ítarleg skýrsla um alla kvikmyndaframleiðslu á Íslandi (2006-2010) sem sýnir okkur hvaða áhrif þessi niðurskurður hefði. Skoðum dæmið:

400 milljóna króna niðurskurður Kvikmyndasjóðs mun líka þýða sparnað í atvinnuvegaráðuneytinu vegna laga um endurgreiðslu til kvikmynda upp á 240 milljónir. Samtals mun ríkissjóður því spara 640 milljónir króna.

Ef þessum 640 milljónum er hins vegar varið til kvikmyndagerðar munu framleiðendur bæta við þær innlendu fjármagni upp á 1.040 milljónir og draga til landsins erlent fjármagn upp á 1.120 milljónir, svo hér yrðu framleiddar kvikmyndir fyrir 2,8 milljarða króna.

Einungis launaskattar í ríkissjóð af þessari framleiðslu næmu 670 milljónum eða nokkru hærri upphæð en þær 640 milljónir sem spöruðust.

Þá eru ótaldar aðrar beinar og óbeinar tekjur ríkissjóðs af þessari starfsemi og þau efnahagslegu áhrif sem íslenskar kvikmyndir hafa á greinar eins og ferðamannaiðnaðinn. Það er því erfitt að sjá að þetta séu skynsamlegar hugmyndir út frá fjárhagslegu sjónarmiði.

Hin hlið þessa máls og jafnvel enn mikilvægari er sú að með því að leggja fram þessa fjármuni fáum við íslenskar kvikmyndir, sjónvarpsþáttaraðir og heimildarmyndir sem auðga menningu okkar og eru mikilvægur þáttur í uppeldi og sjálfsmynd þjóðarinnar í myndheimi samtímans.

Í umræðunni hefur því líka verið haldið fram að framlög til Kvikmyndasjóðs séu illa fjármögnuð. Sú fullyrðing stenst ekki skoðun því leiðréttingin sem síðasta ríkisstjórn gerði á framlögum til Kvikmyndasjóðs er fjármögnuð með arðgreiðslum af hlut ríkisins í bönkunum – sem skila sér með miklum ágætum eins og allir vita.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

**KYNFERÐISLEGT OFBELDI**



**Á VETTVANGI** William Hague og Angelina Jolie á vettvangi í Afríku. MYND/BRESKA UTANRÍKISRÁÐUNETIÐ.

# Upprætum nauðganir á átakasvæðum

Á degi hverjum berast umheiminum fréttir af hryllilegum glæpum úr borgarastríðinu í Sýrlandi. Nú hafa Sameinuðu þjóðirnar staðfest að nauðgunum er beitt þar til að valda ógn og skelfingu og til að refsa konum, körlum og börnum. Þetta á sér stað þegar húsleitir eru gerðar, við yfirheyrslur, þegar fólk á leið um vegartálma og í varðhaldi og fangelsum víða um landið.

Nýjasta skýrsla Rannsóknarnefndar SÞ er átakanleg. Hún lýsir því meðal annars hvernig móður er nauðgað og hún þvinguð til að elda ofan í og þrífa eftir kvalara sína, undir hótunum um að annars verði börn hennar myrt. Þar segir einnig frá háskólanema sem var nauðgað vegna þess að bróðir hennar var eftirlýstur af stjórnarhernum. Sögur sem þessar eru aðeins toppurinn á ísjakanum. Ótti, blygðun og helber barátta um að komast lífs af veldur því að margir þolendur þora ekki að stíga fram og segja sögu sína. Kynferðislegu ofbeldi hefur verið beitt sem vopni í nánast öllum stríðsátökum okkar tíma, frá Bosníu til Rúanda. Nauðgunum er vísvitandi beitt sem hernaðartækni, í því skyni að ná fram pólitískum markmiðum: að niðurlægja pólitíska andstæðinga, að flæma á brott eða undiroka fólk af öðrum þjóðflokki eða þjóðerni, eða að hræða heila samfélagshópa til undirgefni. Í sumum tilvikum er nauðgunum jafnvel beitt vísvitandi til þess að smita konur af HIV-vírusnum, eða slasa þær svo illa að þær geti ekki alið börn.

Nauðgunum er beitt vegna þess að það er auðvelt að breiða yfir þær og hitta fyrir viðkvæmasta fólkið. Þegar við heimsóttum Lýðveldið Kongó hittum við móður sem átti fimm ára dóttur sem hafði verið nauðgað. Stúlkan sú er of ung til að geta látið rödd sína heyrast en þjáningar hennar og milljóna annarra fórnarlamba um víða veröld ættu að vekja fólk til vitundar um nauðsyn þess að grípa til aðgerða.

Heimsbyggðin hefur gert með sér samninga um allsherjarbann við notkun klasasprengja og jarðsprengja, eða til að hamla gegn alþjóðlegu vopnasmygli. Allir þessir alþjóðasáttmálar voru eitt sinn álitnir vera draumórar einir. Uppspretta þeirra allra var réttlát reiði fólks um allan heim yfir afleiðingunum af notkun þessara vopna sem leiddi til alþjóðlegrar samstöðu. Það er tími til kominn að heimsbyggðin beiti sér með sama hætti gegn nauðgunum og kynferðisofbeldi á átakasvæðum.

### Inngróin hefð refsileysis

Kjarni vandans er inngróin hefð refsileysis, þar sem tugþúsundir nauðgana hafa í hverju landi fyrir sig ekki leitt til nema fáeinna ákæra. Mennirnir sem nauðga föngum í fangabúðum í Sýrlandi þykjast vissir um að þeir komist upp með það, enda bendir reynsla sögunnar til þess að svo sé. Annar mikilvægur þáttur er skorturinn á félagslegri umönnun fórnarlambanna, sem í mörgum tilvikum sæta ævilangri útskúfun, heilsuleysi og sálrænu áfalli, í ofanálag við þjáningarnar sem þau urðu fyrir af hendi kvalara sinna.

Við höfum sameinast um að beita okkur í þágu þessa málstaðar vegna þess að við höfum bæði séð með eigin augum hvernig kynferðislegt ofbeldi eyðileggur líf fórnarlambanna og fjölskyldna þeirra. Við viljum vekja athygli á hinni brýnu þörf fyrir aðgerðir. Og við skorum á ríkisstjórnir heims að taka saman höndum um að gera baráttuna fyrir því að uppræta stríðssvæðanauðganir að algjöru forgangsmáli.

Við höfum þessa baráttu í fyrra og erum þakklát fyrir hve mörg lönd hafa brugðist við henni. Á G8-fundinum í London í apríl síðastliðnum skuldbundu ríkisstjórnir átta mestu iðnvelda heims, þar á meðal landa okkar beggja, sig til að gera tímamótaátak í þessum efnum. Í júní samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samhljóða ályktun um að styrkja getu samtakanna til að takast á við vandann. 45 aðildarríki SÞ sýndu stuðning sinn með því að gerast meðflytjendur að tillögunni – sem er metfjöldi.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna fer fram í New York í næstu viku, en það er stærsti leiðtogafundur heims á ári hverju. Á þessu þingi, nánar tiltekið 24. september næstkomandi, verður lögð fram ný „Yfirlýsing um skuldbindingu til að binda enda á kynferðislegt ofbeldi í stríðsátökum“. Hún hefur verið samin í samstarfi sérstaks fulltrúa framkvæmdastjóra SÞ um kynferðislegt ofbeldi og fulltrúa á annan tug ríkja frá Mið-Austurlöndum, Evrópu, Afríku og Asíu, en leiðtogar þeirra hafa fallist á að taka upp þessa baráttu með okkur. Yfirlýsingin mun gefa hverju einasta ríki heims tækifæri til að sýna afstöðu sína til þessa málstaðar.

### Fyrirheit um nýjan alþjóðasáttmála

Ríkin sem samþykkja yfirlýsinguna munu, í fyrsta sinn, lýsa því yfir að alvarleg kynferðisbrot í stríði jafngildi alvarlegu broti á Genfarsáttmálunum og fyrsta viðauka þeirra. Þetta þýðir að handtaka má hvern þann sem er grunaður er um slíka háttsemi, hvar sem hann er staddur í heiminum.

**➜ Nauðgunum er beitt vegna þess að það er auðvelt að breiða yfir þær og hitta fyrir viðkvæmasta fólkið.**

Yfirlýsingin felur í sér heit um að heimila ekki að ákvæði um sakaruppgjöf fyrir kynferðisbrot séu sett inn í friðarsamninga, svo að ekki verður unnt að sópa þessum glæpum undir teppið og stríðsherrar læri að þeir verði dregnir til ábyrgðar.

Yfirlýsingin gefur fyrirheit um nýjan alþjóðasáttmála fyrir mitt næsta ár, sem er til þess fallinn að auka líkurnar á því að vitnisburður um slíka glæpi sé viðurkenndur fyrir rétti og að fleiri fórnarlömb sjái réttlætinu fullnægt. Hún gefur enn fremur fyrirheit um að öryggi og mannvirðing fórnarlamba verði í fyrirrúmi við rannsókn slíkra mála á átakasvæðum.

Hún inniheldur einnig ákvæði um þátttöku kvenna, vernd flóttamanna og þjálfun fyrir her- og löggæsluveitir. Þau lönd sem skrifa upp á yfirlýsinguna skuldbinda sig til að setja vernd gegn kynferðisofbeldi á oddann í mannúðar- og hjálparstarfi á átakasvæðum og til að aðstoða við að efla bjargir þeirra ríkja þar sem hættan er mest á að slíkt ofbeldi eigi sér stað.

Við trúum því að þetta séu allt áfangar sem hver einasti meðlimur alþjóðasamfélagsins ætti að geta stutt. Við vonum því að meirihluti ríkisstjórna heims muni skrifa upp á þennan sáttmála og að í sameiningu getum við hrint þessum skuldbindingum í framkvæmd. Takist okkur það gæti það markað þáttaskil í alþjóðlegu viðhorfi til nauðgana og kynferðisofbeldis og síðast en ekki síst markað upphafið að endalokum refsileysis gerendanna.

Það er margs konar annað óréttlæti sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir en nauðgun og misnotkun hundraða þúsunda kvenna, karla og barna er ekki lengur hægt að líða. Við vonum að fólk um heim allan muni leggjast á árarnar með okkur.

*William Hague*
*utanríkisráðherra Bretlands*
*Angelina Jolie*
*sérstakur sendiherra UNHCR*


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

11.09.13 – 17.09.13



**1** Heilsubók Jóhönnu – Jóhanna Vilhjálmsdóttir



**2** Maður sem heitir Ove – Frederik Backman




**3** Stígum fram – Sheryl Sandberg



**4** Árið sem 2 sekúndur bættust við tímann - Rachel Joyce



**5** Bréfberinn – Antonio Skarmeta




**6** Lost in Iceland mini ensk – Sigurgeir Sigurjónsson



**7** Skapaðu þinn heimilisstíl – Sesselja Thorberg



**8** Efst á baugi – Björgvin Guðmundsson




**9** Inferno – Dan Brown




**10** Iceland small world – Sigurgeir Sigurjónsson

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson

# Læknaráð Landspítalans leitar lausna

**➜ Stjórn Læknaráðs Landspítalans hefur boðað til almenns læknaráðsfundar á föstudag. Forstjóri spítalans mun taka til máls ásamt prófessor, sérfræðingi og unglækni. Vil ég hvetja alla þá lækna sem komast frá vinnu sinnar vegna að mæta og taka þátt í málefnalegri umræðu.**

Málefni Landspítalans hafa verið í umræðunni að undanförnu. Nú er að koma í ljós að sá niðurskurður sem stjórnendur spítalans hafa hrósað sér af hefur komið niður á líðan og starfsánægju starfsfólksins. Yfirlæknir krabbameinslækninga til fimm ára hættir störfum þegjandi og hljóðalaust, eftir eru læknar sem vart ráða fram úr daglegum verkefnum. Starfandi yfirlæknir á krabba-

HEILBRIGÐISMÁL



**Ebba Margrét Magnúsdóttir**
varaformaður stjórnar Læknaráðs Landspítala og sérfræðilæknir á kvennadeild LSH.

meinsdeildinni hefur sagt að erlendis séu tólf krabbameinslæknar en þeir hugsi sér ekki að koma heim. Hvernig stendur á því að sérfræðingar hætta og læknar í sérnámi hafa ekki áhuga á að koma heim? Það er falleinkunn fyrir þá sem stýra heilbrigðismálum. Þessi þróun var engu að síður fyrirséð og er ekki séríslenskt vandamál. Fólk nær hærri aldri en áður og læknisfræðinni hefur fleygt fram þannig að fólk lifir lengur með hina ýmsu kvilla.

Starfsánægjukannanir LSH hafa sýnt að margir sérfræðingar spítalans hugsa oft um að hætta og starfsánægja þeirra og unglækna er lítil. Stjórn spítalans hefur ekki reynt að bregðast við niðurstöðum þessara kannana og því mætti spyrja; Hví er verið að kosta til mikilvægra kannana ef það á að hundsa niðurstöðurnar og stinga þeim undir stól? Ekki teljast slík vinnubrögð góð vísindi í læknisfræðilegri rannsókn.

**Uggvænleg þróun**

Stjórn Læknaráðs Landspítalans hefur lengi haft áhyggjur af þessari uggvænlegu þróun. Á síðasta vetri var efnt til funda vegna ofangreindra málefna. Í byrjun sumars sendi stjórnin frá sér ályktun þegar til stóð að ráða fjölda læknanema í störf unglækna og auka álag á sérfræðinga spítalans sem þegar eru störfum hlaðnir. Nú í september sendum við aftur frá okkur ályktun þar sem skorað var á yfirvöld spítalans að finna lausnir á margþættum vanda lyflækningasviðs í samráði við lækna sviðsins. Stjórn Læknaráðs hefur verið með puttann á púlsinum og fundað með millistjórnendum og heyrt í læknum sem vinna á gólfinu.

Okkur er ljóst að margir sérfræðingar íhuga að hætta störfum vegna álags og óánægju í vinnunni en geta samt sem áður sjúklinganna vegna, ekki hugsað sér það. Við höfum setið fundi á lyflækningasviði og hlustað á sérfræðinga og deildarlækna lýsa ástandi sem stundum virðist eiga betur við í „ER“ sjónvarpsþáttaseríu en ekki á sjúkrahúsi í Reykjavík árið 2013.

Eftir að sviðum LSH var fækkað hafa sviðstjórar og stjórnendur fjarlægst fólkið sem vinnur læknisstörfin. Gjá er á milli stjórnenda og fólksins á gólfinu. Til að laga þetta þarf að leyfa læknum sjúkrahússins að vera með í ákvörðunum sem snerta skipulag og starf deilda. Tryggja þarf að unglæknar séu ekki settir í þá stöðu að ráða ekki við þau verkefni sem fyrir þeim liggja og að ekki sé staðið við bakið á þeim. Það vekur spurningar um öryggi sjúklinga okkar.

**Hjálpumst að**

Viðbrögð ráðherra munu létta á álagi sviðsins sem felst í því að sjúklingar sem þegar hafa hlotið meðferð á sjúkrahúsinu fái í önnur hús að vernda. Efla þarf heilsugæsluna og koma í veg fyrir að til spítalans leiti fólk sem á frekar heima þar. Reyndar hafa læknar í heilsugæslunni stigið fram og lýst yfir ástandi þar vegna manneklu. Þar liggur rót vandans. Auka þarf fjármagn til að hægt sé að greiða íslenskum læknum samkeppnishæf laun. Hér er um pólitíska ákvörðun að ræða sem er ekki á valdi stjórnenda heilbrigðisstofnana. Því mun reyna á alþingismenn í náinni framtíð við að forgangsraða. Þurfum við Íslendingar gat í Vaðlaheiði eða fínt fangelsi fyrir afbrotamenn, hvað þá sendiráð víða um heim á tækniöld?

Stjórn Læknaráðs Landspítalans hefur boðað til almenns læknaráðsfundar á föstudag. Forstjóri spítalans mun taka til máls ásamt prófessor, sérfræðingi og unglækni. Vil ég hvetja alla þá lækna sem komast frá vinnu sinnar vegna að mæta og taka þátt í málefnalegri umræðu. Staðan er svona og okkur ber að snúa bökum saman við að leysa margþættan vanda. Auka þarf starfsánægju lækna Landspítalans því aðeins þannig fáum við yngri lækna til starfa með okkur. Ánægðir deildarlæknar og aðstoðarlæknar hafa góð áhrif á læknanema sem nú nema við Háskólann og verða unglæknar áður en langt um líður. Keðjan verður aldrei sterkari en veikasti hlekkurinn sem nú er við það að slitna. Við í stjórn Læknaráðs munum ekki bregðast þeirri skyldu okkar að vinna að farsælli lausn mála. Hjálpumst að við að gera Landspítalann að eftirsóknarverðum vinnustað, sjúklinga okkar vegna.

**visir.is**
Lengri útgáfu greinarinnar má sjá á Vísi.



# Leynibréfið – eða þannig sko

EVRÓPUMÁL



**Sighvatur Björgvinsson**
fv. ráðherra

Leynt hefur farið bréf sem Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kom á framfæri við Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra. Í bréfinu segir svo í íslenskri þýðingu: „Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fer þess hér með á leit við íslensku ríkisstjórnina að samningaviðræður þær, sem legið hafa niðri um nokkurt skeið milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, verði hafnar að nýju. Framkvæmdastjórnin tekur fram, að það er þó ekki vilji Framkvæmdastjórnarinnar að lýðveldið Ísland tengist Evrópusambandinu nánar en þegar er orðið enda er það stefna Framkvæmdastjórnarinnar að viðræðurnar leiði ekki til þess að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu. Hvað er að tarna? Er Baroso endanlega orðinn vitlaus eða er verið að gera grín að hinni frjálsu og yfirtaks sjálfstæðu íslensku þjóð?

**Þjóðsaga?**

Getur það verið að það sé þjóðsaga að slíkt bréf hafi borist? En skyldu Sigmundur Davíð og Bjarni – já og Davíð hinn ekki hafa orðið skrýtnir í framan ef svo væri?

Nú eða Þorsteinn Pálsson og Ragnheiður Ríkharðsdóttir? Ef ESB vildi halda viðræðunum áfram þó tekið sé fram að enginn sé vilji til þess á þeim bænum að viðræðunum ljúki með jákvæðri afgreiðslu heldur þvert á móti! Skyldi finnast í heimssögunni dæmi um slíkar bréfasendingar í diplómatíunni? Nei, ekki svo vitað sé. Samt vilja heiðarlegir og skynsamir sjálfstæðismenn að sambærilegt bréf berist frá ríkisstjórn Íslands með ósk um áframhaldandi viðræður jafnvel þó ekki bara ríkisstjórnin sjálf heldur báðir stjórnarflokkarnir séu alfarið á móti því að viðræðurnar leiði til þess að Ísland gerist aðili að ESB! Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa ekki bara báðir þá afdráttarlausu stefnu heldur kröfðust þess meira að segja; a.m.k. landsfundur Sjálfstæðisflokksins; að Evrópustofu yrði lokað og starfsmönnum hent úr landi. Andúðin er slík, að gamalkunna Rússahatrið kemst ekki með tærnar þar sem ESB-andúðin er með hælana.

**Þetta studduð þið!**

Mér dettur ekki í hug að efa, að margir góðir Sjálfstæðismenn; þ.á.m. forystumenn í íslensku atvinnulífi; vildu og vilja í einlægni ljúka samningaviðræðum við ESB í þeirri von að þær leiði til jákvæðrar niðurstöðu til heilla og hagsbóta fyrir íslensku þjóðina. Þeir greiddu hins vegar atkvæði þannig í síðustu kosningum, að slíkt getur nú ekki orðið. Það gerðu þeir vitandi vits. Þeim var nær! Halda þeir virkilega að Davíð muni leyfa að ósk um áframhaldandi viðræður berist frá núverandi stjórnvöldum. Nei, vinir góðir. Slíkt erindi berst ekki á þessu kjörtímabili. Og mun ekki berast á því næsta nema þið kjósið öðruvísi þá en þið gerðuð síðast. Með atkvæði ykkar öxluðuð þið ábyrgð á vegferðinni. Þið vissuð vel hvað þið voruð þá að gera – en gerðuð það samt! Ykkur var nær!

**➜ Skyldi finnast í heimssögunni dæmi um slíkar bréfasendingar í diplómatíunni? Nei, ekki svo vitað sé.**

# Frelsi – til að banna?

SAMFÉLAG



**Vésteinn Ólason**
fv. prófessor við HÍ

Á undanförnum árum og á undraskömmum tíma hefur mikill árangur náðst í baráttu fyrir réttindum ýmissa minnihlutahópa og annarra sem búið hafa við misrétti af ýmsu tagi. Fullnaðarsigur vinnst varla í slíkum málum en stór skref hafa verið stigin í réttindabaráttu samkynhneigðra og annarra sem vilja skilgreina kynferði sitt á annan hátt en hinn algengasta. Þótt tölur um launamisrétti sýni að enn vantar á jafnrétti kynjanna hefur þó fjölmargt áunnist, og eitt af því er að hvers konar kynferðislegt ofbeldi, sem einkum hefur bitnað á konum, hefur verið dregið fram í dagsljósið og fordæmt. Þessu er sjálfsagt að fagna.

Það skýtur skökku við þegar ýmsir þeirra sem vasklega hafa barist í slíkum málum telja eðlilegt að nota nýfengið frelsi til að banna eða reyna að hindra tjáningar- og samskiptafrelsi þeirra sem ekki hugsa á sama hátt og þeir sjálfir eða hafa einhvern tíma brotið gegn þeim siðareglum sem við viljum hafa í hávegum. Reynt er að banna tjáningu þeirrar hugsunar sem ekki er „rétt“ eða frá „réttum“ komin. Þessir vonandi litlu en ekki áhrifalausu hópar vilja t.d. banna biskupi þjóðkirkjunnar að tala við aðra kristna menn ef þeir eru enn fastir í gömlum hugsunarhætti, halda fram skoðunum sem barist hefur verið gegn með árangri. Enginn getur þó efast um að orð biskups muni einkennast af góðvild og víðsýni. Svo vilja menn banna reyndum stjórnmálamanni og góðum kennara að miðla stúdentum af mikilvægri reynslu sinni í stjórnmálum vegna fortíðar sem er kennsluefninu öldungis ótengd.

Varðstaða um „rétthugsun“ er ranghverfa baráttu fyrir réttlæti. „Ranghugsun“ á að mæta með rökræðu en ekki banni. Þar sem frjáls hugsun á að ríkja er hættulegt að beygja sig fyrir kröfunni um hina réttu hugsun. Réttlæting undanlátsseminnar kallar fram moðreyk eins og dæmin sanna.



# Væntingar á veikum grunni

FJÁRMÁL



Halldóra Þorsteinsdóttir
héraðsdómslögmaður

Í síðustu viku birtist grein eftir Sigríði Rut Júlíusdóttur hrl. sem bar heitið „Skuldaniðurfellingarloforð og réttmætar væntingar“. Í greininni er því haldið fram að yfirlýsingar Framsóknarflokksins um að leiðrétta eigi höfuðstólshækkun verðtryggðra lána kunni að hafa myndað réttmætar væntingar og að einstaklingar geti átt lögvarinn rétt til þess að sköpuð verði sú aðstaða sem loforðið kvað á um.

Reglan um réttmætar væntingar er óskráð meginregla í íslenskum rétti. Hana má orða þannig að borgarar geti undir ákveðnum kringumstæðum vænst þess að visst ástand muni haldast óbreytt eða að þeir fái sér til handa tiltekin réttindi á grundvelli réttmætra væntinga. Þrátt fyrir að gjarnan sé talað um „réttmætar væntingar“ sem sérstaka reglu er ljóst að hugtakið er einnig notað til þess að lýsa tilkalli okkar til tiltekinna réttinda sem við eigum samkvæmt stjórnarskrá, lögum, stjórnsýsluframkvæmd, samningi eða öðrum heimildum. Þannig höfum við t.d. réttmætar væntingar til þess að tjáningarfrelsi okkar og friðhelgi einkalífs samkvæmt 71. og 73. gr. stjórnarskrárinnar séu virt. Sömuleiðis höfum við réttmætar væntingar til þess að fá afhenta bifreið sem við höfum gert kaupsamning um og réttmætar væntingar til þess að börnunum okkar sé tryggð skólavist, enda kveðið á um þá skyldu hins opinbera í lögum. Við höfum hins vegar ekki réttmætar væntingar til einhvers sem við eigum ekki rétt á.

## Verulegur vafi

Þrátt fyrir að nálgun Sigríðar sé óneitanlega áhugaverð og vel til þess fallin að skapa skemmtilegar umræður leikur verulegur vafi á því hvort umræddar yfirlýsingar kunni að hafa stofnað til eignarréttar sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Slík lögskýring er raunar svo langsótt að það má teljast næsta glæfralegt að setja hana fram án þess að gera skýrlega grein fyrir þeim fjölmörgu fyrirvörum sem á henni eru. Í fyrsta lagi hafa kosningaloforð hingað til ekki verið talin þess eðlis að borgarar geti byggt á þeim beinan rétt. Þvert á móti er alþekkt að frambjóðendur lofi skattalækkunum, vaxtabreytingum eða öðrum ívilnunum án þess að slík loforð séu skuldbindandi að lögum. Í öðru lagi rennir enginn þeirra dóma Mannréttindadómstóls Evrópu sem Sigríður vitnar til stoðum undir að yfirlýsingar líkt og þær sem hér um ræðir geti skapað eignarétt samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar eða 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu. Í málunum er annars vegar fjallað um réttmætar væntingar til þess að njóta réttinda sem kveðið er á um í lögum og hins vegar réttmætar væntingar sem stofnast hafa á grundvelli samnings. Dómarnir eru hins vegar á engan hátt til þess fallnir að styðja ályktun Sigríðar.

Auk framangreinds hlýtur að þurfa að velta fyrir sér á hvaða grundvelli hugsanleg skaðabótakrafa yrði reist. Sigríður virðist miða við að krafan verði reist á skaðabótum „innan samninga“ eins og sagt er, eða svokallaðri samningsábyrgð. Skaðabótaskyldan hafi þannig stofnast vegna brota á þeim bindandi samningi eða samningsígildi sem yfirlýsingar Framsóknarflokksins hafa falið í sér. Það er rótgróin meginregla í samninga- og kröfurétti að einstaklingur getur ekki ráðstafað eign eða verðmætum sem hann á ekki nema hafa til þess fullnægjandi umboð.

## Kynni sér málið

Jafnvel þótt litið yrði svo á að kröfuréttur almennings á grundvelli loforða Framsóknarflokksins gæti talist eign í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar liggur í öllu falli ljóst fyrir að flokknum var óheimilt að ráðstafa þessari eign upp á sitt einsdæmi án þess að hafa til þess heimild úr fjárlögum. Um slíkar skuldbindingar ríkissjóðs verður enda ekki samið í Kastljósi eða kosningabæklingi. Ef skaðabótakrafan verður hins vegar reist á skaðabótum „utan samninga“, eða sakarreglunni, mun málsóknin

**➜ Við höfum hins vegar ekki réttmætar væntingar til einhvers sem við eigum ekki rétt á.**

byggja á því að íslenska ríkið hafi með saknæmum og ólögmætum hætti bakað sér bótaskyldu vegna yfirlýsinga stjórnvalda. Hin ætlaða ólögmæta háttsemi fælist þá í því athafnaleysi íslenska ríkisins að efna ekki kröfur sem skapast hefðu vegna réttmætra væntinga í kjölfar yfirlýsinga stjórnvalda. Sú niðurstaða er einnig hæpin svo ekki sé sterkar að orði kveðið.

Að síðustu er rétt að benda á að væntingar manna, sem hljóta öðrum þræði að byggja á huglægu mati, eru eðli málsins samkvæmt ólíkar. Væri t.d. hægt að líta svo á að eingöngu kjósendur Framsóknarflokksins hafi réttmætar væntingar til þess að lán þeirra verði lækkuð eða á það líka við um þá sem tóku yfirlýsingunum með fyrirvara og kusu Vinstri græna? Ég hef t.d. ekki gert mér neinar væntingar í þessum efnum. Þýðir það þá að mín verðtryggðu lán verði ekki lækkuð eins og hjá Jóni sem hefur hvergi hvikað frá þeirri sannfæringu sinni að lánin verði stórlega lækkuð? Þessar spurningar eru einungis hluti af mörgum álitaefnum sem á reynir í tengslum við það hvort íslenskir borgarar geti byggt á réttmætum væntingum fyrir dómi í skaðabótamáli gegn íslenska ríkinu. Ég hvet því alla sem á annað borð íhuga slíkt dómsmál að kynna sér málið gaumgæfilega áður en þeir halda af stað.




# Gleðisnautt og vinafátt í stórum þjóðgarði

UMHVERFISMÁL



Sigurjón Benediktsson
tannlæknir

Nú þegar ráðherra hefur undirritað þessi plögg um þjóðgarðinn er rétt að líta yfir þær hugmyndir sem búa á bak við ritsmíðarnar. Mér eru þær kunnar eftir setu í svæðisráði norðursvæðis þjóðgarðsins frá sl. hausti. Í stuttu máli má segja að flestar ákvarðanir séu teknar af huggulegum hóp sjálfskipaðra sérfræðinga með afspyrnu einstrengingslegar skoðanir, þar sem viðhorf umhverfisöfga og náttúrusnobbs eru í hávegum höfð.

## Um lit á tjöldum

Að sjálfsögðu hafa stofnanafíklar miklar áhyggjur af því hvaða lit ferðamenn velja á tjöld sín. Eða eins og segir í skýrslu vitringanna: „*Vegna fjölda gesta er mikilvægt að ásýnd svæðisins spillist ekki af litríkum tjöldum ferðamanna og því settar takmarkanir á tjöldun göngufólks*.“ Öll tjöld eiga auðvitað að vera myglugræn til samræmis og augnayndis. Maó fyrirskipaði nokkrum milljörðum Kínverja að klæðast eins grænum fötum. Næst verður sjálfsagt að takmarka aðgang ökutækja sem trufla „ásýndina“ í lit eða formi.

## Um skipulagsmál

Nú er svo komið að skipulag þjóðgarðsins er alfarið farið úr höndum þessara heimamannakjána og komið í hendur stjórnar þjóðgarðsins og ráðuneytisstofnana, eins langt frá þjóðgarðinum og mögulegt er. Vert er að hafa í huga að það var einn af mikilvægustu þáttunum í samþykki sveitarfélaga sem komu að stofnun garðsins að skipulagsmál yrðu á hendi sveitarfélaganna, eins og þá var gert ráð fyrir í lögum. Með sameiginlegu átaki forsjárhyggjunnar og sérfræðiveldis hafa þingmenn verið vélaðir til að samþykkja eitthvað sem þeir ekki skildu. Eins og svo oft áður.

## Um lagarammann

Glaðbeitt segir svo í plagginu: „*Sveitarstjórnir eru bundnar af efni Stjórnunar- og verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana á landsvæðum innan þjóðgarðsins*.“ Sveitarstjórnir og jafnvel Alþingi hafa ekkert um þjóðgarðinn að segja lengur, eru einungis afgreiðslufyrirbæri á duttlungum einhverra pólitískra stofnanatindáta sem enginn hefur valið til eins eða neins. Enda segir svo í plagginu: „*Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun*.“ Hrokinn og ánægjan leyna sér ekki. Vesalings þjóðgarðurinn, ekki á hann þetta nú skilið. Hefur ekkert af sér gert til að mega þola þessa stofnananafnbót. Stofnanafnykinn leggur nú langar leiðir. Enda segir í drögunum: „*Lögin (þ.e. um Vatnajökulsþjóðgarð) eru sérlög og ganga því framar almennum lögum, s.s. náttúruverndarlögum*“!!

## Um ferðamáta

Stjórnendur garðsins vinna að því hörðum höndum að loka gömlum slóðum, banna umferð, takmarka aðgengi. Nú síðast er verið að banna að ferðast á reiðhjólum! „*… verði vettvangur göngufólks án truflunar frá vélknúnum ökutækjum. Hestaumferð er óheimil. Reiðhjól einnig*.“ Á sama tíma og sífellt fleiri ferðast um á reiðhjólum, sem eru auðvitað umhverfisvænn ferðamáti, sér stofnunin ástæðu til að banna sérstaklega reiðhjól á völdum stöðum. Grófriffluðu gönguskórnir hans Hjörleifs eru auðvitað skandall sem hlýtur að verða bannaður á einhverjum forsendum. Gleður það ekki örugglega margan manninn að gömlum leiðum sé lokað? Slóðar afmáðir, stikur bannaðar, komið í veg fyrir viðhald leiða.

## Toppurinn á botninum?

Þótt erfitt sé að toppa þessar

**➜ Að sjálfsögðu hafa stofnanafíklar miklar áhyggjur af því hvaða lit ferðamenn velja á tjöld sín.**

undarlegu umræður hefur það tekist með sameiginlegu átaki stjórnenda garðsins. Nú er þess krafist að hinir nýju vegir, hannaðir sem alvöru samgöngubót, vegir sem uppfylla alla ströngustu staðla um akvegi með 90 km/klst. hámarkshraða, líklega bestu vegir landsins, verði settir undir stjórn garðsins. Nú er þess krafist að hámarkshraði verði 40-60 km/klst. á hinum nýju vegum, innan þjóðgarðs og að. Rökin? Jú, hávaðamengun (engin byggð, fleiri km í gönguslóðir), hætta á fugladrápi (til langs tíma hafa refir og minkar verið heilagir innan garðsins og drepið svo til allt fiðurfé), svo er það bara svo gaman að geta stjórnað. Gleymist að þessir vegir eru ekki lagðir fyrir þjóðgarðinn (þótt hann sé stofnun!) heldur sem hluti af samgönguneti landsins.

## Hatur á gróðri …eyðimörkin snýst til varnar

Miklu púðri er eytt í skýrslunni til að búa okkur undir eyðimerkurbyltinguna. Eyðimörkin lætur á sjá og því skal eyða „óæskilegum“ gróðri eins og barrtrjám, „innfluttum“ tegundum og öllu því sem gæti skaðað eyðimörkina. Hvatt er til aukinnar beitar til að halda gróðri í lágmarki eða eyða honum. Gaman er að baráttugleði stofnunarinnar: „*Stuðla skal að útbreiðslu innlendra trjátegunda í þær opnur sem myndast við fellingu innfluttra tegunda eins og barrviðar. Sjálfsáðar plöntur barrviðar og annarra innfluttra tegunda innan og í nágrenni birkiskógarins skulu fjarlægðar*.“ Þjóð sem tapað hefur 95% af skógi og 60% jarðvegs stendur hér að byltingu til varnar eyðimörkum með eyðingu skóga. Til lukku með það.

# ÚTSALA

Töskur og Bakpokar – frá 999 kr

Markaðstorg - Íslenski bókamarkaðurinn

**1 bók 899 kr.**
**3 bækur 1.899 kr.**

# 25-80% afsláttur

Erlendar bækur á 25-80% afslætti

**Kiljur frá 499 kr.**




Ferðatöskur í miklu úrvali

Ritföng

Auglýsing gildir til og með 30.09.2013.




GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝR

*Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími 533 1010 • Opið til klukkan 19*

# Þrír fílar

HEILBRIGÐISMÁL



**Ólafur Þór Gunnarsson**
lyf- og öldrunarlæknir á lyflækningasviði Landspítalans

Í leiðara Fréttablaðsins sl. laugardag (14.9) ræðir Ólafur Stephensen um vanda Landspítalans og hvernig hann hljóti og verði að blasa við Kristjáni Þór Júlíussyni heilbrigðisráðherra. Margt hefur verið rætt og skrifað um vanda spítalans, einkum lyflækningasviðs, undanfarnar vikur og mánuði.

Greining Ólafs er að mörgu leyti rétt, en fílarnir eru fleiri en einn. Að mínu mati eru fílarnir í postulínsbúðinni a.m.k. þrír og þeir eru allstórir.

Sá fíll sem Ólafur nefnir er að mínu mati ekki sá mikilvægasti, þ.e.a.s. að íslenskt heilbrigðisstarfsfólk starfi á alþjóðlegum samkeppnismarkaði, og geti fengið betur borgaða vinnu nánast hvar sem er í hinum vestræna heimi. Vissulega skiptir þetta máli, en launakjör hafa aldrei verið það sem togað hefur íslenska lækna heim aftur að loknu sérnámi erlendis. Þar hafa meiru ráðið fjölskylduþættir og tækifæri til að byggja upp góða þjónustu.

Fíll númer tvö er sú staðreynd að starfsfólk Landspítalans hefur sl. áratugi, allt frá því að undirritaður byrjaði að fylgjast þar með, ekki getað treyst því að spítalinn virði gerða kjarasamninga. Öll vafaatriði hafa alltaf verið túlkuð spítalanum í hag, yfirvinna greidd seint, illa eða ekki. Hvíldartími ekki virtur, frítökuréttur ekki virtur og þannig mætti lengi telja. Ef starfsmenn spítalans gætu alltaf treyst því að þeir fengju alla sína vinnu og framlag til spítalans greitt þá myndi viðhorf þeirra til spítalans sem vinnuveitenda sennilega breytast.

**➜ Alla þessa fíla þarf heilbrigðisráðherra að sjá og reka út úr búðinni.**

### Stærsti fíllinn

En stærsti fíllinn er líklega spítalinn sjálfur. Aðstaðan sem starfsfólki er boðin upp á og aðstaðan sem er ætlast til að við sem starfsfólk bjóðum veiku fólki upp á er fyrir neðan allar hellur og langt frá því sem er ásættanlegt. Læknar sem hafa verið í sérnámi erlendis á vel búnum háskólasjúkrahúsum á góðum launum, með vinnuveitendur sem meta þá mikils, hafa ekki mikið að sækja á Landspítalann. Unglæknar sem fara utan í sérnám um þessar mundir kveðja ekki spítalann með söknuði.

Alla þessa fíla þarf heilbrigðisráðherra að sjá og reka út úr búðinni. Um fíl nr. 1 verður líklega tekist á í kjarasamningum og ráðherra getur beitt sér til að samningamenn hans horfi þar á stöðuna eins og hún er. Fíll nr. 2 fellur líklega undir húsbóndavald ráðherrans gagnvart yfirstjórn spítalans og ætti að vera auðrekinn. Fíl nr. 3 þarf ráðherra hins vegar að koma út úr ríkisstjórnarherberginu. Hann þarf að koma ráðherrum ríkisstjórnarinnar í skilning um að án ákvörðunar um að byggja nýjan spítala eru allar hinar aðgerðirnar og inngripin bara tímabundinn plástur á sárin.





Útgáfuhóf í Eymundsson Austurstræti
fimmtudaginn 19. sept. kl. 17

NÝ BÓK FRÁ
NÖNNU!

50 SPENNANDI KJÚKLINGARÉTTIR
Hægsteiktir, snöggsteiktir, grillaðir, djúpsteiktir, heitreyktir, pottréttir, smáréttir, salöt, súpur og afgangar.

IÐUNN




Einfaldar og gómsætar kjúklingakræsingar frá Nönnu Rögnvaldar.

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


# Staða tækni- og hugverkafyrirtækja á Íslandi

ATVINNULÍF



**Svana Helen Björnsdóttir**
formaður Samtaka iðnaðarins

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er því slegið föstu að öflugt atvinnulíf sé undirstaða vaxtar og velferðar. Fram kemur að ríkisstjórnin muni leggja kapp á að skapa starfsumhverfi sem ýtir undir fjárfestingu og fjölgun starfa, ekki síst hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Sérstök áhersla verði lögð á vöxt útflutningsgreina, nýsköpun og nýtingu vaxtartækifæra framtíðarinnar, auk þess sem tryggja á jafnræði gagnvart lögum.

Samtök iðnaðarins lýstu sig strax í vor reiðubúin að starfa með nýrri ríkisstjórn og stjórnvöldum og leggja m.a. fram vel ígrundaðar áætlanir og útfærslur á lykilverkefnum til að vinna að settu marki.

Hlutur tækni- og hugverkaiðnaðar á Íslandi hefur vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum og nemur nú um 20% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Hundruð frumkvöðla- og sprotafyrirtækja hafa sprottið upp og tugir tæknifyrirtækja hafa náð góðri fótfestu á alþjóðlegum mörkuðum á fjölbreyttum sérsviðum. Aðgangur að náttúruauðlindum takmarkar ekki vöxt þessara fyrirtækja – sem fyrst og fremst byggir á mannauði, þekkingu, menntun og alþjóðlegum markaðstengslum. Þrátt fyrir góðan árangur í uppbyggingu þessara fyrirtækja hér á landi er ástæða til að hafa áhyggjur af vaxandi fjölda fólks og fyrirtækja á leið úr landi.

### Flutt úr landi

Það sem af er ári hafa nokkur vaxandi tæknifyrirtæki í Samtökum sprotafyrirtækja flutt úr landi ásamt dýrmætu starfsfólki. Á sama tíma eru margar nágrannaþjóðir okkar í markvissum aðgerðum að styðja við nýsköpun og í mikilli sókn að laða til sín nýsköpunarfyrirtæki, t.d. Bretland.

Þessari þróun þarf að snúa við – við höfum þegar tapað allt of mörgum fyrirtækjum og allt of mörgum dýrmætum einstaklingum úr landi.

Þá skiptir öllu máli að hafa gjaldmiðil án hafta sem gjaldgengur er á alþjóðamarkaði, samkeppnishæft starfsumhverfi og virk tengsl við helstu markaðssvæði. Stöðvun verkefnis sem felur í sér bætta hagtölugerð um íslenskan iðnað sem til stóð að fjármagna með IPA-stuðningi er ekki til þess fallin að bæta upplýsingar um stöðu og þróun greinarinnar.

Í stefnumótun tækni- og hugverkaiðnaðarins kemur fram sú framtíðarsýn að Ísland verði aðlaðandi miðstöð tækni- og hugverkafyrirtækja sem grunnstoð í útflutningi og jákvæðum viðskiptajöfnuði. Skilgreind hafa verið áhersluverkefni sem miða að því að bæta forsendur greinanna og flýta fyrir uppbyggingu og árangri. Flest snúast þau um að ná umbótum í starfsumhverfi fyrirtækja almennt og ná því í raun langt út fyrir raðir tækni- og hugverkafyrirtækja. Nefna má bætta hagtölugerð til að fylgjast með árangri og uppbyggingu, eflingu Tækniþróunarsjóðs og aukið svigrúm í endurgreiðslum vegna rannsókna og þróunar, verkefnið „Betri þjónusta fyrir minna fé“, meiri áherslu á grunnmenntun í raunvísindum og tækni, einföldun reglna og skattahvata til að laða hæfileikaríkt fólk til starfa á Íslandi og afnám gjaldeyrishafta.

Fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði hafa mörg hver góða möguleika á vexti og útflutningi og þau hafa möguleika á að skapa verðmæt og vel launuð störf séu réttu forsendurnar fyrir hendi.

**➜ Það sem af er ári hafa nokkur vaxandi tæknifyrirtæki í Samtökum sprotafyrirtækja flutt úr landi ásamt dýrmætu starfsfólki.**

# Tvær hliðar á sama eða sitthvorum peningnum?

FJÁRMÁL



**Frosti Ólafsson**
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Umræða um forsendubrest á húsnæðislánamarkaði, möguleika á skuldaniðurfærslu vegna hans og aðferðir til að færa þann kostnað á erlenda kröfuhafa, hefur þakið marga fermetra á blöðum landsmanna undanfarin misseri. Það kemur kannski ekki á óvart, enda þungamiðja nýlegrar kosningabaráttu og samkvæmt orðum forsætisráðherra róttækasta aðgerð stjórnvalda nokkurs staðar í veröldinni í þágu skuldsettra heimila.

Það sem kemur öllu meira á óvart er hversu ógagnsæ umræðan hefur verið, sérstaklega í ljósi þess um hversu umfangsmikið mál er að ræða. Ein af höfuðástæðum þess hve ógagnsæ hún hefur reynst er sú beina tenging sem hefur verið búin til á milli skuldaniðurfærslu og uppgjörs við kröfuhafa gömlu bankanna.

Sterk rök og forsendur eru fyrir því að ná hagfelldu uppgjöri við kröfuhafa bankanna. Ef tryggja á ytri sjálfbærni hagkerfisins og skilyrði fyrir afnámi hafta verður ekki hægt að greiða útistandandi kröfur að fullu á gengi dagsins í dag. Um þetta eru flestir sammála. Með hliðsjón af þessu er hagfelld niðurstaða í uppgjöri við kröfuhafa gömlu bankanna forsenda fyrir afnámi gjaldeyrishafta. Þannig mætti segja að þessi tvö mál tengist ófrávíkjanlega og séu tvær hliðar á sama peningi.

### Veikari samningsstaða

Það sama á ekki við um niðurfærslu höfuðstóls húsnæðislána. Sú aðgerð tengist áðurnefndu afnámi hafta og samningum við kröfuhafa ekki að öðru leyti en því að fjármögnun hennar myndi reynast ríkissjóði auðveldari ef hagfelld niðurstaða næst í uppgjöri við kröfuhafa. Þvert á móti má færa fyrir því rök að samningsstaða gagnvart kröfuhöfum verði veikari og útfærsla afnáms hafta flóknari ef nauðsyn þykir að tengja þær aðgerðir við niðurfærslu húsnæðislána.

Rétt er að undirstrika að markmið þessarar greinar er ekki að meta efnahagslegar afleiðingar eða réttmæti skuldaniðurfærslu. Sitt sýnist hverjum eins og gengur og gerist með aðrar millifærslur á vegum hins opinbera. Það er aftur á móti grundvallarkrafa að gagnsæi ríki í pólitískri umræðu, sér í lagi þegar um jafn umfangsmikið mál er að ræða. Niðurfærsla skulda verður aldrei ókeypis eða algjörlega laus við neikvæðar afleiðingar. Það er pólitísk ákvörðun hvort ráðast skuli í hana og eðlilegt að stjórnmálamenn ræði hana á þeim grundvelli.

Afnám hafta er aftur á móti lykilþáttur í efnahagslegri uppbyggingu Íslands og þar með bættum lífskjörum allra Íslendinga til lengri tíma. Til að hægt sé að losa höftin þarf að liggja fyrir skynsamleg og hagfelld útfærsla á uppgjöri við kröfuhafa gömlu bankanna. Það er afar óheppilegt ef mótun tillagna og ákvörðun um niðurfærslu skulda tefur fyrir eða eykur flækjustig þess ferlis, enda um tvær aðskildar ákvarðanir og aðgerðir að ræða. Þar er því um sitthvorn peninginn að ræða í orðsins fyllstu merkingu.

**➜ Niðurfærsla skulda verður aldrei ókeypis eða algjörlega laus við neikvæðar afleiðingar.**

## AF NETINU

### Mikilvæg en flókin viðfangsefni

Mér finnst mikilvægt að kannað verði betur hvernig losun hafta tengist vali á stefnu í gjaldeyris- og gengismálum og hvort kostir í þeim efnum geri losun haftanna auðveldari. Einnig ættum við að nýta okkur þá möguleika sem kunna að skapast í þessu mikla hagsmunamáli þjóðarinnar, í gegnum aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

http://blog.pressan.is

*Oddný G. Harðardóttir*

### Bara ein leiðrétting

Fjölmiðlar og þingmenn virðast hissa á, að skuldarar fái ekki nema eina leiðréttingu á svokölluðum „forsendubresti“. Frosti Sigurjónsson leiðrétti þetta á þingi í gær. Breytingin frá fyrra ástandi sé sú, að þeir, sem áður fengu ekki leiðréttingu, fái hana í vetur. Í fjárlögum næsta árs verður gert ráð fyrir upphæðum inn og út. Þær fela í sér, að gömlu bankarnir borgi allt, þótt ekki sé byrjað að semja við þá. Kannski gerist það með eignarnámi í þrotabúunum. Þetta verður spennandi gósentími lagatækna. Bara á að laga stöðu þeirra, er standa betur, enda standa þeir nær hjarta Sigmundar Davíðs og Bjarna.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*

ÍSLENSKUR

# GÓÐOSTUR

– GÓÐUR Á BRAUÐ –





✝

Elskuleg eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir og amma,

**ANNA SIGRÚN BÖÐVARSDÓTTIR**

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, laugardaginn 14. september, verður jarðsungin frá Seljakirkju, föstudaginn 20. september kl. 13.00.

**Sigurður Sigfússon**
**Sigurður Óli Sigurðarson** **Camilla Ósk Hákonardóttir**
**Svavar Sigurðarson** **Vaka Önnudóttir**
**Karen Lind Sigurðardóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURSTEINN HÚBERTSSON**
**Hjallabraut 33, Hafnarfirði,**

sem lést mánudaginn 16. september, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 23. september kl. 15.00.

**Ingibjörg Sigursteinsdóttir**
**Hafdís Sigursteinsdóttir** **Gísli Sigurbergsson**
**Húbert Sigursteinsson**
**Jón Sigursteinsson** **Guðrún H. Theodórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, dóttur og ömmu,

**SIGRÚNAR ERLU VILHJÁLMSDÓTTUR**
**Birkihlíð 18, Sauðárkróki.**

**Hallgrímur Ingólfsson**
**Hákon Hallgrímsson** **Hrefna Guðmundsdóttir**
**Unnur Hallgrímsdóttir**
**Þór Hallgrímsson** **Sandra Heimisdóttir**
**Ásta Kristjánsdóttir** **Hákon Torfason**
**og barnabörn.**



✝

Okkar elskulega dóttir, móðir,
tengdamóðir og amma,

**ÞÓRA KRISTÍN HELGADÓTTIR**

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju, föstudaginn 20. september kl. 15.00.

**Helgi Björnsson**
**Bjarni Höskuldsson** **Anna Gerður Guðmundsdóttir**
**María Höskuldsdóttir** **Jón Gísli Þorkelsson**
**Kristín Dögg Höskuldsdóttir** **Steinn Jónsson**
**og barnabörn.**



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞÓRÐUR ÞÓRÐARSON**
**áður til heimilis Skálholti 17, Ólafsvík,**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri, Ólafsvík, laugardaginn 14. september. Jarðarförin fer fram frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 21. septmeber kl. 14.00.

**Egill Þórðarson** **Yoko A. Þórðarson**
**Þórður Þórðarson** **Kari Heidenreich Raa**
**Karitas Anna Þórðardóttir** **Guðjón Elísson**
**Svanfríður Þórðardóttir** **Björn Arnaldsson**
**Guðríður Þórðardóttir** **Björn Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**Haustútsalan**
er hafin hjá Graníthöllinni
Mikið úrval fallegra legsteina
sjá nánar á granithollin.is
Graníthöllin legsteinar
Bæjarhrauni 26 - Hafnarfirði
Sími 555 38 88




**ÞÓRUNN MAGGÝ** Ég sé spaugilegu hliðarnar á hlutunum og syng bara: „Aftur á bak og út á hlið, karíóka,“ segir hún hlæjandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gott skap í vöggugjöf

**Þórunn Maggý Guðmundsdóttir miðill er áttræð í dag en haldið verður upp á það á laugardaginn að Strikinu 6 í Garðabæ. Hún trúir því varla að tíminn hafi liðið svona fljótt.**

„Ég held það hljóti að vera einhver vitleysa að ég sé orðin áttræð, bara misskráning í kirkjubókum,“ segir Þórunn Maggý Guðmundsdóttir og skellihlær. Samt ætlar fjölskylda hennar að halda henni afmælishóf á laugardaginn milli þrjú og sex að Strikinu 6 í Garðabæ og þeir sem vilja heiðra hana með nærveru sinni eru hjartanlega velkomnir. Skál verður á staðnum fyrir framlög sem fara í sjóð vegna framkvæmda á húsnæðinu hennar. Þórunn Maggý segir þetta dæmi um hvað hún eigi góða að. „Ég á stóra fjölskyldu sem er mér stuðningur í einu og öllu,“ segir hún og telur sig sérlega lánsama hvað það varðar.

Þórunn Maggý er fædd á Ísafirði en var gefin strax í móðurkviði vegna þess að faðir hennar var heilsulaus eftir að hann reyndi að bjarga manni úr sjó. „Ég var send í reifum sjóleiðina til Hafnarfjarðar til föðursystur minnar, Ingibjargar Benediktsdóttur Bjarnarson, og Guðmundar Kr. Guðmundssonar útgerðarmanns. Við fluttum svo til Keflavíkur og þar ólst ég upp. Pabbi dekraði við mig og hafði alltaf tíma til að hlusta á mig þótt hann væri að fara á sjóinn. Það var sérstakt á þessum tíma. Hann átti mótorbátinn Geir og í ofsaveðri 9. febrúar 1946 fórst báturinn með öllum mönnunum. Eftir að hann drukknaði sá ég hann oft við skrifborðið sitt en það trúði mér enginn,“ segir hún.

Sjö einstaklingum skilaði Þórunn Maggý inn í veröldina. „Ég rétt slapp yfir 17 ára afmælisdaginn áður en ég fæddi mitt fyrsta barn. Það var hraustur strákur,“ segir hún glaðlega og kveðst líka hafa sinnt börnum í fimmtán ár á dagheimilum og vöggustofum.

Þórunn Maggý er þekkt á landsvísu fyrir miðilshæfileika sína og segist hafa verið næm á aðrar víddir frá því hún man eftir sér. Hún starfaði hjá Sálarrannsóknarfélaginu í 25 ár og er þakklát fyrir það.

Barnabörnin koma oft í heimsókn til Þórunnar Maggýjar og þá er rabbað um allt milli himins og jarðar. „Það eru ómetanlegar stundir,“ segir hún og kveðst stundum segja þeim frá sínu lífi og bera það saman við nútímann. „Í dag eignast unglingar bíla 17 til 20 ára og þykir sjálfsagt. Ég var 28 ára þegar ég tók bílpróf, komin með fjögur börn og ólétt. Við vorum að byggja svo ég fór að vinna við flökun á nóttunni. Það var vel borgað og ég var handfljót.“

Þórunn Maggý er glettin og kát og kveðst hafa fengið gott skap í vöggugjöf. „Auðvitað er allur þremillinn að mér en ég hef lag á að henda því aftur fyrir bak. Maður er eins og gamall bíll sem þarf viðhald, þá meina ég viðgerð en ekki viðhald … þú veist!“

gun@frettabladid.is



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, stjúpföður, tengdaföður og bróður,

**JÓNS KRISTINSSONAR**
**Fannafold 119.**

**Sigríður Eysteinsdóttir**
**Eysteinn Sigurðsson** **Elísabet Árnadóttir**
**Pjetur Sigurðsson**
**Sólveig Kristinsdóttir**



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

**HULDU BALDURSDÓTTUR**
**Byggðarenda 7, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk sem annaðist hana á Hrafnistu í Reykjavík og Kópavogi, sem og starfsfólk Heimahjúkrunar í Mjódd.

**Páll Bergþórsson**
**Baldur Pálsson** **Þóra Fríða Sæmundsdóttir**
**Kristín Pálsdóttir** **Jón Steinar Gunnlaugsson**
**Bergþór Pálsson** **Albert Eiríksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**EINAR VILHJÁLMSSON**
**rafeindavirki,**
**Marbakkabraut 18, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum, deild 11E, 13. september. Útförin verður auglýst síðar.

**Ester Jónsdóttir**
**Jón Þór Einarsson** **Þóra Elísabet Kjeld**
**Eyjólfur Einarsson** **Jóna Einarsdóttir**
**Vilhjálmur Einarsson** **Ester Sif Harðardóttir**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**NEKTARMYND** Fyrirsætan Kate Moss mun prýða forsíðu Playboy í janúar næstkomandi. Tilefnið er 60 ára afmæli tímaritsins og fertugsafmæli Moss.

ÚRVAL AF FALLEGUM YFIRHÖFNUM!
ERUM MEÐ ÚLPUR Í MÖRGUM LITUM
Opið laugardaga 12:00-15:00
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770



TÆKIFÆRISGJAFIR
IVV handunnið frá Ítalíu
Kanna kr. 7.900.-
Glös frá kr. 2.400.-
Diskar frá kr. 4.900.-
NÝTT
MUNNBLÁSIÐ - HANDUNNIÐ
Fæst eingöngu hjá
www.tk.is
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



Frábært buxnaúrval!
Stærðir 36-52
GARDEUR – GERKE – GINO - LINDON
Bjóðum upp á extra síðar og stuttar buxur!
Stretchbuxur, gallabuxur, ullarbuxur, sparibuxur, buxur með teygju allan hringinn…
Verð frá 9.980.
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

# LEYNIBLÓM Á BÖRN

**TÍSKA** *Hulda Dröfn Atladóttir og Linda Ósk Guðmundsdóttir, fatahönnuðir í Leynibúðinni, eru að hanna sína fyrstu barnafatalínu. Fyrstu flíkurnar koma á markaðinn á næstu dögum undir heitinu Leyniblómið.*

Við ákváðum að gera litlar útgáfur af sumum þeim flíkum sem við erum að hanna á fullorðna en ég var að búa til kjólalínu sem mér fannst að myndi líka passa vel í litla kjóla," útskýrir Hulda Dröfn Atladóttir en hún og Linda Ósk Guðmundsdóttir hafa sent frá sér barnafatalínu undir heitinu Leyniblómið.

Hulda og Linda eru báðar fatahönnuðir og standa að Leynibúðinni á Laugavegi. Þær sauma allt sjálfar og eru með saumavélina uppi við í búðinni.

„Við gerum allt í litlu upplagi og því er þróunin hröð hjá okkur," segir Hulda. „Hugmyndin fæðist og er framkvæmd strax, sem er skemmtilegt. Við erum með vinnustofu annars staðar en líka í búðinni. Þannig getum við haldið áfram að framleiða þegar við erum í búðinni og brugðist við séróskum, til dæmis í stærðum og litum," segir hún en fyrstu flíkurnar í Leyniblóminu eru væntanlegar á markaðinn á næstu dögum.

„Þetta eru aðallega kjólar og peysur en einnig slaufur á stráka, hárbönd og fleira. Línan verður fáanleg í versluninni Fiðrildið."

Hulda og Linda hafa haldið utan um Leynibúðina undanfarið ár. Hulda lærði fatahönnun við LHÍ en Linda í Kobenhavns mode og design skole í Danmörku. Hulda segir samvinnu þeirra tveggja hafa smám saman undið upp á sig, Leyniblómið sé þó fyrsta verkefnið sem þær vinna alveg í sameiningu. Það sé öðruvísi áskorun að hanna á börn en fullorðna.

„Maður hugsar meira um praktíska hluti þegar hannað er á börn. Þau stækka hratt og þá þurfa efnin að þola þvotta og gefa vel eftir. Mér finnst mjög gaman að hanna á börn en ekki endilega skemmtilegra en að hanna á fullorðna. Ég mun allavega ekki hætta að hanna á fullorðna þó ég sé byrjuð á barnafatalínu, það er gaman að gera þetta í bland," segir Hulda.

heida@365.is





**HANNA Á BÖRN** Hulda Dröfn Atladóttir og Linda Ósk Guðmundsdóttir, fatahönnuðir í Leynibúðinni, hafa sent frá sér barnafatalínuna Leyniblómið.
MYND/VALLI



Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist strax upp!
Kíktu á www.reverie.com
RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED®
- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt er að fá búnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring
KORTER.IS
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Gerðu gæða- og verðsamanburð
Frábært tilboð
REVERIE 7S með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 379.900.-
Proflex stillanlegur botn með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 249.900.-
REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-
Proflex stillanlegur botn með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 369.900.-
*3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa ★★★★★
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum






**PHILLIP LIM** Þessi fatnaður hentar vel í vetrarkulda. Takið eftir hvernig hönnuðurinn kýs að fyrirsæturnar hafi handtöskuna.

# SVONA Á TASKAN AÐ HANGA

**VETUR** *Samkvæmt tískusýningu hönnuðarins Phillip Lim fyrir komandi vetur er svalt að setja handtöskubandið yfir höfuðið og á hina öxlina þannig að það liggi á ská yfir líkamann. Það er reyndar ekki ný tíska en margar konur kjósa að hafa töskuna einmitt þannig, enda veitir það öryggistilfinningu.*

Phillip Lim þykir flottur hönnuður sem hefur gott auga fyrir kvenleika og fegurð. Hann er fæddur í Taílandi en flutti til Kaliforníu og síðan New York þar sem hann hefur verið að gera góða hluti.

Það ríkti sannkölluð vetrarstemning þegar Lim sýndi vetrartískuna en hann bauð gestum upp á heitt súkkulaði með sykurpúðum. Hann vildi að klæðnaðurinn hentaði hverri og einni konu á sem náttúrulegastan hátt en innblástur sótti hann í bíla- og mótorhjólakeppni. Leður og ull voru fyrirferðarmikil efni í sýningunni og litirnir haust- og vetrarlegir. Fylgihlutir sem voru mest áberandi voru handtöskurnar, stór sólgleraugu og há leðurstígvél og leðurlegghlífar.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447



Benetton Smáralind – Benetton Glerártorgi

# FANN BREYTINGU TIL BATNAÐAR

**ICECARE KYNNIR** *Bio-Kult Candéa er blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og þrúgukjarnaþykkni sem virkar sem öflug vörn gegn Candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla.*

Fjölnir Kvaran Brynjarsson var með mikil óþægindi vegna mataróþols og ristilkrampa til margra ára. Hann breytti mataræðinu en fann ekki þá breytingu sem hann vonaðist eftir. „Eftir að ég byrjaði að taka inn Bio-Kult Candéa breyttist líðanin til mikilla muna, ristilkrampinn hvarf og ég þoli glúten og sykur betur en áður. Ég tek tvö hylki á dag með morgunmatnum. Ef það kemur fyrir að ég gleymi að taka hylkin koma gömlu einkennin aftur,“ segir Fjölnir.

„Ég er ekki lengur algjörlega upptekinn af því hvað ég set ofan í mig og finn mikinn mun á mér.“

**BIO-KULT CANDÉA FYRIR ALLA**

Bio-Kult Candéa er öflug blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og þrúgukjarnaþykkni (e. grape seed extract). Það virkar sem öflug vörn gegn Candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla. Sveppasýking getur lýst sér á mismunandi hátt og komið fram með ólíkum hætti. Einkenni sveppasýkingar geta meðal annars verið munnangur, fæðuóþol, pirringur, skapsveiflur, þreyta, meltingartruflanir, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni og alls kyns húðvandamál.

Bio-Kult Candéa-hylkin henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Þau fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á heimasíðu Icecare, **Icecare.is.**




### ÁNÆGÐIR VIÐSKIPTAVINIR

- *Ég mæli með Bio Kult Candéa fyrir skjólstæðinga mína*
  ***Sigríður Jónsdóttir***
  ***DHD-markþjálfi og fíkniráðgjafi** (ICADC)*
- *Bio Kult Candéa virkar vel á sveppasýkinguna.*
  ***Linda Andrésardóttir***
- *Rósroðinn hvarf með notkun á Bio Kult Candéa.*
  ***Sigrún Þorsteinsdóttir***
- *Exemið, sprungnir hælar og sykurþörfin horfin.*
  ***Bára Árný***
- *Loksins er ég laus við ristilkrampaköstin*
  ***Jóhanna Þorvaldsdóttir***
- *Ég mæli hiklaust með Bio-Kult Candéa hylkjunum, þau hafa gjörbreytt lífi mínu til hins betra.*
  ***Silja Ívarsdóttir***

# HJÁLP FYRIR HÁRIÐ

*Hair Volume stuðlar að líflegra hári.*

Eva starfaði alla starfsævina sem hárgreiðslukona og það skiptir hana miklu máli að hár hennar sé heilbrigt. Hún var alltaf óánægð með sitt slétta og fíngerða hár. Hún hefur nú um nokkurt skeið notað Hair Volume og er mjög ánægð. Hár hennar er líflegt og þykkt.

Eva er 74 ára og býr suður af Kaupmannahöfn. Hún ljómar öll þegar hún talar um árin sem hún starfaði í hárgreiðslunni. „Ég vann alla starfævina sem hárgreiðslukona. Ég hafði alltaf mikinn áhuga á fötum, skóm og hári. Þegar ég var yngri gekk ég alltaf á háum hælum en ég er orðin of gömul til að geta það í dag. Jafnvel þó árin hafi færst yfir er engin ástæða til að leggjast í kör og hætta að hugsa um útlitið. Það er mér mjög mikilvægt að hárið á mér sé vel snyrt og heilbrigt.“

**REYNDI HAIR VOLUME**

„Ég las um Hair Volume í tímariti fyrir um þremur mánuðum. Mér fannst það sem ég las mjög áhugavert. Ég fór beint út í apótek og keypti mér pakka. Afgreiðslukonan var mjög jákvæð í garð vörunnar og sagði mér að hún innihéldi mörg gagnleg efni. Ég fór heim full væntinga um kaupin.“

**MÆLI MEÐ TÖFLUNUM VIÐ ALLA**

„Eftir að hafa tekið töflurnar í þrjá mánuði er ég ekki í nokkrum vafa um að ég mun halda áfram að taka þær. Hárið á mér er líflegra en nokkru sinni og ég sé mun bæði á húð og nöglum. Ég er nýbúin að kaupa tvo pakka til viðbótar svo ég verði ekki uppiskroppa. Mér er sönn ánægja að mæla með Hair Volume við alla sem ég þekki. Afgreiðslufólkið í apótekinu er meira að segja farið að taka töflurnar“ segir Eva með stolti.

**AFGREIÐSLUSTAÐIR**

Hair Volume fæst í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða. Frekar upplýsingar er að finna á www.icecare.is eða á **www.newnordic.com**



**FYRIR ALLA** Bio-Kult Candéa-hylkin henta vel fyrir alla, líka barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn.

### NÝ UPPFINNING

**Hair Volume er nýjung á markaðnum. Hair Volume er eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unnin er úr eplum. Töflurnar næra rætur hársins með bíótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins og kopar sem viðheldur eðlilegum lit – hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár. Töflurnar innihalda líka þykkni úr hirsi, kísli og B-vítamínum.**

**AÐEINS EIN TAFLA Á DAG**




**HAIR VOLUME** Eflir hárvöxt, styrkir og þykkir hárið. Innihald; elfting (horsetail extract), epla-extract, hirsi (millet extract), amínósýrur L-Cysteine og L-methinonine, bíótín, pantótenat sýra, zink og kopar. Aðeins ein tafla á dag.

# VIÐHELDUR GÓÐRI SJÓN

**AÐEINS EIN TAFLA Á DAG**

*Blue Berry-töflurnar hjálpa til við að viðhalda góðri sjón.*

Lútein er litarefni sem er að finna í bláberjum og einnig í gula bletti augans – þeim hluta sjónhimnunnar sem gerir okkur kleift að sjá skýrt það sem er beint fyrir framan okkur.

**ÞAÐ ER NAUÐSYNLEGT AÐ VIÐHALDA EÐLILEGRI SJÓN**

Bente hefur gaman af því að lesa í frístundum sínum. Hún les einnig mikið vinnu sinnar vegna en hún starfar við gerð hljóðbóka. Þess vegna leist henni ekki á blikuna þegar hún fór að lenda í vandræðum með augun fyrir um það bil ári síðan. Lestu um kynni Bente af Blue Berry, en þeirri sögu deilir hún með glöðu geði.

„Fyrir um ári fór ég að taka eftir breytingum á sjóninni þegar ég var að lesa. Þar sem ég les bæði mér til yndis og í starfi mínu olli þetta mér nokkrum vandræðum. Ég hélt ég þyrfti að fá gleraugu. Ég fann líka fyrir óöryggi þegar ég ók bíl í myrkri. Ég var farin að halda að þetta væri aldrinum að kenna.“

**HERFLUGMENN BORÐA BLÁBER**

„Ég hafði heyrt mjög margt gott af bláberjum og að herflugmenn borðuðu bláber fyrir næturflug. Þess vegna fannst mér ráð að reyna Blue Berry-töflurnar. Ég er í raun og veru ekkert hrifin af fæðubótarefnum þar sem ég borða holla og næringarríka fæðu en Blue Berry kom mér verulega á óvart. Ég er mjög ánægð með töflurnar.“

**MÆLI MEÐ BLUE BERRY-TÖFLUNUM**

„Í fyrstu sagði ég engum frá því að ég væri að taka inn Blue Berry-töflurnar frá New Nordic en núna mæli ég glöð með þeim við vini, samstarfsfólk og fjölskyldumeðlimi.“

**NOTKUN BLUE BERRY**

Flestir byrja að taka Blue Berry þegar þeir finna að sjónin er að breytast en það er ekkert sem mælir móti því að byrja fyrr til að fyrirbyggja breytingar. New Nordic Blue Berry-töflurnar koma ekki í staðinn fyrir heilsusamlegt og fjölbreytt fæði en þær eru góður kostur til að viðhalda augnheilsu, ríkar af lúteini og A-vítamíni. A-vítamín hjálpar til við að viðhalda eðlilegri sjón. Takið eina töflu daglega með morgunmatnum.

**GÖMUL HEFÐ Í NÝJUM BÚNINGI**

Vörur sem innihéldu bláber voru með fyrstu fæðubótarefnum sem fengust í apótekum. Þessi kunna ofurfæða hefur verið vinsæl um aldir.

Í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar þróaði New Nordic Blue Berry-töflurnar sem innihalda náttúrulegt lútein í samsvarandi magni og er í einu kílói af ferskum bláberjum. Sú þróun er gott dæmi um hvernig náttúrulækningar í bland við nútíma tækni geta skilað miklum árangri.



### BLUE BERRY

**Verndar og styrkir sjónina.**
**Innihald: A-vítamín, zink, kopar, bláberjaþykkni eyebright-extract (Euphrasis officinalis), lútein úr tagetes-þykkni.**

**Aðeins ein tafla á dag.**
**Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og í heilsuhillum stórmarkaðanna**




**BLUE BERRY** inniheldur mikið magn af lúteini, náttúrlega litarefninu sem stuðlar að virkni gula blettsins í auganu sem gerir okkur kleift að sjá skýrt. Blue Berry frá New Nordic er fáanlegt í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða. Upplýsingar er hægt að fá á www.icecare.is eða á www. newnordic.com

# LAUMUHÚÐFLÚR

**TÍSKA** *Húðflúr verða æ algengari meðal kvikmyndaleikara, fyrirsæta og tónlistarfólks. Fjölbreytileikinn er allsráðandi en smá og smekkleg húðflúr sjást víða á ökklum, úlnliðum og fingrum stjarnanna.*



## Sienna Miller

**Stjarna er klassískt viðfangsefni húðflúrara. Leikkonan Sienna Miller er með þrjár litlar stjörnur á öxlinni sem eiga að tákna ást, heiður og traust.**



## Anne Hathaway

**Leikkonan hæfileikaríka er með fágað M húðflúrað á úlnliðinn. Hún hefur aldrei gefið upp fyrir hvað það stendur.**



## Scarlett Johansson

**Ég (hjarta) NY stendur á armbandi sem leikkonan er með húðflúrað um úlnlið sér.**



## Kate Moss

**Fyrirsætan fræga er með fjölda húðflúra sem endurspegla rokkaðan persónuleika hennar. Hún er með akkeri á úlnliðnum, sól og mána á hvorum fæti og tvær svölur neðst á bakinu sem listamaðurinn Lucian Freud húðflúraði á hana.**



## Cara Delevingne

**Fyrirsætan kná er með mynd af ljóni húðflúraða á hægri vísifingur.**



## Helen Mirren

**„Ég var mjög drukkin og mjög ung. Þetta var á tíma þegar aðeins sjóarar og fangar fengu sér húðflúr. Ég ákvað að fá mér húðflúr því mér fannst sem það væri það mest sjokkerandi sem ég gæti gert,“ segir Helen Mirren sem þolir ekki húðflúrið sitt í dag.**



## David Beckham

**Fótboltakappinn er alsettur húðflúrum og flest þeirra eru áberandi. Eitt nýjasta húðflúrið sýndi hann á ferð sinni um Kína nýverið. Í kínversku letri er ritað: Líf og dauði ræðst af örlögum, tign og auði sem ákveðinn er á himnum.**




Höfum opnað aðra verslun í húsi Máls og menningar, Laugavegi 18

Amma mús - handavinnuhús

**Amma mús - handavinnuhús**
Laugavegur 18, 101 Reykjavík
Opið mán – fös 11-20 lau 11-17 -sun 12-17
Ármúla 18, 108 Reykjavík
Opið mán – fös 9-18 og lau 11-15 sími 511 3388




BetterYou™
Eins og náttúran hafði í hyggju

MagnesiumOil
Sport
Spray

Færðu oft harðsperrur eða vöðvakrampa?




- Fyrirbyggir harðsperrur og vöðvakrampa
- Flýtir fyrir endurheimt vöðva eftir æfingar
- Borið beint á vöðvana og virkar strax

Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is og á Facebook síðunni Better You Ísland

Fæst í flestum apótekum, Lifandi Markaði, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaup, Crossfit Reykjavík, Crossfit Hafnarfirði, Systrasamlaginu og TRI Suðurlandsbraut

PRENTUN.IS

# “Leður-Bikerjakki”



Einn litur.

**Verð 12.900 kr.**

“ Nýtt kortatímabil”

Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516

Kíkið á myndir og verð á Facebook

# LEIÐSÖGUNÁM

**VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU**

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
Leiðsögunámið í Ferðamálaskóla Íslands bætti miklu við þekkingu mína á landinu sem og sögu og menningu þjóðarinnar. Þessir þættir voru ofnir saman á einkar áhugaverðan og skemmtilegan hátt og kryddað margs konar fróðleik og frásögnum. Auk þess spannaði námið allt frá leiðsögutækni til laxveiðáa, frá skyndihjálp til skógræktar og frá hvalafræðum til hverasvæða svo nokkuð sé nefnt. Skipulag námsins var sveiganlegt en með ákveðnu aðhaldi stjórnenda sem skapaði gott andrúmsloft í þessum alþjóðlega hópi nemanda. Þessum tíma var mjög vel varið hvort sem maður hyggur á ferðaleiðsögn eða ekki.



MAGNÚS JÓNSSON
FV. VEÐURSTOFUSTJÓRI

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**

**Eru ekki allir örugglega að fá sér D vítamín núna?**

3 mánaða skammtur




DLUX 1000
handhægi D-vítamín úðinn, hámarksnýting

BetterYou

www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.

# RÁÐ GEGN BAUGUM

*Djúpir baugar og dökkir hringir í kringum augun gera lítið fyrir útlitið. Ýmsar ástæður eru fyrir baugamyndun og ýmislegt er til ráða.*

Baugar fylgja gjarnan hækkandi aldri. Erfðir hafa sömuleiðis sitt að segja sem og líðan og lifnaðarhættir.

**EFTIRFARANDI ÞÆTTIR GETA HAFT ÁHRIF Á BAUGAMYNDUN:**

- Líkamlegt og tilfinningalegt álag, slæmt mataræði, reykingar og óhófleg drykkja.
- Stíflað nef getur gert það að verkum að æðar undir augum tútna út og dökkna.
- Sólböð gera það að verkum að húðin virkar frísklegri um sinn. Til lengdar leiða þau þó til þess að líkaminn framleiðir meira melanín sem dekkir húðina, meðal annars í kringum augun.
- Með aldrinum þynnist húðin. Auk þess dregur úr fitu- og kollagenframleiðslu sem gerir það að verkum að æðarnar undir augunum verða sýnilegri.

**HVAÐ ER TIL RÁÐA?**

- Kælið augnsvæðið. Haldið kaldri skeið upp við augað. Eins er hægt að prófa kælda notaða tepoka, agúrkusneiðar eða annan kælibakstur.
- Sofið með hátt undir höfði til að draga úr vökvasöfnun undir augum.
- Gætið þess að sofa vel og reglulega. Svefnleysi veldur ekki baugum í sjálfu sér en svefnlausir eru hins vegar oft fölir, sem undirstrikar dökka litinn undir augunum. Þá geta baugarnir virkað dýpri en ella eftir margar svefnlausar nætur.
- Notið saltvatnslausn eða nefdropa til að losa nefstíflu.
- Notið sólgleraugu til að draga úr áhrifum sólar á augnsvæðinu.
- Berið serum á augnsvæðið. Snyrtivöruframleiðendur keppast við að framleiða vörur fyrir augnsvæðið en serum, sem inniheldur mun hærra hlutfall næringarefna en krem, þykir bera mestan árangur.
- Notið réttan hyljara. Ef baugarnir eru bláleitir ætti að nota ferskjulitaðan hyljara, ekki ljósan eða grátóna.
- Notið ætíð ofnæmisprófaðar vörur á jafn viðkvæm svæði og augun. Aðrar vörur geta valdið, kláða, pirringi, roða og bólgum, sem hefur slæm áhrif á bauga.

*Heimild: www.mayoclinic.com*



**ALDUR, LÍÐAN OG LIFNAÐARHÆTTIR** Vissir þú að stíflað nef getur ýtt undir baugamyndun?









## HÚS VERSACES SELT

**Eitt frægasta hús Bandaríkjanna, setur tískuhönnuðarins Gianni Versace í Miami, hefur verið selt. Versace var myrtur á tröppunum fyrir utan höfðingjasetrið árið 1997. Þremur árum síðar seldi fjölskylda hans húsið auðjöfrinum Peter Loftin. Húsið hefur síðustu ár verið notað sem einkaklúbbur. Loftin fór á hausinn fyrir nokkru og hefur í þó nokkurn tíma reynt að selja húsið. Upphaflega óskaði hann eftir 125 milljónum dollara (15 milljörðum króna) fyrir húsið en fljótlega var verðið lækkað. Á uppboði nýlega var það síðan selt fyrir 41,5 milljónir dollara eða um fimm milljarða íslenskra króna.**

**Kaupandinn er fjárfestingafyrirtæki á vegum Nakash-fjölskyldunnar sem stjórnar Victor-hótelinu sem stendur næst setri Versace. Boði þeirra var tekið en það var örlítið hærra en boð auðjöfursins Donalds Trump sem einnig ásældist eignina.**

**Steven Nakash sagði fjölskylduna hafa beðið lengi eftir að eignast húsið. „Þetta er afar sérstakt hús enda taka fleiri myndir af því utanverðu en af Hvíta húsinu enda getur fólk ekki farið inn í það. Við viljum leyfa fólki að koma inn og sjá," segir hann en líklegt er að húsinu verði breytt í hótel og að öllum líkindum verður hönnuðinum sáluga gert hátt undir höfði í hönnuninni.**

**Versace keypti húsið árið 1992 fyrir minna en þrjár milljónir Bandaríkjadala (um 360 milljón krónur). Hann eyddi hins vegar 33 milljónum dollara (um fjórum milljörðum króna) í að gera það upp. Versace var þekktur fyrir íburðarmikinn smekk og bar heimili hans í Miami því vitni. Setrið er í miðjarðarhafsstíl fjórða áratugarins. Í því eru tíu svefnherbergi, ellefu baðherbergi og sundlaug húðuð 24 karata gulli. Í húsinu eru freskur á veggjum, ítalskur marmari og gull- og marmaraskreytt salerni.**



## Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólbarðar



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## Varahlutir

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**VANTAR ÞIG PÍPARA ?**
Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.gardathjonustaislands.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

**HIMNAMÁLUN**
Geri tilboð í allt sem tengist málningarvinnu og sandsparsli. Heiðarleiki, fagmennska og sanngjarnt verð. Himnamálun Hilmar Sigurðsson málarameistari S: 851-1960. himnamalun@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**AH-RAF**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Verslun




## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd

Býð upp á gott nudd, heilnudd og íþróttanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/síðumúli S. 894 4817.

nudd nudd nudd, slökunar nudd, opið 9-24 Zlata S:8977427

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.


# MYGLUSVEPPUR?

## Er myglusveppur áhættuþáttur fyrir heilsu fjölskyldunnar?

**Þurrktæki**




Tilboð 39.900 í sept

Ókeypis rakamælir fylgir með

Stjórnaðu loftrakanum
Kemur í veg fyrir myglu
Valið best í prófi

**Viftur**



Rakastýrðar
Hljóðlátar
Eigum yfir 300 gerðir á lager

íshúsið

www.ishusid.is • S:566 6000
Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata

## atvinna

**Píparar eða menn vanir pípulögnum óskast til starfa sem fyrst.**

Áhugasamir sendi upplýsingar, nafn og símanúmer til box@frett.is merkt Pípari-1809

Öllum umsóknum verður svarað.

MOSFELLSBÆR

### Lausar stöður við leikskólann Hlíð

**Leikskólakennari, þroskaþjálfi eða annað starfsfólk óskast við leikskólann Hlíð Mosfellsbæ sem fyrst.**

Um er að ræða stuðning við barn svo og almennt starf á deildum.

Leikskólakennaramenntun eða reynsla af uppeldisstörfum með ungum börnum æskileg.

Hlíð er 100 barna leikskóli staðsettur í miðbæ Mosfellsbæjar í fallegu umhverfi og stutt í fjölbreytta náttúru. Upplýsingar um störfin veitir Jóhanna S.Hermannsdóttir leikskólastjóri í síma :8612957 og Ása Jakobsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 5667375.

Umsóknum skal skila á netfangið hlid@mos.is ásamt upplýsingum um menntun og reynslu fyrir **1. okt. 2013**
**Kjör eru skv.samningi Mosfellsbæjar** við Félag leikskólakennara eða Starfsmannafélag Mosfellsbæjar.

**Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um störfin.**

tryggja.is

**Vegna vaxandi verkefna þá óskum við eftir fersku og vönduðu fólki til vinnu.**

**-Ráðgjafa á einstaklingssvið**
**Starfslýsing;** heimsækja heimili og vinnustaði og kynna þjónustu og vöruúrval tryggja.is
**Hæfniskröfur;**
Reynsla af sölumennsku.
Mikilvægt er að geta unnið sjálfstætt og undir álagi.

**-Ráðgjafa á fyrirtækjasvið**
**Starfslýsing;** afla nýrra viðskipta í ört vaxandi viðskiptamanna hóp tryggja.is, kynna vörur og þjónustu fyrir lykilmenn.
**Hæfniskröfur;** Háskólamenntun sem nýtist í starfi, gott að hafa starfað í tryggingа eða fjármálageiranum. Mikilvægt er að geta unnið sjálfstætt og undir álagi.

***Hreint sakavottorð skilyrði.***
***Samkeppnishæf laun í boði í öllum störfum - grunnlaun + árangurstenging.***
***Hjá okkur færð þú góðan starfsanda, símenntun sem miðar að því að þú vaxir og dafnir í starfi og lifandi starfsmannafélag.***

**Tökum við umsóknum til 25 september. Vinsamlega sendið umsókn og ferilskrá með mynd á baldvin@tryggja.is Allar upplýsingar um fyrirtækið má nálgast á www.tryggja.is**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði



**FRAMLENGDU SUMARIÐ Á SPÁNI**
Glæsilegt einbýlishús með einkasundlaug í La Marina,20km frá Alicante,til leigu Frábær garður,flott staðsetning Uppl: husaspani@gmail.com

Herbergi með sér baði og sameiginlegri eldhúsaðstöðu til leigu. Leigist yfir vetrartímann. Hótel 66, Grenásvegi 14 S. 588 0000

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð, helst miðsvæðis. Traustur og góður leigjandi. uppls. í síma: 691-6896.

### Gisting



**ENDURNÆRING Í STYKKISHÓLMI**
Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsibudir.is

### Geymsluhúsnæði

Útilegu maðurinn

Tökum ferðavagna í vetrargeymslu. Upphitað og vaktað. Útilegumaðurinn Korputorgi. Sími 551-5600.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

**FULLT STARF - REYKJAVÍK**
Óskum eftir hressu og duglegu fólki til að starfa með okkur í bakríinu okkar á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. Vinnutími frá kl. 13:00-18:30 virka daga einnig annanhvern laugardag eða sunnudag.
**Áhugasamir geta sótt um á heimasíðu okkar og er slóðin www.mosfellsbakari.is/umsokn.asp**

REGNBOGINN
- leikskóli -

**LAUS STAÐA**
Vegna fæðingarorlofs leitum við eftir einstaklingi sem er ljúfur í lund, ábyrgur og samstarfsfús til starfa næsta skólaár. Best væri að viðkomandi gæti hafið störf sem fyrst. Rík áhersla er á umhyggju, virðingu og gleði í öllum samskiptum og eru það lykilhugtök í öllu daglegu starfi skólans.
**Áhugasamir sendi tölvupóst á regnbogi@regnbogi.is eða hafið samband við undirritaða í síma 899-2056 eða 557-7071 Lovísa Hallgrímsdóttir leikskólastjóri**

Við erum að leita að harðduglegum starfsmönnum til vinnu. Þurfa að vera stundvísir, tala íslensku, með sjálfstæð vinnubrögð, skipulagðir og áhugasamir. Reynsla af garðyrkjustörfum væri kostur. Umsóknir á www.gardlist.is eða thorey@gardlist.is





Minna að fletta **meira að frétta**

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlaununum 2012.**

**visir.is**




BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN
*Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að."*

**Starfsmenn á hjólbarðaverkstæði**

Vegna aukinna umsvifa leitum við að starfsfólki á hjólbarðaverkstæðin okkar

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Gest í síma 825 2235

Bílabúð Benna

Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 Heimasíða: benni.is

Stýrimaður óskast á 70t rækjubát sem rær frá norðurlandi. Uppl. í s. 866 9874.

Óska eftir vélstjóra á bát á línuveiðum. Uppl. s. 898 0504.

Óska eftir bifvélavirkja með réttindi í vinnu til Noregs sem fyrst. Verður að tala ensku eða norsku,húsnæði á staðnum. Góð laun í boði. sími 8612680

TOKYO sushi

**TOKYO SUSHI**

er vinsæll veitingastaður í Glæsibæ sem býður ferska og fljótlega hollustu. Við leitum að jákvæðum og kraftmiklum starfsmönnum

1. Aðstoðarfólk til að vinna í eldhúsinu okkar í hluta starfi og fullu starfi.

2. Afgreiðslufólk í sal.

**Sendu okkur umsókn á tokyo@tokyo.is með ferilskrá og mynd. Upplýsingar um staðinn er á www.tokyo.is.**

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

Kona, leitar þú að raunverulegri tilbreytingu? Notaðu Rauða Torgið, það er frítt og það virkar. Auglýstu núna í síma 535-9923

Tilbreyting? Nú eru margar nýjar auglýsingar kvenna sem leita ævintýra með körlum á Rauða Torginu Stefnumót. Símar 905-2000 og 535-9920.

**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur ◦ live spjall
908-6000 • 535-9999

**GEFÐU HÆNU**

gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...gódar fréttir fyrir umhverfið

## fasteignir

**heimili FASTEIGNASALA**

# Óska eftir

**5-6 herbergja sérbýli eða sérhæð í túna- , grunda- og hólmahverfi Kópavogs og nágrenni Snælandsskóla.**

**Staðgreiðsla í boði fyri réttu eignina.**



Nánari upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson lögg. fasteignasali á skrifstofu og í síma: 699-3444.

530 6500 Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Þessi blessaða rigning!**
Lekur húsið, er komin fúkkalykt eða mygla ?
Sinni almennu viðhaldi í fasteignum.
Uppl. í s. 895 9801 • oskar@sbd.is • www.sbd.is

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**
*Viðgerðir og viðhald fasteigna!*
*Alhliða húsaviðgerðir - Flísalagnir*
*Veggjakrotsvarnir - Múrverk*
*Fyrirbyggjandi varnir*
**Sími: 565-7070**



**Dáleiðsla**
Betri svefn - hætta að reykja - léttast / þyngjast og láta sér líða betur á margan annan máta
Ingibjörg Bernhöft
Sjúkraliði og Dáleiðslutæknir
ibernhoft@gmail.com • S.863 8902

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**
Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

**VARAHLUTIR**
**Iveco • Benz • Man • Renault**
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**Iveco**
**Viðgerðar- og varahlutaþjónusta**
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
Smiðjuvegur 2 • Kópavogur
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**
• Tekur venjulegt GSM SIM kort.
• Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
• SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
• Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
• Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
• Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
• Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
**Uppl. í síma 699-6869 og www.rafeindir.is**

**SPARAÐU BENSÍN!**
**Metan uppfærðu bílinn þinn**
Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða
bigas
VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

**Bílaþjónusta Bjarka ehf**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og slípun

***Glugga- og hurðasmíði***
Þeim stærðum og gerðum sem henta þér!
Gluggar
Hurðir
Opnaleg fög
Breytingar
Viðhald
Særeki Smíðaþjónusta
S.: 862-7894 | saereki.is | saereki@saereki.is

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Viktor




TILBOÐ

Rauðsprettuflök
- með roði
1.090 kr.kg

Rauðsprettuflök
- roðlaus, beinlaus
1.490 kr.kg

Rauðspretturéttur
- Lime og Kóríander
- Sítrónu og smjör marinerað
1.490 kr.kg

Fiskibollur
2 fyrir 1

Fiskikóngurinn
Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is

## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 5 | 2 | | 6 |
| | | | | 9 | 6 | 3 | | 7 |
| 5 | | | | | 2 | 4 | | 8 |
| | 1 | | 5 | 2 | | | | 3 |
| | 7 | 3 | | 1 | 8 | | 2 | |
| | | 5 | 9 | | | | | |
| 8 | | 6 | | 4 | 7 | | | |
| | 2 | 7 | 8 | | 1 | | | |
| 4 | | | 3 | 6 | | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 9 | 1 | 5 | |
| | | 2 | | 7 | 5 | 6 | | |
| | 4 | | | | 2 | | 8 | |
| | | | | | 6 | | 2 | |
| 2 | 8 | | | | | | | 1 |
| 7 | 1 | | | | 3 | | | |
| | 3 | | 2 | | | 8 | 7 | |
| 5 | | | | | | | | |
| | 7 | 1 | 5 | | | | 4 | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 6 | | | | 3 | |
| | 6 | | | 8 | 9 | | 7 | 1 |
| | | 8 | 1 | | | | | 6 |
| 4 | 2 | | | 5 | 3 | | | |
| | | 9 | | | 8 | | 5 | |
| | | | 9 | | | | | |
| | | 2 | | 1 | | 6 | 4 | |
| | | | | | | 2 | | 3 |
| 5 | | | 8 | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 7 | 3 | 8 | 1 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 4 | 6 | 1 | 2 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 |
| 1 | 3 | 5 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 |
| 2 | 4 | 7 | 5 | 3 | 8 | 6 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 6 | 7 | 4 | 1 | 3 | 2 | 5 |
| 3 | 2 | 4 | 1 | 6 | 5 | 9 | 7 | 8 |
| 6 | 1 | 9 | 4 | 8 | 7 | 5 | 3 | 2 |
| 7 | 5 | 8 | 3 | 9 | 2 | 1 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 9 | 3 | 5 | 4 | 1 | 2 | 7 |
| 4 | 1 | 5 | 2 | 6 | 7 | 3 | 9 | 8 |
| 7 | 2 | 3 | 8 | 9 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 2 | 7 | 6 | 9 | 1 | 8 | 5 | 3 | 4 |
| 5 | 9 | 8 | 4 | 2 | 3 | 7 | 6 | 1 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 2 |
| 8 | 4 | 7 | 5 | 3 | 6 | 2 | 1 | 9 |
| 9 | 5 | 1 | 7 | 8 | 2 | 6 | 4 | 3 |
| 3 | 6 | 2 | 1 | 4 | 9 | 8 | 7 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 3 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 7 | 3 |
| 7 | 9 | 5 | 3 | 6 | 8 | 1 | 2 | 4 |
| 9 | 7 | 8 | 6 | 3 | 5 | 4 | 1 | 2 |
| 5 | 1 | 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 3 | 9 |
| 2 | 4 | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 2 | 4 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 6 |
| 1 | 5 | 9 | 2 | 4 | 6 | 3 | 8 | 7 |
| 3 | 6 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 4 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Öll dýr eru jöfn en sum dýr eru jafnari en önnur.

*George Orwell*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** gljáhúð, **6.** í röð, **8.** geislahjúpur, **9.** hljóma, **11. 49, 12.** mæling, **14.** gáleysi, **16.** sjó, **17.** niður, **18.** skelfing, **20.** skóli, **21.** mýkja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** botnfall, **3.** í röð, **4.** umhverfis, **5.** óvild, **7.** smáræði, **10.** sóða, **13.** þangað til, **15.** nýlega, **16.** sunna, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lakk, **6.** rs, **8.** ára, **9.** óma, **11.** il, **12.** mátun, **14.** vangá, **16.** sæ, **17.** suð, **18.** ógn, **20.** ma, **21.** lína.
**LÓÐRÉTT: 1.** gróm, **3.** aá, **4.** kringum, **5.** kal, **7.** smávægi, **10.** ata, **13.** uns, **15.** áðan, **16.** sól, **19.** nn.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Friðrik Ólafsson og Áskell Örn Kárason urðu í 2.-3 sæti á NM öldunga sem lauk fyrir skemmstu á Borgundarhólmi. Áskell vann þar fráfrandi Norðurlandameistara Jörn Sloth.**

**Svartur á leik**



37...e3! 38. fxe3 fxg3 39. Kd4 gxh2 og hvítur gafst upp þar sem hann getur ekki stöðvað svörtu peðin. Daninn Jens Kristiansen varð Norðurlandameistari. Sigurður Kristjánsson tók einnig þátt. **www.skak.is.** Gagnaveitumótið– Haustmót TR í fullum gangi.

# Ripley's Ótrúlegt en satt!

## Eymundsson Smáralind

**Í dag | kl. 19:00**

Einar Mikael töframaður og Dan Meyer sverðgleypir verða á svæðinu með sýningu og árita svo bókina í Eymundsson.

## Ripleys munir verða til sýnis!




Vildarverð
kr. 3.999
Verð áður 4.999 kr.

Gildir til og með 25. september.







Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
PENNINN - Hallarmúla 4

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

# Napólílögin hljóma á Óðinsgötu

Árni Heiðar Karlsson og Gissur Páll Gissurarson á tvennum stofutónleikum.

Árni Heiðar Karlsson píanóleikari og Gissur Páll Gissurarson tenór koma fram á stofutónleikum á Óðinsgötu 7 dagana 26. og 27. september næstkomandi.

Fyrir rúmu ári tróðu þeir félagar upp á stofutónleikum í Þingholtunum með íslensk sönglög og komust þá færri að en vildu. Nú koma þeir fram á tvennum tónleikum með nýtt prógramm með Napólílögum og í hléi munu þeir ásamt húsráðendum traktera tónleikagesti á ítölskum veitingum.

Í Napólí hefur skapast sérstök sönglagamenning sem í daglegu tali eru kölluð Canzone Napoletana, eða Napólílög. Lögin eru um margt sérstök því þau fleyta rjómann af aríum ítölsku óperunnar, en eru samt byggð á þjóðlagagrunni og þau má heyra flutt, jafnt með einum gítar sem heilli sinfóníuhljómsveit.

➜ Í Napólí hefur skapast sérstök sönglagamenning sem í daglegu tali eru kölluð Canzone Napoletana.



**STOFU-TÓNLEIKAR** Árni Heiðar Karlsson píanóleikari og Gissur Páll Gissurarson tenór verða með nýja dagskrá í Þingholtunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÍFIÐ Í VATNSMÝRINNI** Settar hafa verið upp sex innsetningar víðsvegar um mýrina.

# Innsetningar á nýrri Vatnsmýrarsýningu

Gestum gefst færi á að upplifa lífríki Vatnsmýrinnar, skyggnast undir yfirborð vatnsins og fleira.

Í Vatnsmýrinni er nú hægt að upplifa lífríkið á nýjan hátt, skyggnast undir yfirborð vatnsins, fá yfirsýn yfir ferðir fuglanna og hlusta á tóna mýrarinnar.

Á sýningunni Lífið í Vatnsmýrinni í Norræna húsinu árið 2012 var fuglunum, mannlífinu og gróðrinum þar gerð skil. Sýningin var liður í samstarfi Norræna hússins, Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar við að endurheimta votlendið í Vatnsmýrinni og friðinn í varplandinu.

Sem framhald af sýningunni hafa nú verið settar upp sex innsetningar víðsvegar um mýrina þar sem gestum gefst kostur á að kynnast mýrinni betur og fræðast um votlendið.

**Innsetningarnar eru eftirfarandi:** Fræðsluskilti við Hringbraut þar sem meðal annars má lesa um þróun og virkni Vatnsmýrarinnar og samskipti mannsins og mýrarinnar í gegnum tíðina, fræðsluskilti við Norræna húsið sem segir frá gróðri sem vex í Vatnsmýri og fuglum sem verpa þar, sjónpípa sem hægt er að nota til að skyggnast undir yfirborð vatnsins og kanna lífríkið, gróður eða rusl sem þar er, hásæti þar sem hægt er að virða fyrir sér hvernig landið liggur, ferðir fuglanna og flugvélanna, hlustunarstóll þar sem hægt er að setjast, horfa yfir Hústjörnina og hlusta á kvak, krunk og garg, hlustunarpípur sem magna upp hljóð og hringrásarskilti sem útskýrir samhengi ólíkra þátta í mýrinni. Með því að snúa skiltinu er hægt að lesa um hvern mánuð ársins og uppgötva hringrás mýrarinnar.

Hönnuðir innsetninganna eru Brynhildur Pálsdóttir hönnuður og Magnea Þ. Guðmundsdóttir arkitekt. Grafísk hönnun var í höndum Jónasar Valtýssonar og Ármanns Agnarssonar.

# Minning Hallsteins heiðruð með sýningu

Sýning í Safnahúsi Borgarfjarðar sem opnuð er í dag heiðrar minningu Hallsteins Sveinssonar smiðs (1903-1995) sem gaf Borgfirðingum listaverkasafn sitt.

Hallsteinn Sveinsson átti verk eftir marga merkustu myndlistarmenn þjóðarinnar á síðustu öld. Á ævikvöldi sínu gaf hann okkur Borgfirðingum þau og sú gjöf verður ekki metin til fjár. Við höfum sett upp minningarsýningu honum til heiðurs á hundrað og tíu ára afmæli hans. Þar leggjum við sérstaka áherslu á listina, hugsjónir hans og persónuleika, handverk og muni,“ segir Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður Safnahúss Borgarfjarðar, um sýningu sem þar verður opnuð klukkan 17.30 í dag.

Myndir eftir Kjarval, Hafstein Austmann, Pál Guðmundsson á Húsafelli, Þorvald Skúlason, Nínu Tryggvadóttur, Þorbjörgu Höskuldsdóttur, Jóhann Briem, Kristján Davíðsson og fleiri eru á sýningunni enda segir Guðrún Hallstein hafa laðað að sér listamenn. „Margir kannast við frásagnir af Erlendi í Unuhúsi sem var listamönnum stoð og stytta. Hallsteinn var svipaðrar gerðar. Hann var með innrömmunarverkstæði og laðaði að sér listamenn sem létu hann hafa verk eftir sig sem vinnulaun. Meðal þess sem sjá má á sýningunni er hvernig þeir myndgerðu þennan hollvin sinn í teikningum, málverkum og höggmyndum.“

Hallsteinn var einn af ellefu systkinum. Nafnkunnast þeirra er Ásmundur Sveinsson myndhöggvari. Hann fær sinn sess á sýningunni í Safnahúsinu enda var veigamikill þáttur í hugsjón Hallsteins að miðla verkum Ásmundar í Borgarfjörð. Hallsteinn átti stóran þátt í að verkið Sonartorrek var sett upp við Borg á Mýrum árið 1985.

Með listaverkagjöf sinni lagði Hallsteinn grunn að Listasafni Borgarness. Hann bjó síðustu æviár sín á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi þar sem hann var einnig með smíðaverkstæði.

Sýningin í Safnahúsinu mun standa fram til loka janúar 2014.

gun@frettabladid.is



**Í SAFNAHÚSI BORGARFJARÐAR** Guðrún Jónsdóttir forstöðukona við mynd af Hallsteini, mótaðri í stein af Ragnari Kjartanssyni myndhöggvara. MYND/JÓHANNA SKÚLADÓTTIR

➜ **Inngangur viðtals Jökuls Jakobssonar í Tímanum 29. apríl 1962**

Við Háaleitisveg stendur hús eitt fjarri öðrum húsum og er reist á grýttum mel. Það heitir Uppland. Á annarri álmu hússins horfir mannhæðarhár gluggi á höllum vegg mót vesturhimni og ókunnur vegfarandi mætti ætla, að hér byggi listmálari, sem þyrfti mikla birtu.

Íbúi hússins heitir Hallsteinn Sveinsson, nær sextugur að aldri, einhleypur maður. Listmálari er hann ekki, en líf hans er þó tengt listinni á margan hátt og hann hefur jafnvel borið við að gera höggmyndir, sem hann hefur þó brotið jafnóðum.



**HALLSTEINN SVEINSSON** Smiðurinn átti verk eftir marga merkustu myndlistarmenn þjóðarinnar.



**LEIÐSÖGN** Sýning Sigrúnar Eldjárn ber yfirskriftina Teiknivísindi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sigrún Eldjárn fræðir gesti

Leiðir gesti um og spjallar um sýningu sína.

Myndlistarmaðurinn og rithöfundurinn Sigrún Eldjárn leiðir gesti um og spjallar um yfirstandandi sýningu sína í Listasafni ASÍ við Freyjugötu 41 á laugardaginn næsta, 21. september, klukkan 15.

Sýningin ber yfirskriftina Teiknivísindi og inniheldur að mestu blýantsteikningar af ýmsum stærðum og gerðum.

Sýningin stendur til 29. september og er opin milli 13 og 17 alla daga nema mánudaga. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

# Elín og Theresa ræða við gesti

Leiðsögn og umræður um sýninguna Vísar – húsin í húsinu í Hafnarborg.

Elín Hansdóttir og Theresa Himmer taka þátt í leiðsögn og ræða við gesti um verk sín á sýningunni Vísar – húsin í húsinu í Hafnarborg sunnudaginn 22. september klukkan 15.

Vísar – húsin í húsinu er sýning þar sem staður og rými fá nýja merkingu og hægt er að stökkva fram og aftur í tíma gegnum birtingarmyndir af húsinu í húsinu. Á sýningunni eru ný verk eftir myndlistarmennina og arkitektana Elínu Hansdóttur, Ilmi Stefánsdóttur, Marcos Zotes og Theresu Himmer. Verkin eiga það sameiginlegt að vinna á mörkum myndlistar og arkitektúr þó þau eigi að öðru leyti ólíkan feril að baki.

Verkin á sýningunni kallast á við verk bandaríska listamannsins Gordons Matta-Clark, Conical Intersect, frá árinu 1975, sem er hluti sýningarinnar en þetta er í fyrsta sinn sem verk eftir Matta-Clark er sýnt hér á landi.

Sýningarstjóri er Anna María Bogadóttir en hugmynd hennar að þessari sýningu var valin úr innsendum tillögum síðastliðið haust þegar kallað var eftir tillögum að haustsýningu 2013 í Hafnarborg. Vísar – húsin í húsinu er þriðja sýningin í haustsýningaröð Hafnarborgar en nú er kallað eftir tillögum að sýningu í safninu haustið 2014.



**MYNDLISTARKONA** Elín Hansdóttir býr og starfar í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
NÝ SLÁTRAÐ
FERSKUR HÁLFUR LAMBAHRYGGUR
LUNDAPARTURINN
ÍSLANDS LAMB
1898
krónur kg
NÝ SLÁTRAÐ
FERSKT LAMBALÆRI
ÍSLANDS LAMB
1479
krónur kg
NÝ SLÁTRAÐ
Ali
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
695
krónur kg
KS
HAUST SLÁTRUN 2012
K.S FROSIÐ
1.FL LAMBASÚPUKJÖT
798
krónur kg.
ÍSLANDSLAMB
FERSKT KINDAFILLET
ÍSLANDS LAMB
1998
krónur kg.
TAKMARKAÐ MAGN
SS FROSIÐ LAMBALÆRI
HAUST SLÁTRUN 2012
SS
1198
krónur kg
KJARNAFÆÐI
ÍSLANDSLAMB
FERSKAR KINDALUNDIR
ÍSLANDS LAMB
1998
krónur kg.
TAKMARKAÐ MAGN
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTGRIPA HAKK
1298
krónur kg.
FERSKT 100% NAUTGRIPAHAKK
ÍSLANDS LAMB
1798
krónur kg
SLÁTRUN 2012
FERSKAR LAMBALÆRISSNEIÐAR Í RASPI
AÐEINS 498 kr.kg
1185
krónur 2.38 kg
FROSIN ÓSOÐIN LIFRARPYLSA 2.38 KG.
FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB
KJARNAFÆÐI
1398
krónur kg
KJARNAFÆÐI KJÖTFARS
259
kr. 620gr
NÝTT FERSKT KJÖTFARS
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30

## Ljóðahátíð í frystiklefa

Litla ljóðahátíðin, með fulltingi Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs, stendur fyrir upplestrarkvöldi í Sláturhúsinu á Egilsstöðum annað kvöld, föstudaginn 20. september, klukkan 20.

Fram koma Einar Már Guðmundsson, Ingunn Snædal, Kristín Laufey Jónsdóttir, Sigurbjörg Þrastardóttir og Sjón. Kynnir kvöldsins er Hrafnkell Lárusson.



**Á EGILSSTÖÐUM** Sigurbjörg Þrastardóttir er á meðal þeirra sem koma fram á Egilsstöðum annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leika fyrir 2.758 nemendur

Tónleikaröðinni Tónlist fyrir alla lýkur á morgun á Borðeyri og í Öræfasveit.

Tónleikaröðinni Tónlist fyrir alla lýkur á morgun, föstudag, en alla þessa viku hefur tónlistarfólk á vegum tónleikaraðarinnar leikið fyrir grunnskólanemendur á Vestfjörðum, Austur- og Norðurlandi. Alls eru tónleikar haldnir á 37 kennslustöðum og eru það samtals 2.758 nemendur sem fá þeirra notið.

Tónlist fyrir alla leitast við að bjóða upp á vandaða skólatónleika fyrir börn þar sem skemmtun og menntun haldast í hendur.

Þetta árið eru það Skuggamyndir frá Býsans sem leika balkantónlist fyrir grunnskólanemendur Vestfjarða og ljúka leik á Borðeyri eftir hádegi á morgun, föstudag. Dúó Stemma með þeim Herdísi Önnu Jónsdóttur víóluleikara og Steef van Oosterhout slagverksleikara endar ferð sína á Hofgörðum í Öræfasveit á morgun.



**SKUGGAMYNDIR FRÁ BÝSANS** Sveitin leikur balkantónlist fyrir grunnskólanemendur á Vestfjörðum.



**FATAHÖNNUÐUR** Magnea Einarsdóttir fatahönnuður kynnir verk sín í Hafnarhúsinu í kvöld ásamt vöruhönnuðinum Þórunni Árnadóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Þórunn og Magnea kynna hönnun sína

Fyrsti fyrirlestur Hönnunarmiðstöðvar í vetur fer fram í Hafnarhúsinu í kvöld.

Þórunn Árnadóttir vöruhönnuður og Magnea Einarsdóttir fatahönnuður kynna verkefni sín á fyrsta fyrirlestri Hönnunarmiðstöðvar í vetur. Fyrirlesturinn fer fram í Hafnarhúsinu í kvöld, fimmtudaginn 19. september, klukkan 20, en þeim Þórunni og Magneu var á dögunum boðið að taka þátt í norrænni kynningardagskrá hönnuða sem haldin var í Berlín dagana 1. til 3. september.

Þórunn Árnadóttir útskrifaðist úr vöruhönnun frá Listaháskóla Íslands árið 2007. Árið 2011 lauk hún MA-námi í vöruhönnun frá Royal College of Arts í London. Hún hefur starfað sjálfstætt sem vöruhönnuður síðustu árin og meðal annars getið sér gott orð fyrir verkin Sasa Clock, Pyro Pet og Berg. Nýverið voru Þórunni gerð skil í hönnunartímaritinu Icon sem einni af fimmtíu áhugaverðustu hönnuðum sinnar kynslóðar í heiminum.

Magnea Einarsdóttir útskrifaðist frá Central Saint Martins College of Arts and Design árið 2012. Í skólanum lærði Magnea fatahönnun með áherslu á prjón. Hún hefur einnig stundað nám í Parsons Paris School of Design. Í fyrra lenti Magnea í öðru sæti í fatahönnunarkeppninni Muuse x Vogue Young Talents.

Verðlaunin fékk hún fyrir útskriftarverkefni sitt sem var fatalína. Í kjölfarið hefur Magnea hannað aðra fatalínu í samstarfi við Muuse x sem hefur verið sýnd á tískuvikunum í London og Kaupmannahöfn. Haust- og vetrarlína Magneu er væntanleg á íslenskan markað innan skamms.

# Höfum lengi verið ljóðasöngsteymi

Gunnar Guðbjörnsson tenór og Jónas Ingimundarson píanóleikari flytja Svanasöng Schuberts í Þjóðmenningarhúsinu annað kvöld, föstudag, klukkan 20.

„Við Jónas fluttum þriðja og síðasta ljóðaflokk Franz Schubert, Svanasönginn, í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í sumar og þótt húsfyllir væri þá hafa margir hvatt okkur til að endurtaka leikinn. Við höfum ákveðið að gera það næsta föstudagskvöld, í hinu viðeigandi umhverfi Þjóðmenningarhúsinu,“ segir Gunnar Guðbjörnsson tenórsöngvari þegar haft er samband við hann símleiðis.

Gunnar segir samstarf þeirra Jónasar hafa staðið hátt í aldarfjórðung og tónskáldið Schubert oft hafa komið þar við sögu. „Við Jónas höfum starfað saman lengi sem ljóðasöngsteymi og meðal annars flutt Vetrarferðina og Malarastúlkuna fögru eftir Schubert. Jónas er mikill Schubertmaður og það er frábært að vinna með slíkum reynslubolta. Hann kann þetta upp á sína tíu fingur – sem er gott þar sem hann er píanisti!“

> **Jónas er mikill Schubertmaður og það er frábært að vinna með slíkum reynslubolta.**
>
> *Gunnar Guðbjörnsson tenór*

Sjálfur kveðst Gunnar þó hafa verið í hálfgerðum ljóðadvala í nokkur ár þar til nýlega. Í þættinum Útúrdúr hjá Víkingi Heiðari Ólafssyni flutti hann tvö lög úr Ástum skáldsins eftir Schumann. „Hjá Víkingi Heiðari vaknaði ég fyrst aftur af þessum dvala og er nú kominn á fulla ferð,“ segir hann glaðlega.



**Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSINU** Þeir eru góðir saman Gunnar og Jónas. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Annars starfar Gunnar víðar en í tónleikasölum. Í sumar kveðst hann hafa verið leiðsögumaður hópa, bæði í hringferðum um landið og dagsferðum frá Reykjavík. „En ég fékk eins og tveggja daga frí inn á milli og þá æfðum við Jónas,“ tekur hann fram. Spurður hvort hann syngi ekki fyrir ferðahópana svarar hann. „Jú, ég syng alltaf eitthvað fyrir þá. Reyndar ekki Svanasönginn en ég tek til dæmis alltaf Sjá dagar koma eftir Sigurð Þórðarson þegar ég er á Þingvöllum af því það er úr Alþingishátíðarkantötu Davíðs Stefánssonar.“

Svanasöngurinn er talinn vera síðasta atlaga Schuberts að sönglagaforminu en þar lýsir hann örvæntingu ljóðmælandans af innsæi. Ljóðin sótti hann til þriggja skálda, Ludwigs Rellstab, Heinrichs Heine og Johanns Gabriels Seidl. gun@frettabladid.is

# Háðsádeiluverk á sýningunni Rembingur úti á Nesi

Myndlistarmaðurinn Haraldur Sigmundsson opnar sýningu í Eiðisskeri, sýningarsal Seltirninga á Eiðistorgi, í dag.

Myndlistarmaðurinn Haraldur Sigmundsson opnar sýningu í Eiðisskeri, sýningarsal Seltirninga í Bókasafninu á Eiðistorgi, í dag fimmtudaginn 29. ágúst klukkan 17.

Sýning Haraldar nefnist Rembingur, en dropastíll er hugtak sem myndlistarmaðurinn notar yfir þá aðferð sem hann beitir við gerð verka sinna. Rauði þráðurinn í sýningu Haraldar er háðsádeila á íslenskt samfélag. Þannig bera verkin heiti eins og Draumalandið, Íslenski einhyrningurinn, Þjóðarfjallið, Fyrirheitna landið og Föðurland pabba.

Haraldur er fæddur árið 1980. Hann hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í mörgum samsýningum. Haraldur lauk B.A.-gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2009 og M.Art.Ed.-gráðu í listkennslu árið 2011 frá sama skóla. Hann starfar nú sem myndmenntakennari í Krikaskóla í Reykjavík.

Á námsárum sínum fékkst Haraldur aðallega við teiknimyndamiðilinn en á síðustu árum hefur hann snúið sér meira að málun og gerð þrívíðra verka þar sem hann þekur striga eða tilbúna hluti með þykkum akrýllitum sem sprautað er úr poka með rjómasprautustút. Droparnir eru fíngerðir, þeir fletjast út þar sem þeir snerta flötinn en mynda toppa efst. Þannig öðlast verkin öll þrívíða eiginleika með skuggum, dýpt og hreyfingu.

> → Verkin á sýningunni bera heiti eiti eins og Draumalandið, Íslenski einhyrningurinn, Þjóðarfjallið, Fyrirheitna landið og Föðurland pabba.



**REMBINGUR** Haraldur Sigmundsson notar hugtakið dropastíl yfir þá aðferð sem hann beitir við gerð verka sinna.


í ábyrgð!
Verð: 2.640.000 kr.
Citroën Berlingo Multispace FID95
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 40.000 km. Litur: hvítur
í ábyrgð!
Verð: 2.090.000 kr.
Ford Fiesta Trend GNT74
Árgerð 2012, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 61.000 km. Litur: dökkgrár
í ábyrgð!
Tilboð: 2.790.000 kr.
Ford Focus Titanium DAL62
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 68.000 km. Litur: brúnn
Ásett verð: 2.990.000 kr.
í ábyrgð!
Verð: 1.730.000 kr.
Mazda2 Takara PBU12
Árgerð 2012, bensín, beinskiptur
Ekinn 63.000 km. Litur: hvítur
Kauptu í dag
NÝLEGIR
BÍLAR Í MIKLU ÚRVALI
Á FRÁBÆRU VERÐI
Tökum allar gerðir bíla uppí!
í ábyrgð!
Tilboð: 4.640.000 kr.
Ford Kuga Titanium S AWD IRK61
Árgerð 2012, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 43.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 4.990.000 kr.
í ábyrgð!
Tilboð: 3.850.000 kr.
Ford Mondeo Titanium VOM89
Árgerð 2012, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 58.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 3.970.000 kr.
í ábyrgð!
Verð: 4.490.000 kr.
Citroën C5 Station Dynamique GTV97
Árgerð 2012, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 46.000 km. Litur: grár
ÁRGERÐIR 2011, 2012 og 2013
MINNI EYÐSLA
MEIRA ÖRYGGI
í ábyrgð!
Tilboð: 3.090.000 kr.
Ford Focus Titanium STW ZSD15
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 48.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 3.220.000 kr.
Verð: 3.790.000 kr.
Ford Galaxy Trend 7 sæta HHB27
Árgerð 2011, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 83.000 km. Litur: grár
Tilboð: 3.550.000 kr.
Ford Escape Limited AWD UZT34
Árgerð 2011, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 72.000 km. Litur: ljósgulur
Ásett verð: 3.940.000 kr.
í ábyrgð!
Tilboð: 2.190.000 kr.
Citroën C4 Comfort GXL99
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 58.000 km. Litur: hvítur
Ásett verð: 2.390.000 kr.
Bílafjármögnun Landsbankans
Tilboð: 990.000 kr.
Citroën C1 SX BTY52
Árgerð 2011, bensín, beinskiptur
Ekinn 75.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 1.270.000 kr.
Tilboð: 2.990.000 kr.
Ford Mondeo Trend ULG08
Árgerð 2011, dísil, beinskiptur
Ekinn 61.000 km. Litur: brúnn
Ásett verð: 3.250.000 kr.
Tilboð: 1.990.000 kr.
Ford Focus Trend Collection LZK01
Árgerð 2011, dísil, beinskiptur
Ekinn 71.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 2.250.000 kr.
í ábyrgð!
Verð: 1.890.000 kr.
Ford Fiesta Trend DDX41
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 60.000 km. Litur: grár
í ábyrgð!
Tilboð: 3.390.000 kr.
Mazda6 Premium LHP94
Árgerð 2012, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 43.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 3.530.000 kr.
í ábyrgð!
Tilboð: 1.890.000 kr.
Citroën C3 Seduction Airdream AXB56
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 63.000 km. Litur: rauður
Ásett verð: 2.090.000 kr.
í ábyrgð!
Tilboð: 4.480.000 kr.
Ford Kuga Titanium S AWD ROF80
Árgerð 2012, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 65.000 km. Litur: hvítur
Ásett verð: 4.820.000 kr.
Skoðaðu úrvalið og finndu bílinn þinn á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Myndir í auglýsingunni eru af sambærilegum nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur bílanna getur því verið frábrugðinn myndunum í auglýsingunni.

# Söngleikjalög í kirkju

Þór, Vala og Vignir koma fram á hádegistónleikum.

Þór Breiðfjörð, Valgerður Guðnadóttir og Vignir Þór Stefánsson koma fram á hádegistónleikum í Háteigskirkju á morgun, föstudaginn 20. september

Fullorðna fólkið fær að heyra nokkur lög úr söngleikjum og krakkarnir syngja með Disneylögum á borð við Hakúna Matata.

Hádegistónleikarnir í kirkjunni eru haldnir alla föstudaga á milli 12 og 12.30. Lilja Eggertsdóttir píanóleikarari er listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar. Almennt miðaverð er 1.000 krónur.



**HÁDEGISTÓNLEIKAR** Valgerður Guðnadóttir er meðal þeirra sem koma fram í Háteigskirkju á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**19.SEPTEMBER**

### Opnanir

**14.00** Grímur Marinó Steindórsson opnar myndlistarsýningu í Bókasafni Kópavogs. Hann sýnir málverk og verk unnin í málm. Sýningin stendur til 30. október og er opin á sama tíma og safnið.

### Ljósmyndasýningar

**11.00** Ljósmyndasýningin Leiðslur eftir Gentaro Ishizuka stendur nú yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15. Sýningunni lýkur þann 5. nóvember. Aðgangur er ókeypis.

### Tónlist

**22.00 Andrea Gylfa og Bíóbandið leika á tónleikum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8, í kvöld.**

**23.00** Hið frábæra band Beliefs mun spila á Harlem í kvöld. Þau spila shoegaze rokk og eru að verða geysivinsæl um allan heim. Ásamt Beliefs koma fram RePete og The Wolf Machine. Aðgangseyrir er 1000 krónur.

### Fyrirlestrar

**10.00** Opinn fyrirlestur í Norræna húsinu á milli klukkan 10 og 11. Fyrirlesturinn ber yfirsögnina Nútíð og framtíð Atlantshafsbandalagsins: Aðgerðir og verkefni. Formaður hermálanefndar NATO, Knud Bartels, hershöfðingi, ræðir um stöðu bandalagsins.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*










**HEK** Þriðja plata tónlistarmannsins er að koma út.

## HEK með sína þriðju plötu

Þriðja plata tónlistarmannsins HEK, Please Tease Me, er að koma út. Áður hefur HEK gefið út Ogsvo (2007) og Örför (2010). Hann hefur verið duglegur að spila um allan bæ síðustu ár, ýmist einn eða með hljómsveitum.

Samstarfsmenn HEK á plötunni eru Bergur Geirsson úr Buffi, Þórdís Claessen úr Stormi í aðsigi, Jens Hansson úr Sálinni og bakraddasöngkonan María Viktoría. Upptökustjóri er gítarleikarinn Björgvin Gíslason. Nú þegar er komið út myndband á Youtube við lagið Tina og annað er væntanlegt við lagið I´m On My Way.



**GHOSTIGITAL** Hljómsveitin Ghostigital spilar í Berlín í kvöld.

## Ghostigital og kammersveit

Ghostigital spilar í Berlín í kvöld á tónleikum sem kammersveitin Adapter stendur fyrir. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð þar sem Adapter vinnur með tónlistarfólki og útsetur verkin þeirra. Listamennirnir koma úr ýmsum áttum. Þar á meðal verður strengjakvartett frá Köln, tónsmiðahópur frá New York og tvíeykið Ghostigital.

Adapter er skipuð þremur Íslendingum og Þjóðverja en allir meðlimir eru búsettir í Berlín. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og standa yfir í rúmlega klukkustund. Í lokin spilar Ghostigital á hefðbundinn hátt.

# Kate Winslet sátt með eftirnafn sitt

**Breska leikkonan Kate Winslet vill ekki taka upp eftirnafn eiginmanns síns, Ned Rocknroll.**

Óskarsverðlaunaleikkonan Kate Winslet og eiginmaður hennar, viðskiptajöfurinn Ned Rocknroll, giftu sig í desember á síðasta ári.

Í viðtali við breska dagblaðið The Telegraph var Winslet spurð hvort hún ætli sér að taka upp eftirnafn eiginmanns síns og svaraði hún því neitandi og sagði jafnramt að það hljómaði frekar einkennilega að heita Kate Rocknroll. „Ég hef verið gift tvisvar áður og aldrei breytt nafninu mínu. Mér finnst nafnið mitt vera mjög fallegt og ég vil halda mínu ættarnafni,“ sagði hún.

Rocknroll var skírður Ned Abel Smith en lét breyta nafninu sínu fyrir nokkrum árum. Winslet og Rocknroll kynnstust í ágúst árið 2011 þegar þau voru í fríi á bresku paradísareyjunni Necker. Winslet gengur með fyrsta barn þeirra hjóna og er komin rúmlega sjö mánuði á leið. Hún kveðst aldrei hafa verið hamingjusamari en nú.

„Mér líður alveg stórkostlega. Ég dái mæður og allt sem þær gera. Það er mikil breyting að verða foreldri og lífið breytist meira en maður gerir sér grein fyrir. Börnin þín eru þér allt og allt annað skiptir minna máli,“ segir Winslet í viðtalinu.

Leikkonan flaug nýverið til Toronto með eiginmanni sínum þar sem hún kynnti nýjustu mynd sína, Labor Day, en hún fjallar um þunglynda, einstæða móður.

➜ Winslet var áður gift Jim Threapleton frá 1998 til ársins 2001 og leikstjóranum Sam Mendes frá 2003 til 2010.



**HELDUR NAFNINU** Breska leikkonan Kate Winslet ætlar ekki taka upp eftirnafn eiginmanns síns, Ned Rocknroll. NORDICPHOTOS/GETTY



**GEFUR ÚT BÓK** Einar Scheving tónlistarmaður sér um útsetningar á sautján söngperlum fyrir bókina Íslensk sönglög. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Íslensk tónlist fyrir þjóðina

Nótnabókin Íslensk sönglög – með undirleik er komin út. Bókin inniheldur sautján íslenskar söngperlur í útsetningum Einars Scheving og er hún ætluð öllum laglínuhljóðfærum. Einnig getur hún nýst söngvurum, þeim sem leika á hljómahljóðfæri og þeim sem vilja æfa spuna.

Hvert lag er prentað í fjórum útgáfum; fyrir C-, Bb- og Eb-hljóðfæri og fyrir hljóðfæri skrifuð í F-lykli. Bókinni fylgir geisladiskur þar sem lögin eru leikin bæði með og án laglínu. Óhætt er að segja að bókin sé skyldueign fyrir alla tónlistarunnendur, hvort sem þeir spila á hljóðfæri, syngja eða eru áhugamenn.

Bókin er gefin út af Forlaginu.

- glp



**Í MEÐFERÐ** Leikarinn Zac Efron fór í meðferð fyrr á þessu ári vegna kókaínfíknar sinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fór í meðferð

Leikarinn og hjartaknúsarinn Zac Efron, sem varð frægur fyrir leik sinn í High School Musical-myndunum, fór í meðferð vegna kókaínfíknar sinnar fyrr á þessu ári.

Leikarinn var við tökur á myndinni Neighbors í apríl síðastliðinn þegar aðstandendum myndarinnar fór að gruna að ekki væri allt með felldu.

Efron hætti að mæta í tökur og viðurkenndi að hann væri háður kókaíni og fór í meðferð stuttu síðar. Myndin Neighbors er væntanleg í kvikmyndahús vestanhafs í maí á næsta ári.





## TÓNNINN GEFINN

Haukur Viðar Alfreðsson

# Gamli góði vinur

Á dögunum var ég dreginn á stórtónleika **Pálma Gunnarssonar** í Hörpu sem haldnir voru undir yfirskriftinni Þorparinn og fylgdu í kjölfar útgáfu samnefndrar safnplötu söngvarans. Ekki að það hafi þurft að draga mig emjandi, Pálmi hefur sungið mörg frábær lög og er einn allra besti bassaleikari landsins (sönnunargagn A: Björgúlfur bréfberi með Ladda). En samferðafólk mitt er með svarta beltið í Pálma og aðdáun mín á manninum bliknar því í samanburðinum.

Tónleikarnir voru vel heppnaðir og bandið hans Pálma (hugmynd að sjónvarpsþætti?) var vel spilandi og þétt. Þó fannst mér leiðinlegt að sjá nokkur lög skilin út undan. Ég elska þig (þótt þú sért úr steini) er sturlað lag af Borgarbrag Gunnars Þórðarsonar. Gulli Briem fer hamförum í viðlaginu á plötunni og það jaðrar við vitfirringu að sleppa laginu á tónleikunum, þar sem Gulli sat jú á bak við settið og var eflaust til í tuskið.



Götustelpan, hin sveitta og þreytta, er önnur klassík sem heyrist allt of sjaldan. Í texta lagsins tjáir Pálmi hlustendum meðal annars að langvarandi vændi reyni ört á taugarnar. Glæsilegt lag og boðskapur þess á vel við enn í dag. Engu að síður var lagið fjarverandi. Vinur minn missti vitið er svo þriðja lagið sem ég ætla að tuða yfir að hafa ekki fengið að heyra í Hörpu. Ég vona að Pálmi sé ekki orðinn of feiminn við að syngja um vitfirringa sem éta sinn eigin skít.

Ekki fengum við heldur Kontóristann, Gamla skólann og Sölva Helgason. Á rauðu ljósi var hvergi og ekki Gamli góði vinur heldur. En það að hann hafi komist upp með að sleppa þessum perlum undirstrikar hversu gríðarlega farsælan feril Pálmi á að baki og voru það næstum bara slagarar sem hljómuðu í Hörpu. Tuð mitt fer því í flokk lúxusvandamála. En ein spurning sækir að mér í sífellu. Hvernig stendur á því að Gulli Briem er enn þá tvítugur?

## Í spilaranum







MYND/ÞORMAR VIGNIR GUNNARSSON

**Snorri Helgason** - Autumn Skies
**Arctic Monkeys** - AM
**1860** - Artificial Daylight








**LÖG EFTIR AÐRA** Mark Lanegan syngur uppáhaldslögin sín eftir aðra tónlistarmenn á plötunni Imitations. NORDICPHOTOS/GETTY

# Mark Lanegan syngur uppáhaldslögin sín

Bandaríkjamaðurinn Mark Lanegan hefur gefið út tökulagaplötuna Imitations.

Bandaríski tónlistarmaðurinn Mark Lanegan hefur gefið út tökulagaplötuna Imitations hjá útgáfunni Vagrant Records.

Tólf lög eru á plötunni, þar á meðal She´s Gone með Hall & Oates, You Only Live Twice með Nancy Sinatra og Brompton Oratory með Nick Cave.

Lanegan segir verkefnið hafa haft mikla tilfinningalega þýðingu fyrir sig: „Þegar ég var að alast upp seint á sjöunda áratugnum og í byrjun þess áttunda spiluðu foreldrar mínir og vinir þeirra plötur með Andy Williams, Dean Martin, Frank Sinatra og Perry Como.

Þetta var tónlist með strengjaútsetningum og karlar að syngja lög sem hljómuðu sorgmædd, hvort sem þau voru það eða ekki,“ sagði söngvarinn. „Á mínu heimili hlustuðu foreldrar mínir líka á sveitatónlist. Willie Nelson, Johnny Cash, George Jones og Vern Gosdin voru á meðal uppáhaldstónlistarmannanna. Mig hefur lengi langað til að búa til plötu sem veitti mér sömu tilfinningu og þessar gömlu plötur gerðu, með því að nota sömu lögin og ég elskaði sem strákur og önnur sem ég hef heillast af í fullorðinsárum mínum. Það er þessi plata, Imitations.“

Mark Lanegan fæddist í Washington í Bandaríkjunum árið 1964 og verður því fimmtugur á næsta ári. Hann er einna þekktastur sem söngvari grungesveitarinnar Screaming Trees. Auk þess hefur hann átt gifturíkan sólóferil og starfað með listamönnum á borð við Isobel Campbell, Moby, Nick Cave, Soulsavers, Mad Season og rokkurunum í Queens of The Stone Age.

Lanegan kemur fram á tvennum tónleikum í Fríkirkjunni 30. nóvember og 1. desember og er þetta fyrsta heimsókn hans til Íslands. Tónleikarnir eru lokahnykkurinn í tveggja mánaða tónleikaferðalagi söngvarans, European Acoustic Tour.

Sérstakir gestir verða Duke Garwood og Lyenn. Lanegan og sá fyrrnefndi sendu frá sér plötuna Black Pudding fyrr á árinu og uppskáru mikið lof gagnrýnenda. Lyenn er hliðarverkefni Frederic L. Jacques, en auk þeirra tveggja er von á fleiri góðum gestum á tónleikana.

freyr@frettabladid.is

### Söng lög Leadbelly með Kurt Cobain

Mark Lanegan og Kurt Cobain heitinn, söngvari Nirvana, voru góðir vinir. Áður en Nirvana sló í gegn með Nevermind tóku þeir upp EP-plötu með sínum útgáfum af lögum tónlistarmannsins Leadbelly. Platan var aldrei gefin út en eitt laganna sem þeir tóku upp, Where Did You Sleep Last Night, rataði á fyrstu sólóplötu Lanegan, The Winding Sheet, sem kom út 1990. Í laginu syngur Cobain bakraddir og spilar á gítar, auk þess sem Krist Novoselic úr Nirvana spilar á bassa. Nokkrum árum síðar gerði Cobain lagið frægt er hann söng það á órafmögnuðum MTV-tónleikum Nirvana.

## 12.9.2013 ➔ 18.9.2013



### LAGALISTINN

| | # | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Dikta | Talking |
| ▼ | 2 | Avicii / Aloe Blacc | Wake Me Up |
| ▲ | 3 | Lorde | Royals |
| ▼ | 4 | Katy Perry | Roar |
| ▲ | 5 | Pink / Lily Allen | True Love |
| ▲ | 6 | Lana Del Ray | Summertime Sadness |
| ▼ | 7 | Olly Murs | Dear Darlin' |
| ▲ | 8 | Ellie Goulding | Burn |
| ▲ | 9 | Emiliana Torrini | Speed Of Dark |
| ▲ | 10 | Arctic Monkeys | Do I Wanna Know? |



### TÓNLISTINN

| | # | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| * | 1 | Emilíana Torrini | Tookah |
| ▼ | 2 | Ýmsir | Pottþétt 60 |
| ▼ | 3 | Pálmi Gunnarsson | Þorparinn |
| ▲ | 4 | Dúmbó og Steini | Dömufrí |
| ▼ | 5 | Ýmsir | This Is Icelandic Indie Music |
| ▼ | 6 | Úr söngleik Borgarleikhússins | Mary Poppins |
| ▼ | 7 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▼ | 8 | Of Monsters And Men | My Head Is An Animal |
| ▼ | 9 | Samaris | Samaris |
| ▼ | 10 | Sigur Rós | Kveikur |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

LJÓÐABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR

VERÐHRUN!

# RÝMINGAR SALA BÓKAÚTGEFENDA

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ **KL. 10-18 ALLA DAGA**

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

ALDREI MEIRA ÚRVAL!

NÝTTU ÞÉR PAKKA-TILBOÐIN

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




Randalín og Mundi
**1.500,-**




6 kíló á 6 vikum
**990,-**




Benjamín Dúfa
**990,-**




Frábært hár
**1.690,-**




Randalín og Mundi
**990,-**




Hlýjar hendur
**2.490**




Sjálfstæðisflokkurinn
**990,-**




Skórnir
**690,-**




Matur sem yngir og eflir
**1.990,-**




Návígi á norðurslóðum
**3.480,-**




Á ferðalagi • 10 bækur á aðeins
**4.990,-**

# BÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS!

# Í forsetahlutverk

Leonardo DiCaprio gæti leikið Woodrow Wilson.

Leikarinn Leonardo DiCaprio gæti hugsanlega farið með hlutverk Woodrow Wilson, 28. forseta Bandaríkjanna, í nýrri kvikmynd byggðri á ævi forsetans.

Wilson kenndi við Weslyan-háskóla og Princeton áður en hann tók við embætti ríkisstjóra New Jersey árið 1911. Hann var kosinn í forsetaembættið tveimur árum síðar. Wilson tilheyrði flokki demókrata og er, enn þann dag í dag, í litlu uppáhaldi hjá bandarískum hægrimönnum.

DiCaprio hefur áður tekið að sér að leika sögufrægar persónur og ber þá helst að nefna auðjöfurinn Howard Hughes í kvikmyndinni The Aviator frá árinu 2004 og J. Edgar Hoover, fyrsta framkvæmdastjóra FBI, í kvikmyndinni J. Edgar frá 2011.

Líklegt þykir að Warner Bros. muni framleiða kvikmyndina.



**WOODROW WILSON**



**Í HLUTVERK FORSETA** Leonardo DiCaprio gæti tekið að sér hlutverk Woodrow Wilson í nýrri kvikmynd um forsetann. NORDICPHOTOS/GETTY



**SÁ EINI** Richard Riddick berst fyrir lífi sínu í spennumyndinni Riddick sem frumsýnd er annað kvöld.

# Berst fyrir lífi sínu

Tvær myndir eru frumsýndar annað kvöld.

Hasarmyndin Riddick er frumsýnd annað kvöld. Myndin er í leikstjórn Davids Towhy og skartar Vin Diesel í aðalhlutverki. Myndin segir frá Richard Riddick, sem fæddur er á plánetunni Furya og er eini eftirlifandi maðurinn á plánetunni. Illmennið Zhylaw hafði látið myrða drengi og karlmenn, í anda Biblíunnar, af ótta við að einhver þeirra mundi velta honum úr sessi. Síðan þá hefur Riddick verið á stanslausum flótta undan vígamönnum og hausaveiðurum sem vilja annaðhvort drepa hann eða fanga hann fyrir verðlaunafé.

Opnunarmynd Norrænu kvikmyndaveislunnar í Bíó Paradís er einnig frumsýnd. Sú ber titilinn Open up to Me, eða Kerron Sinulle Kaiken á finnsku, og er eftir leikstjórann Simo Halinen. Myndin fjallar um það hvernig hægt er að takast á við lífið meðan reynt er að fela það sem bærist hið innra fyrir samferðamönnum sínum. Kvikmyndin fékk frábærar viðtökur áhorfenda og gagnrýnenda þegar hún var frumsýnd í Finnlandi fyrr á árinu.



**LEIKARAHJÓN** Forest Whitaker leikur þjóninn Cecil Gaines í kvikmyndinni Lee Daniels' The Butler. Oprah Winfrey fer með hlutverk eiginkonu hans.

# Þögult vitni sögunnar

Kvikmyndin Lee Daniels' The Butler er frumsýnd annað kvöld. Myndin segir frá ævi yfirþjóns Hvíta hússins og er í leikstjórn þess sama og leikstýrði Precious.

Bandaríska kvikmyndin Lee Daniels' The Butler verður frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Myndin er lauslega byggð á ævi Eugene Allen, yfirþjóni Hvíta hússins, og er í leikstjórn Lee Daniels, þess sama og leikstýrði hinni vinsælu kvikmynd Precious.

Í myndinni er saga yfirþjónsins Cecil Gaines rakin og hefst myndin árið 2009 þegar Gaines rifjar upp ævidaga sína. Hann hefur frásögnina á æskuárum sínum á bómullarekru í Georgíu þar sem hann og fjölskylda hans bjuggu við mikið harðræði. Á unglingsaldri yfirgefur Gaines býlið og hefur nokkru síðar störf á hóteli í höfuðborg Bandaríkjanna, Washington D.C. Árið 1957 hefur hann störf við Hvíta húsið og með dugnaði vinnur hann sig upp í starf yfirþjóns, eða maître d'hôtel. Þann tíma sem Gaines starfar í Hvíta húsinu þjónar hann fjölda forseta og er þögult vitni um marga helstu merkisatburði í sögu Bandaríkjanna.

Íslandsvinurinn Forest Whitaker fer með hlutverk Gaines og leikur Oprah Winfrey eiginkonu hans, Gloriu. Með önnur hlutverk fara stórleikarar á borð við Cuba Gooding Jr., Terrence Howard, Alex Pettyfer, Robin Williams, Vanessu Redgrave, Liev Schreiber, Alan Rickman, David Oyelowo, Elijah Kelley og David Banner, auk söngvaranna Lenny Kravitz og Mariah Carey, en sú síðarnefnda leikur móður Gaines. Kravitz og Carey fóru einnig með hlutverk í Precious frá árinu 2009. Robin Williams leikur Dwight D. Eisenhower í myndinni, en þetta er í annað sinn sem hann bregður sér í hlutverk fyrrverandi forseta. Áður fór hann með hlutverk Teddy Roosevelt í gamanmyndinni Night at the Museum: Battle of the Smithsonian.

Samkvæmt upplýsingum sem finna má á imdb.com var titill myndarinnar málamiðlun, en Warner Bros. Pictures framleiddi stuttmyndina The Butler árið 1916 og voru stjórnendur fyrirtækisins ósáttir við að mynd Daniels bæri sama titil. Því var brugðið á það ráð að skeyta nafni leikstjórans framan við titilinn og því kallast myndin Lee Daniels' The Butler.

Myndin hefur hlotið góðar viðtökur og fær hún 73 prósent í einkunn á vefsíðunni Rottentomatoes. Vefsíðan Metacritic gefur henni 66 prósent í einkunn.

- sm



## Ungur frumkvöðull

Lee Louis Daniels fæddist árið 1959 í borginni Philadelphiu. Hann útskrifaðist úr Radnor High School árið 1978 og stundaði um hríð listnám í Missouri. Honum líkaði háskólanámið illa og hóf þess í stað störf hjá hjúkrunarþjónustu í Kaliforníu. Hann áttaði sig fljótlega á því að hann gæti auðveldlega rekið sams konar þjónustu einn síns liðs og stofnaði eigin hjúkrunarþjónustu. Þegar hann náði 21 árs aldri hafði hann um 5.000 hjúkrunarfræðinga á sínum snærum. Hann seldi þá fyrirtækið og stofnaði umboðsskrifstofu fyrir leikara og framleiðslufyrirtækið Lee Daniels Entertainment.

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ FRÁBÆR KAUP
TAXFREE-DAGAR Í DORMA
TAXFREE-AFSLÁTTUR Í SEPTEMBER
20,32% AF ÖLLUM VÖRUM!
Holtagörðum
Pöntunarsími 512 6800
DORMA
DORMA er einnig í HÚSGAGNAHÖLLINNI
Dalsbraut 1 á Akureyri og í Reykjavík
OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 • Laugardaga frá kl. 11.00-17.00 • Sunnudaga: 13.00-16.00 (Akureyri lokað á sunnudögum)


OPNUNAR TILBOÐ
16BLS BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF OPNUNARTILBOÐUM
FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI
Stærsta tölvuverslun landsins Hallarmúla 2
Úrvalið er hjá okkur í Tölvutek
OPNUNAR TILBOÐ
ÓTRÚLEG OPNUNARTILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
NÝ VERSLUN
STÆRSTA TÖLVU-VERSLUN LANDSINS Í HALLARMÚLA 2
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
Hallarmúla 2 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri
TENGDU ALLT VIÐ TÖLVUNA
FLOTTUSTU TÖLVURNAR
SPJALDTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
GÆÐAMERKI Á BETRA VERÐI
UPPFÆRÐU MEÐ STÆL
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
HÉR ER SJÓN SÖGU RÍKARI
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
DELL
hp
lenovo
packard bell
SAMSUNG
TOSHIBA



**GÍTARSMIÐUR** Gunnar Örn Sigurðsson hefur undanfarin ár kennt á námskeiði í gítarsmíði á vegum Tækniskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hundrað hafa smíðað eigin rafmagnsgítar

Gunnar Örn Sigurðsson kennir á námskeiði í gítarsmíði við Tækniskóla Íslands.

Gunnar Örn Sigurðsson hefur undanfarin ár kennt á námskeiði í gítarsmíði á vegum Tækniskóla Íslands. Hann telur að hátt í eitt hundrað manns séu búnir að smíða sinn eigin rafmagnsgítar hér á landi.

„Þetta hefur aldrei verið gert áður á Íslandi. Þetta er vel falið leyndarmál,“ segir Gunnar Örn.

Hann er þessa dagana að smíða svokallaðan Flying V-gítar sem verður boðinn upp til góðgerðamála á tónlistarhátíðinni Rokkjötnum, eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku.

Gunnar Örn byrjaði með námskeiðið árið 2007 og hefur það haldið áfram á hverju ári síðan. „Hún er ótrúleg á þessu litla landi, þessi gífurlega aðsókn,“ segir Gunnar, sem byrjar með nýtt námskeið 23. september.

Hægt er að smíða þrjár tegundir af gíturum og kostar námið um 170 þúsund krónur. „Inni í því eru spýturnar, lakkið, teininn í gegnum hálsinn og hnetan sem strengirnir falla í. Það eina sem menn þurfa að kaupa er „pick-up“ og „hardware“.“

Aðspurður segir Gunnar Örn að alls konar fólk hafi stundað námið. „Þetta eru áhugamenn um gítara og atvinnutónlistarmenn hafa verið líka eins og Beggi Morthens og Þorleifur Guðjónsson.“

Aðeins ein kona hefur látið sjá sig á námskeiðinu og kom hún árið 2007. „Það væri gaman að sjá fleiri konur.“ freyr@frettabladid.is

# Vinsæl lækningajurt

Vallhumall er vinsæll meðal kvenna á breytingaskeiðinu þar sem hann virkar gegn svitaköstum.

Á hverju sumri er vinsælt að fara út og tína vallhumal sem er vinsæl lækningajurt og gjarnan notaður í te, smyrsl eða seyði. Á fyrri tímum var jurtin mikið notuð til þess að stöðva blæðingar, þar sem efni í henni örva blóðstorknun.

Vallhumallinn er einnig talinn vera góður fyrir konur og hefur verið notaður til þess að minnka verki og krampa í legi. Konur á breytingaskeiðinu hafa margar hrósað honum þar sem hann virkar vel gegn svitaköstum og hitakófum. Einnig er algengt að nota vallhumalinn við flensu, kvefi og hita.



**LÆKNINGAJURT** Vallhumall er vinsæl lækningajurt sem er notuð í te, smyrsl eða seyði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**REGLULEGUR SVEFN MIKILVÆGUR** Þegar við sofum endurnýja frumur sig sem eru nauðsynlegar fyrir nám og minni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Góður svefn skerpir minni og bætir heilsu

Það er mikilvægt að viðhalda góðum svefnvenjum.

Góður svefn er nauðsynlegur fyrir nám og minni. Illa sofin erum við líklegri til þess að borða óhollari fæðu sem gefur okkur skyndiorku. Það er margt sem við getum gert til þess að bæta svefninn. Hér koma þrjú mikilvæg atriði sem hafa ber í huga.

1. Regla á svefntíma. Mikilvægt er að fara að sofa á svipuðum tíma og vakna á svipuðum tíma. Þessi regla gildir einnig á frídögum.

2. Forðumst daglúra. Það er mikilvægt að dotta ekki yfir daginn svo við náum að sofna á réttum tíma á kvöldin.

3. Minnka stress þegar kemur að háttatíma. Aðdragandi svefns ætti að vera rólegur og ávallt með svipuðum hætti. Til dæmis er áreiti frá ljósi eða tölvu ekki hentugt stuttu fyrir svefninn.

# Brjóstagjöf og samlífi

? Ég er með spurningu um brjóstagjöf. Við konan mín eignuðumst barn fyrir stuttu og barnið er á brjósti. Brjóstagjöfin gengur bara þokkalega, smá hnökrar fyrst en gengur nú vel en ég verð að játa að mér þykir þetta svolítið spennandi (smá æsandi stundum) að sjá hana og brjóstin í þessu nýja hlutverki og ég er forvitinn um hvernig þetta er. Get ég talað um þetta við hana? Jafnvel fengið að prófa eða er þetta bara fáránlegt?

•••

**SVAR:** Brjóstagjöf er ákaflega áhugavert tímabil. Brjóstin tútna út af mjólk og verða stór og stinn og svo sprautast úr þeim hvítur vökvi í allar áttir. Ég man eftir miklum umræðum í einum Friends-þætti þar sem Ross smakkaði brjóstamjólk (reyndar úr pela) og skolaði henni niður með kexkökum. Þar sem ég hef í tvígang verið með barn á brjósti þá kemur þessi umræða alltaf upp, bæði útlit brjóstanna og svo hvort eigi ekki að smakka á henni. Þá veit ég um maka sem hafa þurft að tappa af stútfullum, glerhörðum brjóstum. Þó er þetta ekki tengt kynferðislegri örvun, meira forvitni eins og þú spyrð um. Þó eru til hópar af fólki sem er með ákveðið blæti fyrir brjóstagjöf og stundar hana í sínu kynlífi (löngu eftir að börnin eru hætt á brjósti) en það er ekki það sem þú ert að spyrja um, held ég.



**BRJÓSTAGJÖF** Brjóstagjöf getur verið þreytandi og krefjandi fyrir mæður. NORDICPHOTOS/GETTY

Sumum mökum þykir konan munúðarfull með þennan nýja líkama, í þessu nýja mikilvæga hlutverki. Þetta á þó ekki alltaf við um konurnar. Brjóstagjöf er krefjandi og getur verið þreytandi, bæði fyrir sál og líkama. Konum líður oft illa með líkama sinn eftir fæðingu og kvarta oft undan kyndeyfð (minni kynlöngun) og jafnvel leggangaþurrki. Því getur samlíf pars á tíma brjóstagjafarinnar verið misjafnt þar sem fleiri áhrifavaldar teljast til, ásamt því að hugsa um lítið barn. Ég legg því til að þú ræðir þetta við hana. Hjá sumum konum lekur brjóstamjólk við kynferðislega örvun og það gæti verið örvandi fyrir ykkur bæði, ef hún er til í að stunda kynlíf með þér. Eins og ég segi, þetta er krefjandi tímabil fyrir móðurina svo endilega sýndu henni smá aukaskammt af þolinmæði og stuðning en umfram allt, talið saman. Gangi ykkur vel.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!** Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu. kynlif@frettabladid.is





**LITADÝRÐ FRÁ APPLE** Nýi iPhone 5c er algjört augnakonfekt. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ný kynslóð frá Apple

Tvær nýjar iPhone-afurðir væntanlegar til landsins.

Tölvufyrirtækið Apple kynnti á dögunum tvo nýja snjallsíma sem bætast nú við símaúrval fyrirtækisins. Símarnir heita iPhone 5s og iPhone 5c. „Það er erfitt að segja hvenær sendingin lendir hér á landi en iPhone er fluttur eftir óhefðbundnum leiðum hingað til lands því Ísland er ekki opinbert sölusvæði iPhone,“ segir Sigurður Helgi Ellertsson, starfsmaður í versluninni Macland.

Sigurður segir fólk sækja í iPhone vegna þess hve traustur hann er og stýrikerfið einfalt. IPhone 5s er fyrsti snjallsíminn sem kemur á markað með tveggja kjarna, 64 bita örgjörva sem líkist helst tölvuörgjörva. „Þetta er næsta kynslóð af snjallsímum.“

Hinn síminn, iPhone 5c er ekki ólíkur iPhone 5 hvað varðar afl og möguleika. „Hann verður fáanlegur í ýmsum litum og mun eflaust verða vinsæll sökum fagurs útlits,“ bætir Sigurður við.

Snjallsímanotkun Íslendinga hefur aukist mikið á síðustu árum og munu þessir nýju símar vafalaust vekja mikla lukku þegar þeir lenda hér á landi. - glp

LYFJA
– Lifið heil
Nicorette
15%
afsláttur af
Nicorette innsogslyfi og
Nicorette QuickMist munnholsúða

www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju
Gildir út september

INTERSPORT®

SPORT TO THE PEOPLE

# RÝMINGARSÖLUNNI

# Í INTERSPORT LINDUM

## LÝKUR UM HELGINA

# ALLAR VÖRUR Á

# 20-80% afslætti

## ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM!

## VERSLUNIN LOKAR Í LINDUM

**INTERSPORT LINDUM** / SÍMI 585 7260 / lindir@intersport.is / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 11 - 19. LAU. 11 - 18. SUN. 12–18.


**ÞRÍR Í BIÐRÖÐ** Guðfinnur Snær Magnússon, Jón Ragnar Sigurðsson og Jóhann Axel Vignisson voru í Kringlunni.


**SKÚLI OG HAUKUR** Skúli Ragnarsson og Haukur Njálsson voru mættir.


**BIÐU EFTIR GRAND THEFT AUTO** Erna Móey Strange, Helgi Rúnar og Ólafur Björn Tómasson.

# Biðu spennt eftir Grand Theft Auto

## Forsala hófst á tölvuleiknum Grand Theft Auto 5 í Gamestöðinni í Kringlunni.

Forsala á tölvuleiknum Grand Theft Auto 5 hófst á mánudagskvöld í Gamestöðinni í Kringlunni. Biðröðin var löng fyrir utan verslunina og greinilega mikil eftirvænting eftir leiknum. Alls seldust 1.500 eintök í forsölunni.

Grand Theft Auto 5 er dýrasti tölvuleikur allra tíma og er að auki dýrari en flestar Hollywood-myndir sem hafa verið gerðar. Leikurinn kostaði um 265 milljón dala eða 32 milljarða íslenskra króna. Það er eftirtektarvert að nú þegar er búið að ná inn þeim kostnaði með forsölu leiksins úti um allan heim.


**FÉLAGAR** Hilmar Finnsen og Stefán Mekkinósson voru á svæðinu.


**SPENNTAR** Lilja María Pálmadóttir og Hrafnhildur Sól Sigurðardóttir biðu spenntar í biðröðinni.


**BIÐRÖÐ** Biðröðin fyrir utan Gamestöðina var löng á mánudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**AÐDÁENDUR GRAND THEFT AUTO** Hilmar Teitsson, Einar Bernhardson og Arnar Steinn Pálsson eru harðir aðdáendur Grand Theft Auto.



# HREYSTI HÁTÍÐ

til kl. 24:00 í kvöld

HREYSTI hefur hafið samstarf við THE PROTEIN WORKS

The Protein Works er breið vörulína af hágæða fæðuaukum með náttúrulegum litar- og bragðefnum á afar hagstæðu verði.

Innihalda engin þykkingar- eða fyllingarefni og allt sem er í vörunni kemur fram í innihaldslýsingu.

## Breyttir tímar í sölu á hágæða fæðubótarefnum - Lægra verð

Whey protein smoothie
500 g . 3.999 kr.
1 kg - 6.999 kr.
Aðeins 99 kaloríur og alvöru ávaxtabitar



Whey protein 97
500 g. kr. 3.699.-
1 kg. kr. 6.999.-
Frábær kostur fyrir lágkolvetna mataræði o.fl.



Hnetusmjör
1kg - 1.799 kr.
100% hnetur engin aukaefni





Total Mass Matrix
2 kg. kr. 6.999.-





Prótein pönnukökumix
1 kg - 3.999 kr.
Frábær morgunmatur

Lífræn kókosolía
460 g - 2.999 kr.
Frábær m.a. í lágkolvetnafæði



Kreatin monohydrate
250 g. kr. 1.299.-
500 g. kr. 1.999.-

Whey protein 80
7 bragðteg.
500 g. kr. 2.999-
1. kg. kr. 4.999.-
2 kg. kr. 7.999.-





Super Greens
100 g - 2.499 kr.
Ofurfæða full af andoxunarefnum og vítamínum

Naked Whey protein
1 kg - 5.999 kr.
Aðeins náttúruleg innihaldsefni



15% af öllum fæðubótar-efnum frá Maximuscle, Multipower, Phd og EAS
Aðeins til kl. 24:00

25-50% afsláttur af völdum fæðubótarefnum

## KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Opið til miðnættis í kvöld!

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
NETSÍÐA: WWW.HREYSTI.IS
OPIÐ MÁN - FÖST.10:00 - 18:00 - LAUGARD. 11:00 - 15:00

www.korter.is

# Trommarar skemmta sér saman

Trommarinn 2013 verður haldinn hátíðlegur í fimmta skiptið í október.

„Við eigum fimm ára afmæli í ár,“ segir trommuleikarinn Halldór Lárusson um viðburðinn Trommarinn 2013, sem haldinn verður í Tónlistarskóla FÍH þann 12. október næstkomandi. Trommarinn er hátíð þar sem trommuleikarar og -áhugamenn koma saman og skemmta sér.

Fjöldri þekktra trommuleikara koma fram á Trommaranum í ár, þeirra á meðal er goðsögnin Sigurður Karlsson, sem mun meðal annars flytja lög hljómsveitarinnar Genesis.

Halldór skipulagði fyrsta Trommarann árið 2009 og hefur viðburðurinn verið haldinn árlega síðan þá. „Það veit aldrei neinn hver trommarinn er í bandinu, þannig að við erum með sér hátíð, enda eru trommarar að jafnaði skemmtilegustu meðlimir hljómsveitarinnar,“ segir Halldór í gamansömum tón. „Hátíðin hefur stækkað töluvert á milli ára og er farin að vekja athygli utan landsteinanna, enda eigum við mjög mikið af frábærum trommurum,“ bætir hann við.

Aðgangur er ókeypis inn á hátíðina en hún stendur frá klukkan 13 til 18. - glp



**TROMMARINN** Halldór Lárusson trommari lofar mikilli gleði á hinni árlegu hátíð Trommaranum. MYND/ÚR EINKASAFNI




# Sögð eiga von á barni

Jennifer Aniston er talin eiga von á sínu fyrsta barni.

Bandaríska leikkonan Jennifer Aniston er ólétt ef marka má erlenda fjölmiðla. Þetta yrði fyrsta barn leikkonunnar og unnusta hennar, leikarans Justins Theroux, en parið opinberaði trúlofun sína í ágúst 2012.

Aniston hefur ekki staðfest fregnirnar og er talið ólíklegt að hún geri það strax. Aniston, sem er 44 ára gömul, og Theroux, sem er 42 ára gamall, eru sögð vera í alsæl yfir þessum fregnum.

Samkvæmt heimildarmanni tímaritsins US Weekly hefur Aniston ekki sést drekka áfengi í veislum og mannamótum. Þá hefur hún einnig klæðst víðum fötum og er það talið vera vegna þess að hún vilji fela stækkandi maga. Leikkonan er best þekkt fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Friends og hefur verið ein vinsælasta leikkonan í Hollywood í mörg ár.



**ERFINGI Á LEIÐINNI** Jennifer Aniston og Justin Theroux eru sögð eiga von á barni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Þakklát fyrir allt saman

Leikkonan Sandra Bullock segir að æðri ástæða sé fyrir skilnaði sínum við fyrrum eiginmann sinn, Jesse James. Hún segir þau bæði vera „þar sem þau eiga að vera“ í lífinu og að hún sé þakklát fyrir allt saman.

Hin 49 ára leikkona var gift sjónvarpsstjörnunni Jesse James í fimm ár frá 2005 til 2010. Þau skildu eftir að hann gerðist uppvís að framhjáhaldi með mörgum konum. „Við erum öll á þeim stað sem við eigum að vera á. Ég er þakklát fyrir að vera hérna og ánægð með að hafa það sem ég hef,“ sagði hún við tímaritið Vogue.

Bullock sló eftirminnilega í gegn í hasarmyndinni Speed frá árinu 1994. Þar lék hún á móti hjartaknúsaranum Keanu Reeves og er þeim enn vel til vina. Hún hefur síðan þá leikið í fjölda kvikmynda og ber hæst að nefna myndirnar Crash frá árinu 2004 og The Blind Side frá árinu 2009, en Bullock hlaut Óskarsverðlaunin í fyrir leik sinn í þeirri síðarnefndu.



**ÞAKKLÁT** Sandra Bullock er þakklát fyrrverandi eiginmanni sínum, Jesse James. NORDICPHOTOS/GETTY

## Bætir fimmta húðflúrinu við

Fyrirsætan Cara Delevingne fékk sér nýtt húðflúr þegar hún var viðstödd tískuvikuna í New York fyrir stuttu. Delevingne fór ásamt vinkonu sinni á eina frægustu tattústofu í New York, Bang Bang Tattos og lét húðflúrmeistarann Keith McCurdy flúra á sig nafn móður sinnar, Pandora, á vinstri upphandlegginn. Mcurdy hefur flúrað stjörnur á borð við Chris Brow, Katyu Perry og Justin Bieber. Delevingne er því komin með fimm húðflúr en hún lét flúra, Made In England, á ilina á hægri fæti fyrir ekki svo löngu.



**KOMIN MEÐ FIMM HÚÐFLÚR** Fyrirsætan Cara Delevingne lét flúra nafn móður sinnar á vinstri handlegg sinn á tískuvikunni í New York fyrir stuttu.




## Grammer í The Expendables 3

Kelsey Grammer er í viðræðum um að leika í hasarmyndinni The Expendables 3. Hann mun leika Bonaparte, fyrrverandi málaliða, sem aðstoðar félagana í Expendables-hópnum. Nicolas Cage var upphaflega boðið að leika Bonaparte.



**KELSEY GRAMMER** NORDICPHOTOS/GETTY

Hinn 58 ára Grammer, þekktastur fyrir leik sinn í þáttunum Frasier, bætist í hóp með köppum á borð við Sylvester Stallone, Arnold Schwarzenegger, Jason Statham, Harrison Ford, Mel Gibson og Antonio Banderas, sem allir leika í myndinni. Milla Jovovich verður einnig í leikaraliðinu.

# Elizabeth Arden

NEW YORK










**Ceramide plump perfect gentle smoothing exfoliater**

Fullkomin viðbót við hreinsilínuna. Undirbýr húðina til að takast á við daglegt áreiti. Yfirborð hennar verður slétt, lýtalaust og fær samstundis ljóma. Notað reglulega eftir hefðbundna hreinsun. Nuddað á með léttum hringlaga hreyfingum og skolað af með vatni.

**Visible Difference BB krem SPF30**

Jafnar húðlit og dregur fram ljóma. Þéttir yfirborð húðar og veitir langvarandi raka og þægindi. Áhrifaríkt og milt krem sem hentar öllum húðgerðum. Má nota eitt sér og einnig sem grunn undir farða. Kemur í 3 litatónum.

**8 hour intensive moisturizer SPF15**

Öflugur 8 tíma raki fyrir allar húðgerðir og allan aldur. Græðandi krem sem ver húðina fyrir skaðlegum áhrifum sólar og veðrabreytingum.

## 20% kynningarafsláttur af vörum frá Elizabeth Arden dagana 19. til 25. september

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

# Trúarbrögð á tíu mínútum

**BAKPANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



**UM** daginn vaknaði ég kl. 7.15 eins og vanalega. Ég fór fram úr en kl. 7.17 fór ég að hugsa um hvað ástandið í heiminum væri slæmt. Klukkan 7.18 var ég búinn að komast að því að það væri trúarbrögðum að kenna því trúarbrögð eru orsakir næstum allra styrjalda í heiminum. Kl. 7.19 var ég harðákveðinn í því að best væri að útrýma öllum trúarbrögðum. En kl. 7.20 hugsaði ég: Það eru ekki trúarbrögð sem eru kjarni vandans heldur vanþekking. Það þýðir ekki að lýsa yfir stríði gegn trúarbrögðum. Það æsir fólk bara upp. Betra væri að upplýsa fólk því upplýst fólk lætur skynsemina ráða för og hafnar trúarbrögðum. Ég tók mig því til og gerði áætlun sem gekk út á að taka saman helstu alfræði- og vísindarit og dreifa þeim til sérhvers jarðarbúa. Klukkan var 7.21 þegar ég var búinn að smíða þessa áætlun.

**EN** klukkan 7.22 komst ég að því að þetta myndi bara valda ruglingi. Ekki er hægt að ætlast til þess að venjulegt fólk skilji afstæðiskenningu Einsteins og hvað þá hugmyndir Schopenhauers um frjálsan vilja. Það þyrfti að útskýra vísindin á mannamáli, t.d. með dæmisögum.

**KL.** 7.23 var ég kominn á þá niðurstöðu að það þyrfti að vinna úr þessum upplýsingum og koma þeim helst fyrir í einni stórri bók sem væri full af visku og dæmisögum. Hún mætti ekki vera of þykk, helst bara eitt bindi, en ef blaðsíðurnar væru þunnar væri alveg hægt að rúma þar u.þ.b. 1.500 síður. Kl. 7.24 var ég sannfærður um að best væri líklega að þessi bók væri eins hlutlaus og einföld og mögulegt væri. Best væri bara að hafa hana svarta og hafa einfalt tákn framan á henni sem allir í heiminum myndu skilja.

**KL.** 7.25 var ég byrjaður að semja ritningar upp úr nýju bókinni minni og teikna samkomuhús í huganum þar sem ég gæti predikað boðskap minn.

**ÉG** lagðist aftur í rúmið, snoozaði til 7.30, fór svo á fætur og fékk mér kaffi.



**NÝTT HLUTVERK** Björn Bragi Arnarsson tekur við hlutverki spyrils í spurningaþættinum Gettu betur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tekur við Gettu betur

**Björn Bragi Arnarsson tekur við hlutverki spyrils í spurningaþáttunum Gettu betur á nýju ári. Hann var áður í sigurliði Verslunarskólans árið 2004.**

„Ég hef horft á þennan þátt alla mína barnæsku, ég horfði meira að segja á hann þegar ég var of ungur til að skilja hvað var í gangi,“ segir sjónvarpsmaðurinn Björn Bragi Arnarsson sem tekur við hlutverki spyrils í spurningaþætti framhaldsskólanna, Gettu betur, í byrjun næsta árs. Þættirnir verða sem áður sýndir í Sjónvarpinu.

Björn Bragi er ekki alveg ókunnugur þátttöku í spurningaþættinum því hann var í sigurliði Verslunarskóla Íslands árið 2004. „Það verður gaman að fá að sitja hinum megin við borðið í þetta sinn. Þegar ég keppti fyrir Versló var Logi Bergmann í hlutverki spyrils og ég viðurkenni að ég renndi hýru auga til starfs hans. Það hafa margir góðir gegnt þessu hlutverki og það er mér mikill heiður að fá að spreyta mig á því,“ segir Björn Bragi. Hann fetar í fótspor ekki ómerkara fólks en Hermanns Gunnarssonar, Ómars Ragnarssonar, Loga Bergmanns, Evu Maríu Jónsdóttur, Sigmars Guðmundssonar og Eddu Hermannsdóttur, dóttur Hemma.

Björn Bragi stýrði áður sjónvarpsþáttunum Týnda kynslóðin og Bara grín á Stöð 2 við góðan orðstír. Aðspurður segist hann kveðja gamla vinnustað sinn með söknuði þótt hann hlakki einnig til að hefja nýtt ár á nýjum vinnustað. „Ég vona að mér verði vel tekið á nýja vinnustaðnum. Vonandi verð ég ekki látinn ganga í gegnum einhvers konar busun,“ segir hann að lokum í gamansömum tón.

sara@frettabladid.is

## Með vinsælustu dagskrárliðunum

Gettu betur var fyrst haldin árið 1986 og hefur farið fram árlega síðan þá. Keppnin hefur verið einn vinsælasti dagskrárliður Ríkisútvarpsins frá upphafi.

Forkeppnin hefst í janúar ár hvert og fer hún fram í útvarpi. Að henni lokinni fara átta liða úrslit fram í sjónvarpssal. Árið 2009 var metár í sögu keppninnar en þá tók alls 31 skóli þátt. Menntaskólinn í Reykjavík er sá sigursælasti frá upphafi, með 18 sigra.


SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PARANOIA | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| PARANOIA VIP | KL. 5:50 - 8 | VIP |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| AULINN ÉG ENS TAL 2D | KL. 8 | L |
| CITY OF BONES | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 16 |
| THE CONJURING VIP | KL. 10:20 | VIP |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| THE BLING RING | KL. 10:20 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PARANOIA | KL. 8 - 10:20 | L |
| CITY OF BONES | KL. 8 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 10:40 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:40 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| RIDDICK FORSÝND | KL. 8 | 16 |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| PARANOIA | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| CITY OF BONES | KL. 5:20 - 10:40 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| KICK-ASS 2 | KL. 10:30 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| PARANOIA | KL. 8:20 - 10:30 | 12 |
| CITY OF BONES | KL. 5:40 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 | 12 |
| KVIKMYNDADAGAR 11. - 26. SEPTEMBER | | |
| MUD ÓTEXTUÐ | KL. 10:20 | 12 |
| MIDNIGHT'S CHILDREN ÓTEXTUÐ | KL. 7:20 | 12 |
| TO THE WONDER ÓTEXTUÐ | KL. 5 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| PARANOIA | KL. 8 | 12 |
| CITY OF BONES | KL. 10 | 12 |
| MALAVITA | KL. 10:20 | 16 |
| ÖLLI | KL. 8 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| AULINN ÉG 2 2D LÚXUS | KL. 3.20 | L |
| AULINN ÉG 2 3D | KL. 3.30 | L |
| MALAVITA / MALAVITA LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| BLUE JASMIN | KL 5.45 - 10.15 | 10 |
| THIS IS US 3D | KL 5.45- 8 | L |
| FLUGVÉLAR 2D ÍSL TAL | KL 3.30 | L |
| ELYSIUM | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 5.40 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| BLUE JASMIN | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 5.45 | L |
| DESPICABLE ME 2 2D | KL. 8 | L |
| ÖLLI HEIMILDAMYND | KL. 5.30 | L |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| ELYSIUM | KL. 10.20 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 8 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 10.15 | 14 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| AULINN ÉG 2 3D | KL. 6 | | | | | L |
| BLUE JASMIN | KL. 8 | 10 | / MALAVITA | KL. 8 - 10 | | 16 |
| THIS IS US 3D | KL. 6 | 10 | / JOBS | KL. 10 | | 12 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG 2 - ÍSL | 5.50 3D | L |
| AULINN ÉG 2 - ÍSL | 5.50 2D | L |
| DESPICABLE ME 2 - ENS | 5.50, 8 2D | L |
| MALAVITA | 8, 10.20 | 16 |
| JOBS | 8, 10.10 | 12 |
| KICK ASS 2 | 10.40 | 16 |

Evrópustofa
BÍÓ★PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

## Ótrúlegasti viðburður ársins!

# Ripley's Believe It or Not

**Sýning í Smáralind í kvöld kl. 19:30**

- Einar Mikael töframaður með risa-sjónhverfingar
- 35-faldur heimsmeistari í sverðagleypingum sjálfur DAN MEYER
- Hafþór Björnsson, einn sterkasti maður í heimi

Mættu á svæðið og trúðu þínum eigin augum!



ÍSLENSKA SIA.IS/ SML 65584 09/13

Smáralind

smaralind.is **Opið:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Finndu okkur á facebook

## Körfuboltaleikur án sjónvarpsauglýsinga

**KÖRFUBOLTI** Að fylgjast með íþróttakappleikjum í Bandaríkjunum fer í taugarnar á mörgum. Ástæðan er fjöldi auglýsingahléa en hann þykir oft meiri en góðu hófi gegnir.

Nú hefur NBA-liðið Sacramento Kings ákveðið að brjóta sig út úr þessu formi og mun vera með beina útsendingu frá leik án auglýsingahléa. Það þykir afar fréttnæmt.

Sacramento var næstum búið að missa liðið til Seattle í sumar en hélt því á endanum. Því ætla menn í Sacramento að fagna meðal annars með þessum auglýsingalausa leik.

Í stað auglýsinga verður sýnt frá áhorfendunum og því sem er að gerast í höllinni. Eigendur Kings eru að reyna að koma til móts við stuðningsmenn, sem eðli málsins samkvæmt eru ekkert sérstaklega ánægðir með eigendurna því þeir íhuguðu að flytja liðið.

- hbg




## Finnst skrýtið að hafa ekki verið valinn í landsliðið

**FÓTBOLTI** Eftir nokkuð magurt gengi í atvinnumennskunni undanfarin ár er Guðlaugur Victor Pálsson á mikilli uppleið.

Hann hefur farið á kostum með liði sínu, NEC, í hollensku úrvalsdeildinni upp á síðkastið og í tvígang verið valinn í lið umferðarinnar í deildinni.

Hann hefur einnig skorað í tveimur leikjum í röð og er markahæstur í liði NEC ásamt öðrum leikmanni liðsins.

Þrátt fyrir þetta góða gengi upp á síðkastið hefur Guðlaugur Victor ekki hlotið náð fyrir augum landsliðsþjálfarans, Lars Lagerbäck, en Lagerbäck hefur aldrei valið Guðlaug í hóp hjá sér.

„Ef ég á að vera heiðarlegur þá finnst mér það skrítið að hafa ekki fengið kallið. Ég spilaði með öllum yngri landsliðum Íslands og er núna að spila með góðu liði í sterkri deild,“ sagði Guðlaugur í viðtali við NEC Today.

„Að sjálfsögðu er þetta alltaf ákvörðun þjálfarans en það er draumur minn að spila fyrir landsliðið. Ég mun halda áfram að gera mitt besta og það væri frábært ef ég fengi kallið.“

- hbg



**GUÐLAUGUR VICTOR PÁLSSON**

## KR meistari í 26. sinn?

**FÓTBOLTI** KR getur með sigri á Blikum orðið Íslandsmeistari í knattspyrnu karla í kvöld. Leikurinn er hluti af 16. umferð Pepsi-deildarinnar en liðin mættust 18. ágúst á Kópavogsvelli. Flauta þurfti leikinn af eftir að Elfar Árni Aðalsteinsson, leikmaður Blika, rotaðist eftir aðeins þriggja mínútna leik.

KR er í efsta sæti deildarinnar með 46 stig, fimm stigum á undan FH-ingum. Takist KR-ingum að vinna Blika í kvöld verður liðið með 49 stig þegar liðin í öðru og þriðja sæti deildarinnar eiga bara tvo leiki eftir af tímabilinu.

KR varð síðast Íslandsmeistari árið 2011 en FH-ingar náðu í titilinn á síðustu leiktíð. Leikmenn KR ætla sér eflaust að klára mótið á Kópavogsvelli í kvöld en leikurinn hefst klukkan 17.00.

KR getur því landað sínum 26. Íslandsmeistaratitli í kvöld.

- sáp



**EVRÓPUMEISTARAR** Kvennalandsliðið í hópfimleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Risastúka til landsins

**FIMLEIKAR** Fimleikasamband Íslands mun flytja stúku til landsins vegna Evrópumeistaramótsins í hópfimleikum sem fer fram hér á landi eftir 389 daga.

Mótið verður haldið í frjálsíþróttahöll Laugardalshallar þar sem stúkunni verður komið fyrir. Hún mun rúma 4.280 manns í sæti. Reiknað er með um eitt þúsund keppendum frá tuttugu löndum. Fimleikasambandið reiknar þess utan með um 2.000 erlendum gestum vegna mótsins.

„Þar sem viðburðurinn fer fram í október er hann frábær viðbót við ferðamannaiðnaðinn á Íslandi, sem hefur verið í stöðugri sókn undanfarið, og er til þess fallinn að brúa bilið frá sumarlokum fram að Airwaves-tónlistarhátíðinni,“ segir í tilkynningu frá FSÍ.

Kvennalandslið Íslands vann gullverðlaun í Svíþjóð 2010 og Danmörku 2012 og á því titil að verja. Í keppnunum tveimur á undan vann liðið til silfurverðlauna.

Vinna við skipulagningu mótsins er á áætlun og á dögunum lauk vinnu við merki mótsins.

Merkið hefur skírskotun til náttúru Íslands; eldfjalla, norðurljósa og hafsins sem umlykur landið. Það er hannað af Rakel Tómasdóttur og má sjá hér að neðan.

- ktd

# Fannst tennurnar vera skakkar

**Landsliðsmaðurinn Arnór Þór Gunnarsson mun ekki geta leikið með spútnikliði þýsku úrvalsdeildarinnar í handknattleik, Bergischer, næstu mánuði þar sem hann kjálkabrotnaði í leik um síðustu helgi. Mikið áfall fyrir norðanmanninn sem hafði verið að spila frábærlega í sínum fyrstu leikjum í bestu deild í heimi.**

**HANDBOLTI** „Þetta gerðist mjög snemma í leiknum. Ég fiskaði ruðning og fékk þá olnboga í andlitið. Ég ligg aðeins á vellinum en þegar ég stend upp finnst mér tennurnar í mér vera skakkar. Þá ákvað ég að fara af velli,“ segir Arnór Þór Gunnarsson þar sem hann lá á sjúkrabeði í Þýskalandi.

Þar þarf hann að liggja fram að helgi enda þurfti hann að fara í aðgerð eftir að hafa kjálkabrotnað í leik gegn Wetzlar.

„Læknar Bergischer sögðu mér að það væri allt í fínu lagi með tennurnar á mér. Þá spurði ég af hverju bitið væri svona vitlaust? Á spítalanum sást brotið ekki á röntgenmyndum. Það var ekki fyrr en þeir tóku sneiðmynd sem brotið sást. Þetta er í innanverðum kjálkanum og er talsvert brot.“

### Mjög svekkjandi

Þessi meiðsli munu gera það að verkum að Arnór Þór mun ekki geta leikið með liði sínu, Bergischer, í tvo og hálfan mánuð. Hann má þó fara að hlaupa og lyfta strax í næstu viku.

„Það er gríðarlega leiðinlegt að detta svona út. Í fyrra vorum við tveir að skipta með okkur hornamannsstöðunni en ég hef átt hana í vetur og verið að spila vel. Það er ekki síst leiðinlegt þar sem liðinu hefur gengið gríðarlega vel. Ég vonast samt til þess að byrja að spila fyrr en læknarnir segja.“

Þar hitti Arnór naglann á höfuðið en lið hans hefur komið allra liða mest á óvart í deildinni í vetur.

Það tapaði með tíu marka mun gegn meisturum Kiel í fyrstu umferð og hefur síðan unnið fjóra leiki í röð. Þar af var sannfærandi sjö marka sigur gegn Meistaradeildarmeisturum Hamburg.

### Björgvin alveg frábær

Bergischer er nýliði í þýsku úrvalsdeildinni en liðið vann B-deildina nokkuð sannfærandi síðasta vetur.

„Við erum með hörkulið. Þetta var eiginlega nýtt lið í fyrra og nú þekkjumst við betur og spilum betur. Þetta hefur svo eiginlega allt gengið upp það sem af er vetri,“ segir Arnór en hann hrósar félaga sínum Björgvini Páli Gústavssyni, sem virðist vera að finna sitt fyrra form.

„Bjöggi er búinn að vera virkilega góður og það hefur heldur betur munað um frammistöðu hans. Við erum að spila frábæra vörn og Bjöggi hefur verið í stuði þar fyrir aftan. Fyrir vikið erum við að fá auðveld hraðaupphlaupsmörk.“

Lykilleikmaður liðsins er þó hinn ólseigi Austurríkismaður Viktor Szilagyi. Hann hefur farið algjörlega á kostum og er að skora sjö til átta mörk í leik.

„Hann hefur verið algjörlega frábær. Hann stjórnar öllu hjá okkur og kann þetta allt saman. Það munar um svona menn. Svo erum við líka með fleiri góða menn. Það er fín blanda í þessu liði og allir eru að ná virkilega vel saman.“




**FRAMTÍÐARMAÐUR** Arnór hefur bætt leik sinn mikið síðustu ár. Hann fékk tækifæri með landsliðinu á HM á Spáni þar sem hann átti eftirminnilegar innkomur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þrátt fyrir gott gengi í upphafi móts eru leikmenn liðsins ekkert að missa sig.

„Markmiðið hjá okkur er enn það sama og áður. Það er að halda sæti okkar í deildinni. Þessir punktar sem eru komnir verða ekki teknir af okkur og gætu vegið þungt. Við erum líka bjartsýnir enda eigum við góða möguleika í næstu leikjum sem eru gegn Melsungen, Minden og Balingen. Þetta eru allt leikir sem við getum unnið,“ segir Arnór en lið hans er í fjórða sæti deildarinnar með jafnmörg stig og lið Dags Sigurðssonar, Füchse Berlin.

„Það er mikil stemning í bænum og við leikmenn fáum ekki eins marga miða til þess að gefa nú og í fyrra. Það var uppselt bæði gegn Kiel og Eisenach hjá okkur og verður líklega þannig áfram.“

Arnór sló eftirminnilega í gegn með landsliðinu á HM í janúar. Hann segir að eitt af því jákvæða við meiðslin væri að þau hefðu komið núna. Hann væri því búinn að jafna sig talsvert fyrir EM í Danmörku.

„Aron landsliðsþjálfari er búinn að hringja í mig og athuga með stöðuna. Ég hef auðvitað mikinn metnað fyrir því að halda mér í landsliðinu. Það var frábært að spila á HM og það er mesti heiður sem manni getur hlotnast að spila fyrir Ísland. Vonandi fæ ég tækifæri til þess að spila með liðinu á EM.“

henry@frettabladid.is



**MIKIL AÐGERÐ** Arnór fer heim af spítalanum á morgun. Á meðan verður hann að liggja í rúminu og nærast á súpum. MYND/AÐSEND


19. - 22. SEPT.
SKJÓTT
SKIPAST VEÐUR
Í LOFTI
ÞEGAR ÞÚ KAUPIR DIDRIKSONS
VÖRUR FÆRÐU POLLAVETTLINGA
EÐA ÚTILÍFS HÚFU Í KAUPBÆTI
DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is



**LIÐSFÉLAGAR** Alonso og Raikkonen aka báðir fyrir Ferrari. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fagnar komu Raikkonen

**KAPPAKSTUR** Felipe Massa er búinn að missa sæti sitt hjá Ferrari-liðinu í Formúlunni en Kimi Raikkonen hefur verið ráðinn til liðsins í hans stað.

Forseti Ferrari, Luca Di Montezemolo, segir að óstöðugleiki Massa hafi kostað hann sætið hjá Ferrari.

Alonso var á sínum tíma ráðinn til Ferrari á kostnað Raikkonen en þeir munu núna þurfa að vinna saman.„Alonso fagnar því að Kimi sé að koma til okkar,“ sagði Di Montezemolo. En hvað með Massa?

„Staða Massa var alltaf á hreinu. Hann þurfti að ná árangri rétt eins og liðið. Hann náði því stundum en var mjög óstöðugur. Það verður gott fyrir hann að breyta um umhverfi.“ - hbg



**SÁTTUR** Gareth Bale líður greinilega vel hjá Real Madrid. NORDICPHOTOS/GETTY

## Bale ánægður með byrjunina

**FÓTBOLTI** Gareth Bale spilaði sinn fyrsta leik fyrir Real Madrid í Meistaradeildinni á þriðjudagskvöld. Hann kom þá af bekknum og átti þátt í tveimur mörkum Ronaldo, sem skoraði þrennu í 6-1 sigri Galatasaray.

Bale skoraði í fyrsta leik sínum fyrir félagið í deildinni um síðustu helgi og hann er hæstánægður með byrjun sína hjá félaginu.

„Það var frábært að spila í Meistaradeildinni og ein stærsta ástæðan fyrir því að ég kom hingað. Ég kom meðal annars til þess að spila í stærstu keppni heims,“ sagði Bale eftir leikinn gegn Galatasaray en honum fannst allt í lagi að byrja á bekknum.

„Undirbúningstímabilið hjá mér var ekki til staðar og ég ræddi þetta við þjálfarann. Ég er bara búinn að æfa í rúma viku og búinn að spila í heildina 90 mínútur í tveimur leikjum. Ég þarf smá tíma til þess að komast í gang.“

„Strákarnir í liðinu hafa annars tekið vel á móti mér og mér líður strax mjög vel hjá félaginu. Ég nýt þess að vera farinn að spila á ný og nú er bara að koma sér í stand og eiga gott tímabil.“ - hbg

# Valshugsunin er að vinna allt

Ólafur Stefánsson hefur leik sem þjálfari Vals í kvöld þegar liðið tekur á móti Haukum í Olís-deild karla. Þessi magnaði karakter vill ná til baka sigurmenningunni sem þekktist á árum áður í Val. Leikmenn verða að trúa að þeir geti unnið alla leiki. Þjálfarinn leggur upp með að öllum líði vel í liðinu og fái sinn tíma.

**HANDBOLTI** Olís-deild karla hefst í kvöld með þremur leikjum. Valsmönnum er spáð Íslandsmeistaratitlinum en liðið hefur fengið gríðarlegan liðsstyrk fyrir komandi átök í karladeildinni. Ólafur Stefánsson tók við Val fyrir tímabilið en fáir hafa meiri reynslu og þekkingu á íþróttinni en þessi ótrúlegi karakter.

Þjálfarahlutverkið er samt sem áður óreynt og spurning hvernig Valsmenn fara af stað í kvöld þegar þeir mæta Haukum á Hlíðarenda.

„Þetta er allt að byrja og við eigum erfiðan leik fyrir höndum í kvöld,“ segir Ólafur Stefánsson.

Valsmenn börðust ötullega fyrir sæti sínu í efstu deild undir lok síðustu leiktíðar en liðinu er spáð góðu gengi á þessu tímabili.

„Haukar eru með dúndurlið eins og svo mörg önnur í þessari deild. Ég býst í raun og veru við því að við Valsarar verðum jafnvel í smá vandræðum til að byrja með en vonandi á liðið síðan eftir að slípast saman þegar líður á mótið. Ég er bara sáttur við þessa spá og það er fínt fyrir okkur Valsara að fá þessa pressu. Strákarnir eiga að vita að þeir eiga möguleika á því að ná langt.“

Ólafur Stefánsson hefur ávallt verið nokkuð heimspekilegur í sinni nálgun á íþróttinni en eins og alþjóð á að vita hefur hann verið einn allra besti handknattleiksmaður heimsins undanfarinn áratug.

„Það hefur alltaf verið mín skoðun að þegar mikils er vænst af manni í íþróttum fara menn að spyrja sig hvað þarf að gera til þess að það verði að veruleika. Ef þú lætur þig ekki dreyma spyrðu þig ekki einu sinni þessara spurninga. Þessi spá mun bara ýta við leikmönnum liðsins að finna leiðina.“



**ÞJÁLFARI Í MÓTUN** Ólafur Stefánsson stýrir Val í sínum fyrsta deildarleik í kvöld er liðið tekur á móti Haukum í Vodafonehöllinni. Liðinu er spáð Íslandsmeistaratitlinum og Ólafur fagnar pressunni sem því fylgir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Uppskrift að góðu liði

Valsliðið var skipað ungum og efnilegum leikmönnum á síðasta tímabili en Ólafur hefur náð að efla hópinn. Elvar Friðriksson er kominn á ný heim á Hlíðarenda úr atvinnumennsku. Varnartröllið Ægir Jónsson gekk í raðir félagsins á ný frá Fram í sumar og síðan komu norðanmennirnir Geir Guðmundsson og Guðmundur Hólmar frá Akureyri. Í Valsliðinu eru núna ungir og efnilegir leikmenn í bland við reynslubolta sem þekkja vel til inni á vellinum.

„Fyrst og fremst eru þetta allt saman mjög góðir strákar og flottir karakterar sem gerir þennan hóp virkilega þéttan. Svona lítur þetta út í dag en auðvitað eigum við eftir að lenda í mótbyr í vetur, eins og öll lið, og þá er spurning hvernig strákarnir bregðast við. Karakter leikmanns sést fyrst fyrir alvöru þegar hann tapar leik en ég hef ekki miklar áhyggjur af leikmönnum Vals, þeir komast í gegnum þennan mótbyr þegar að honum kemur. Þú ert í raun loksins orðinn þjálfari þegar þú tapar þínum fyrsta leik. Ég er gríðarlega sáttur við þá leikmenn sem komu til okkar í sumar og runnu þeir mjög smurt inn í liðið. Það er síðan mitt hlutverk sem þjálfari að allir leikmenn fái sinn tíma inni á vellinum og að ég vinni sem mest að hag heildarinnar, ásamt því að leikmenn séu sáttir með það sem þeir eru að gera.“



Ólafur hóf sinn feril með Val áður en hann fór út í atvinnumennsku. Sem leikmaður lék hann með þýsku liðunum Wuppertal og Magdeburg en með því síðarnefnda vann hann allt sem hægt er að vinna. Þaðan var ferðinni heitið til Spánar en hann lék með Ciudad Real á árunum 2003 til 2009 þar sem hann lék líklega sinn besta handbolta. Á Spáni vann Ólafur einnig allt sem hægt er að vinna með félagsliði. Árið 2009 gekk þessi vinstri handar skytta til liðs við lærisveina Guðmundur Guðmundssonar í Rhein-Neckar Löwen og fór þaðan í mikið ævintýri til Kaupmannahafnar og lék eitt tímabil með AG København. Ólafur endaði síðan í Katar á síðustu leiktíð og á að baki ótrúlegan feril sem handknattleiksmaður. Með landsliðinu lék Ólafur 330 leiki og vann meðal annars til silfurverðlauna á Ólympíuleikum og til bronsverðlauna á Evrópumóti. Á þessari leið sinni hefur leikmaðurinn leikið undir mörgum þjálfurum sem ættu að hafa mótað hann sem þjálfara, en prófið er fram undan og spurning hvernig til tekst.

### Sigurmenning í Val

„Það hefur alltaf verið menningin í Val að liðið á að vinna alla þá leiki sem það spilar og ef það hefur eitthvað glatast á undanförnum árum þá er það mitt hlutverk að endurvekja þá hugsun. Þótt liðið sé með sex markverði inni á vellinum í einu er það alltaf skylda Vals að vinna hvern leik. Það sem gerir íþróttir svona auðveldar er að maður getur alltaf dæmt

> **Þeir verða kannski ekki allir atvinnumenn í handbolta en vonandi verða þeir að betri mönnum.**
>
> *Ólafur Stefánsson, þjálfari Vals*

árangur út frá sigri eða tapi, vissulega eru hlutirnir flóknari en svo. Ég vil sem þjálfari láta öllum leikmönnum liðsins líða vel á þeim stað sem þeir eru. Það sem er fallegast við Valsliðið er að við erum allir áhugamenn og ég hef alltaf sagt að það sé skemmtilegra að vinna með mönnum sem hafa áhuga á því sem þeir eru að gera en mönnum sem eru bara að stimpla sig inn í og út úr vinnu.“

En hver eru markmið Ólafs Stefánssonar sem þjálfari?

„Ég þarf að læra að koma því sem hefur verið í hausnum á mér í mörg ár frá mér og að það þurfi ekki alltaf einhvern túlk til að þýða það allt. Ég er í ákveðnari mótun og er að þroskast sem einstaklingur. Maður þarf að læra hvernig á að standa fyrir framan menn, vera með ákveðnar hugmyndir og kunna síðan skýringar á þeim. Þannig geta þessar hugmyndir síðan flætt inn í þá hausa sem við á. Maður vill einnig gera allt til þess að leikmenn liðsins verði betri handboltaspilarar og einfaldlega betri menn. Þeir verða kannski ekki allir atvinnumenn en draumurinn er samt alltaf sá að leikmenn liðsins geti litið til baka á þennan tíma og nýtt það sem þeir lærðu í lífinu.“ stefanp@365.is

## Leikir kvöldsins í Olís-deild karla

| | | |
|---|---|---|
| Akureyri - Fram | 19:00 | Höllin Akureyri |
| HK - FH | 19:30 | Digranes |
| Valur - Haukar | 20:00 | Vodafone-höllin |




**Tilboðin gilda 19. - 22. september**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**0-5**

**Akranesvöllur**
722 áhorfendur
**Vilhjálmur Alvar (6)**

**Mörkin:** 0-1 Antonio Mossi (17.), 0-2 Juanma Torres (19.), 0-3 Kiko Insa (43.), 0-4 Alfreð Már Hjaltalín (75.), 0-5 Guðmundur Magnússon (87.).

**ÍA (4-4-2):** Páll Gísli Jónsson 4 - Einar Logi Einarsson 4, Ármann Smári Björnsson 5, Thomas Sörensen 4, Hector Pena Bustamante 6 – Joakim Wrele 4, Jóhannes Karl Guðjónsson 5, Arnar Már Guðjónsson 3, Hallur Flosason 5 - Garðar Bergmann Gunnlaugsson 5, (73. Jorge Garcia 5), Eggert Kári Karlsson 4 (56. Hafþór Ægir Vilhjálmsson 4).

**Víkingur (4-5-1):** Einar Hjörleisson 7 - Emir Dokara 6, Insha Bohigues Fransisco 7, Damir Muminovic 7, Samuel Jimenez Hernandez 6 - Alfreð Már Hjaltalín 7, Abdel Farid Zato 7, Juan Manuel Torres 7 (67. Eldar Masic 6), ***Björn Pálsson 8**, Antonio Jose Espinosa Mossi 7(80. Eyþór Helgi Birgisson -) - Guðmundur Steinn Hafsteinsson 7 (80. Guðmundur Mágnússon -).

**Skot (á mark):** 4-12 (1-6) **Horn**: 7-3

**Varin skot:** Páll Gísli 1 - Einar 1

**2-2**

**Þórsvöllur**
Óuppgefið.
**Erlendur Eiríksson (7)**

**Mörkin:** 1-0 Chukwudi Chijindu (16.), 1-1 Bojan Stefán Ljubicic (44.), 1-2 Jóhann Birnir Guðmundsson (83.), 2-2 Mark Tubæk, víti (86.).

**Þór (4-5-1):** Srdjan Rajkovic 5 – Sveinn Elías Jónsson 6, Orri Freyr Hjaltalín 5 (46. Andri Hjörvar Albertsson 5) , Atli Jens Albertsson 5, Ingi Freyr Hilmarsson 5 – Orri Sigurjónsson 6, Ármann Pétur Ævarsson 5, Jónas Björgvin Sigurbergsson 5 (66. Edin Besljia -), Jóhann Helgi Hannesson 6, Sigurður Marinó Kristjánsson 5 (77. Mark Tubæk -) – Chukwudi Chijindu 6.

**Keflavík (4-4-2):** Ómar Jóhansson 6 – Endre Ove Brenne 5, Haraldur Freyr Guðmundsson 6, Halldór Kristinn Halldórsson 5, Magnús Þórir Matthíasson 5 – Bojan Stefán Ljubicic 6, Einar Orri Einarsson 5, ***Jóhann Birnir Guðmundsson 7**, Andri Fannar Freysson 5 (53. Frans Elvarsson 5) – Magnús Sverrir Þorsteinsson 5 (65. Elías Már Ómarsson -), Hörður Sveinsson 6.

**Skot (á mark):** 12-10 (5-6) **Horn**: 9-3

**Varin skot:** Rajkovic 4 - Ómar 2

## PEPSI DEILDIN 2013

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KR | 18 | 15 | 1 | 2 | 45-19 | 46 |
| FH | 20 | 12 | 5 | 3 | 41-22 | 41 |
| Stjarnan | 20 | 12 | 4 | 4 | 31-19 | 40 |
| Breiðablik | 19 | 9 | 6 | 4 | 29-22 | 33 |
| ÍBV | 19 | 8 | 5 | 6 | 23-20 | 29 |
| Valur | 19 | 6 | 9 | 4 | 37-29 | 27 |
| Fram | 20 | 6 | 4 | 10 | 25-33 | 22 |
| Fylkir | 20 | 5 | 5 | 10 | 28-31 | 20 |
| Keflavík | 20 | 6 | 3 | 11 | 27-42 | 21 |
| Þór | 20 | 4 | 6 | 10 | 28-43 | 18 |
| Víkingur | 20 | 3 | 8 | 9 | 20-28 | 17 |
| ÍA | 19 | 2 | 2 | 15 | 25-51 | 8 |

**- SKAGAMENN FALLNIR Í 1. DEILD.**

### NÆSTU LEIKIR

**Fimmtudagur 19. september**:
17.00 Breiðablik - KR, ÍBV - Valur
**Sunnudagur 22. september**: 16.00 Valur - KR, Fram - FH, Fylkir - Víkingur, Keflavík - ÍBV, Stjarnan - Breiðablik og Þór - ÍA

### MARKAHÆSTIR

| | |
|---|---|
| Viðar Örn Kjartansson, Fylkir | 11 mörk |
| Hólmbert Aron Friðjónsson, Fram | 10 |
| Atli Viðar Björnsson, FH | 9 |
| Gary Martin, KR | 9 |
| Björn Daníel Sverrisson, FH | 9 |
| Chukwudi Chijindu, Þór | 8 |
| Baldur Sigurðsson, KR | 8 |
| Hörður Sveinsson, Keflavík | 8 |

**visir.is**
Allt um leiki gærkvöldsins

## MEISTARADEILDIN

### E-RIÐILL

**SCHALKE - STEAUA BÚKAREST 3-0**
**CHELSEA - BASEL 1-2**

1-0 Oscar (45.), 1-1 Mohamed Salah (71.), 1-2 Marco Streller (82.)

### F-RIÐILL

**MARSEILLE - ARSENAL 1-2**

0-1 Theo Walcott (64.), 0-2 Aaron Ramsey (84.), 1-2 Jordan Ayew, víti (90.+3).

**NAPOLI - DORTMUND 2-1**

### G-RIÐILL

**AUSTRIA VÍN - PORTO 0-1**
**ATLETICO MADRID - ZENIT 3-1**

### H-RIÐILL

**AC MILAN - CELTIC 2-0**
**BARCELONA - AJAX 4-0**

1-0 Lionel Messi (21.), 2-0 Messi (55.), 0 Gerard Piqué (69.), 4-0 Messi (75.).

# Markahæsta mamman

Harpa Þorsteinsdóttir bætti mömmu-markamet Ástu B. Gunnlaugsdóttur um átta mörk í sumar en engin móðir hefur skorað jafnmikið á einu tímabili í efstu deild á Íslandi. Harpa skoraði 28 mörk í 18 leikjum.

**FÓTBOLTI** Þetta hefur verið magnað tímabil fyrir Stjörnukonuna Hörpu Þorsteinsdóttur. Hún varð langmarkahæsti leikmaður Pepsi-deildar kvenna þar sem lið hennar vann alla 18 leiki sína og setti nýtt stigamet. Mikilvægi hennar sést einnig á því að eina tap Stjörnunnar á öllu tímabilinu var í leik þar sem Harpa var í leikbanni. Við þetta bætist að Harpa var með í sögulegum árangri kvennalandsliðsins í Svíþjóð í sumar sem komst í fyrsta sinn í átta liða úrslit í úrslitakeppni EM.

„Þetta sumar er búið að vera frábært í alla staði og klárlega besta fótboltasumar sem ég hef upplifað. Við erum búnar að spila svo vel að það er frábært að vera sóknarmaður í svona liði. Við erum með boltann nær allan tímann og það er mikið hægt að búa til,“ segir Harpa Þorsteinsdóttir um sumarið 2013.

Það er þó ein staðreynd sem gerir þetta sumar einkar sögulegt fyrir væntanlegan leikmann ársins í Pepsi-deild kvenna því mörkin hennar 28 skipa henni í efsta sætið yfir markahæstu mömmurnar í sögu deildarinnar.

### Met Ástu stóð í 28 ár

Harpa eignaðist Steinar Karl í apríl 2011 og sneri aftur í boltann í júlí. Harpa skoraði sex mörk í níu síðustu leikjunum sumarið 2011 og hjálpaði Stjörnunni að vinna sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil. Í fyrra skoraði Harpa 17 mörk í 18 leikjum sem var fimmti besti árangur mömmu frá upphafi en sumarið í sumar var engu öðru líkt.

Met Ástu B. Gunnlaugsdóttur var búið að standa í 28 ár og frá því áður en Harpa fæddist. Ásta skoraði 20 mörk í 13 leikjum fyrir Breiðablik sumarið 1985 en árið áður eignaðist hún Hólmfríði Ósk Samúelsdóttur sem seinna varð Íslandsmeistari með Blikum eins og mamma hennar.

Ásta getur huggað sig við það að hún á enn metið hjá tveggja barna mömmum því Ásta skoraði 12 mörk fyrir Blika sumarið 1992 eða fimm árum eftir að hún eignaðist landsliðskonuna Gretu Mjöll Samúelsdóttur.

### Saknaði fótboltans

„Ég fann það að ég átti auðvelt með að komast í form eftir að ég átti hann og þegar maður er í formi þá getur maður spilað vel ef maður kann fótboltann,“ sagði Harpa og það kom ekkert annað til greina en að koma strax til baka.

„Ég saknaði þess að spila fótbolta þegar ég var ekki með. Ég var dugleg að hreyfa mig á meðgöngunni og það hjálpaði mikið til. Maður er háður því að vera að æfa oft í viku og þá hættir maður því ekkert,“ rifjar Harpa upp og hún mærir liðsheildina í Stjörnuliðinu sem hefur nú unnið þrjá titla síðan hún kom til baka. En veit strákurinn hennar hversu góð mamman er í fótbolta?

„Ég held að hann fatti nú ekkert að ég sé eitthvað góð í fótbolta en hann er með það á hreinu að ég fer á æfingu þegar hann er búinn í leikskólanum og hann megi koma að horfa á þegar ég fer að keppa,“ segir Harpa létt.

Harpa er alveg á því að mömmuhlutverkið hafi breytt sér sem fótboltakonu. „Ég þroskaðist mikið og mætti með annað viðhorf til æfinga. Maður er að fórna tíma frá fjölskyldu og frá honum og þá kannski breytist eitthvað. Þetta er eitthvað sem ég er að gera fyrir sjálfa mig og ég vil gera þetta vel fyrst ég er að setja svona mikinn tíma í þetta,“ segir Harpa. Það er líka alltaf að verða algengara að konur haldi áfram í fótbolta eftir barnsburð og Harpa vekur athygli á þeirri staðreynd.

„Það er fullt af mömmum í deildinni núna og það er ekki eins og þetta sé einsdæmi. Það er frábært,“ segir Harpa að lokum. Hvort Harpa eða einhver önnur mamma eigi eftir að gera svona vel í markaskorun í deildinni á eftir að koma í ljós en það þarf einstakt sumar til þess.

ooj@frettabladid.is



**STRÁKURINN OG ÍSLANDSBIKARINN** Harpa Þorsteinsson sést hér með strákinn sinn Steinar Karl Jóhannesson og Íslandsbikarinn sem hún vann með Stjörnunni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Annað mömmu-met í sjónmáli

Helena Ólafsdóttir ógnaði metinu hennar Ástu B. Gunnlaugsdóttur fyrir fjórtán árum þegar hún skoraði 19 mörk fyrir KR sumarið 1999. Tveimur árum síðar komst Helena upp fyrir Ástu á heildarmarkalistanum og er nú sú mamma hefur skorað flest mörk samtals í efstu deild. Hörpu vantar reyndar aðeins fimm mörk til að jafna met Helenu og það er líklegt til að falla á næsta ári verði Harpa ekki komin út í atvinnumennsku.

„Ég hef voðalega lítið pælt í því og hef bara verið að einbeita mér að því að klára þetta tímabil vel. Svo eru landsliðsverkefni fram undan sem mig langar að standa mig vel í. Ef það kemur eitthvert tilboð sem ég get ekki hafnað þá skoða ég það en annars er ég mjög ánægð í Stjörnunni,“ segir Harpa en er von á fleiri börnum? „Það yrði allavega eitthvað óvænt en aldrei að segja aldrei,“ segir Harpa hlæjandi.

### MARKAHÆSTA MAMMAN Á EINU TÍMABILI Í EFSTU DEILD

| | |
|---|---|
| Harpa Þorsteinsdóttir, Stjarnan 2013 | 28 |
| Ásta B. Gunnlaugsd. Breiðablik 1985 | 20 |
| Hrefna Huld Jóhannesd., KR 2007 | 19 |
| Hrefna Huld Jóhannesd., KR 2008 | 19 |
| Helena Ólafsdóttir, KR 1999 | 19 |
| Harpa Þorsteinsdóttir, Stjarnan 2012 | 17 |
| Helena Ólafsdóttir, KR 1997 | 15 |
| Helena Ólafsdóttir, KR 1998 | 12 |
| Ásta B. Gunnlaugsd., Breiðablik 1992 | 12 |
| Íris Sæmundsdóttir, ÍBV 1998 | 11 |
| Guðrún Jóna Kristjánsd., KR 1996 | 11 |

## Kolbeinn klúðraði víti á Nývangi en Lionel Messi var með þrennu fyrir Barcelona





**SVEKKELSI** Kolbeinn Sigþórsson fékk kjörið tækifæri til að opna markareikninginn í Meistaradeildinni en lét Victor Valdes, markvörð Barcelona, verja frá sér víti undir lokin. Kolbeinn átti annars góðan leik. NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Argentínumaðurinn Lionel Messi sýndi enn á ný snilli sína í Meistaradeildinni í gærkvöldi þegar hann skoraði þrennu í 4-0 sigri á Ajax í fyrsta leik liðanna í riðlakeppni Meistaradeildarinnar.

Kolbeinn Sigþórsson átti ágætan leik með Ajax en lét verja frá sér víti í stöðunni 4-0. Kolbeinn stríddi Barcelona-mönnum ítrekað í fyrri hálfleiknum og átti svo sannarlega skilið að skora. Kolbeinn fór á punktinn á 76. mínútu þegar staðan var orðin 4-0 fyrir Barcelona en vítaspyrnan var ekki nógu góð og Victor Valdes varði vel í markinu. - óój

**visir.is**
Frekari umfjöllun um Meistaradeildina

# BÓKA LAGERSALA




**Næg bílastæði og kaffi á könnunni**

# RISAlagersala á Fiskislóð 39

Yfir 3500 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

Allt að 90% afsláttur

## Opið alla daga kl. 10–19



2 fyrir 1

NÝJA AFMÆLISDAGABÓKIN OG 1000 DRAUMARÁÐNINGAR

**Verð: 990 kr.**



FALLEGI FLUGHVALURINN OG LEIFUR ÓHEPPNI

**Verð: 990 kr.**



GERÐU EINS OG ÉG – HVATI OG DÝRIN

**Verð: 990 kr.**



LÆRÐU AÐ TEIKNA HERRAMENN

**Verð: 990 kr.**



2 fyrir 1

AUKASPYRNA Á AKUREYRI OG VÍTI Í VESTMANNAEYJUM

**Verð: 1.990 kr.**



STARWARS LEGO

**Verð: 1.690 kr.**





2 fyrir 1

SKURÐGOÐIÐ MEÐ SKARÐ Í EYRA KRABBINN MEÐ GYLLTU KLÆRNAR

**Verð: 990 kr.**



2 fyrir 1

HEIMSRÉTTIR RIKKU OG BOLLAKÖKUR RIKKU

**Verð: 1.690 kr.**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Risalagersala Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla daga kl. 10–19**

## Í KVÖLD

### Sjónvarpið kl 21.35
**Hulli**

Hulli er teiknuð útgáfa af höfundi þáttanna, Hugleiki Dagssyni. Hann býr í Reykjavík og er listamaður á niðurleið. Dónalegar myndasögur hans, sem hafa notið töluverðrar velgengni, eru hættar að seljast. Skrautlegur vinahópur hjálpar Hulla í hamingjuleitinni en ekkert virðist ganga upp hjá honum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.





### The X-Factor US
**STÖÐ 3 KL. 20.30** Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni en með honum við dómaraborðið sitja söngkonurnar Demi Lovato, Kelly Rowland og Paulina Rubio.

**TV.COM** 7,0 **IMDb** 4,9



### Gunnar á völlum
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.10** Í þáttunum Gunnar á völlum fara þeir Gunnar Sigurðarson og Fannar Sveinsson um víðan völl og skoða það markverðasta sem er að gerast í íslenskri knattspyrnu. Þeir félagar eru oftar en ekki mun uppteknari af því sem gerist utan vallar og sökum þess fjalla þættirnir í raun ekkert um knattspyrnu.



### The Office
**SKJÁR EINN KL. 20.45** Skrifstofustjórinn Michael Scott er hættur störfum hjá Dunder Mifflin en sá sem við tekur er enn undarlegri en fyrirrennari sinn. Nýr eigandi lítur dagsins ljós í þessum lokaþætti af The Office.

**TV.COM** 9,0 **IMDb** 8,7

### Rás 1 kl 08.05
**Morgunstund með KK**

KK (Kristján Kristjánsson) leikur létta tónlist af ýmsu tagi og fer yfir víðan völl.








## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm in the Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Touch**
**11.50 Hell's Kitchen**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The New Normal**
**13.20 Nanny McPhee**
**14.55 The Glee Project** *(8:11)*
**15.40 Ofurhetjusérsveitin**
**16.00 Tasmanía**
**16.25 Ellen** *(48:170)*
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(19:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Ríkið** *(4:10)*
**19.40 The Big Bang Theory** *(21:24)*
**20.05 Sælkeraferðin** *(1:8)* Glæsilegir og gómsætir þættir þar sem sjónvarpskonan Vala Matt ferðast í kringum Ísland og heimsækir sælkera, veitingahúsafólk og sveitamenn og -konur sem bjóða uppá það allra besta af íslenskum sælkeramat.
**20.30 Masterchef USA** *(11:20)*
**21.15 NCIS. Los Angeles** *(6:24)* Þriðja þáttaröð þessara vinsælu spennaþátta
**22.00 Person of Interest** *(8:22)*
**22.45 Breaking Bad** *(6:8)*
**23.35 Ástríður** *(1:10)*
**00.00 The TV Set**
**01.25 Rizzoli and Isles**
**02.10 Broadchurch**
**03.00 Boardwalk Empire**
**05.40 Fréttir**

## SPORT
*besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**10.55 Meistaradeildin Evrópu. Marseille - Arsenal**
**12.45 Meistaradeild Evrópu. Barcelona - Ajax**
**14.35 Meistaradeild Evrópu. Chelsea - Basel**
**16.25 Meistaradeildin - meistaramörk**
**16.55 Valencia - Swansea** Beint
**19.00 Tottenham - Tromsø** Beint
**21.05 Pepsí-mörkin**
**22.20 Zulte-Waregem - Wigan**
**00.10 M. Haifa - AZ Alkmaar**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**15.40 Messan**
**16.40 Swansea - Liverpool**
**18.20 Hull - Cardiff**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Ensku mörkin - úrvalsdeildin** *(4:40)*
**21.25 Football League Show 2013/14**
**21.55 Sunderland - Arsenal**
**23.35 Aston Villa - Newcastle**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn

## STÖÐ 3

**17.10 The Great Escape** *(1:10)* Skemmtileg þáttaröð þar sem venjulegt fólk freistar þess að sleppa úr ómögulegum aðstæðum, yfirvinna hindranir og komast óhult á áfangastað.
**17.50 Smash** *(1:17)*
**18.35 Game tíví** *(2:13)*
**19.00 The Choice** *(2:6)*
**19.45 Bunheads** *(2:18)*
**20.30 The X-Factor US** *(3:26)*
**21.55 Shameless** *(2:12)* Bráðskemmtileg þáttaröð um skrautlega fjölskyldu.
**22.50 Banshee** *(2:10)* Magnaðir spennuþættir um Lucas Hood sem er fyrrverandi fangi og útsmoginn þjófur.
**23.40 Strike back** *(1:10)*
**00.30 The Choice**
**01.20 Bunheads**
**02.05 The X-Factor US**
**03.30 Shameless**
**04.25 Banshee**
**05.15 Tónlistarmyndbönd**

## krakkar

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Svampur Sveinsson **07.46** Elías **07.58** Áfram Diego, áfram! **08.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.44** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Latibær **09.24** Strumparnir **09.49** Hvellur keppnisbíll **10.00** Lukku láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.46** Hello Kitty **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Svampur Sveinsson **11.46** Elías **11.58** Áfram Diego, áfram! **12.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.44** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Latibær **13.24** Strumparnir **13.49** Hvellur keppnisbíll **14.00** Lukku láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.46** Hello Kitty **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Svampur Sveinsson **15.46** Elías **15.58** Áfram Diego, áfram! **16.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.44** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Latibær **17.24** Strumparnir **17.49** Hvellur keppnisbíll **18.00** Lukku láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.46** Hello Kitty **19.00** Puss N'Boots

## GULL

**18.00 Strákarnir**
**18.25 Friends** *(2:24)*
**18.45 Seinfeld** *(9:13)*
**19.10 The Big Bang Theory** *(4:23)*
**19.35 Two and a Half Men** *(16:16)*
**20.00 Fóstbræður** *(2:7)*
**20.30 Mið-Ísland** *(3:8)*
**21.00 Steindinn okkar** *(3:8)*
**21.25 The Drew Carey Show** *(7:24)*
**21.50 Curb Your Enthusiasm** *(2:10)*
**22.25 Fóstbræður**
**22.55 Mið-Ísland**
**23.25 The Drew Carey Show**
**23.50 Steindinn okkar**
**00.15 Curb Your Enthusiasm**
**00.50 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**10.40 The American President**
**12.30 Love and Other Drugs**
**14.20 The Best Exotic Marigold Hotel**
**16.20 The American President**
**18.10 Love and Other Drugs**
**20.00 The Best Exotic Marigold Hotel**
**22.00 Friends With Benefits**
**23.50 Kick Ass**
**01.45 Brooklyn's Finest**
**03.55 Friends With Benefits**

## RÚV

**15.45 Kiljan**
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Franklín og vinir hans**
**17.43 Hrúturinn Hreinn**
**17.50 Dýraspítalinn**
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** *(3:16) (Melissa & Joey)* Bandarísk gamanþáttaröð.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Gunnar á völlum**
**20.20 Fagur fiskur** *(3:8)*
**20.50 Sönnunargögn** *(9:13) (Body of Proof)* Bandarísk sakamálaþáttaröð. Meinafræðingurinn Megan Hunt fer sínar eigin leiðir í starfi og lendir iðulega upp á kant við yfirmenn sína.
**21.35 Hulli** *(4:8) (Fjórði þáttur)* Hulli er teiknuð útgáfa af höfundi þáttanna, Hugleiki Dagssyni.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Djöflar Da Vincis** *(1:8) (Da Vinci's Demons)* Þáttaröð um snillinginn Leonardo Da Vinci og ævintýri hans þegar hann var ungur maður í Flórens á endurreisnartímanum.
**23.20 Hálfbróðirinn** *(3:8) (Halvbroren)* Norskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Lars Saabye Christensen sem hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir hana.
**00.05 Kynlífsráðuneytið** *(8:15) (Sex ministeriet)* Dönsk þáttaröð.
**00.35 Kastljós**
**01.05 Fréttir**
**01.15 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** *(22.23)*
**08.00 Cheers** *(6.26)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**16.05 Once Upon A Time** *(19.22)*
**16.45 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course** *(6.20)*
**17.15 Dr. Phil**
**17.55 America's Next Top Model**
**18.40 America's Funniest Home Videos**
**19.05 Everybody Loves Raymond**
**19.30 Cheers**
**19.55 Solsidan** *(6:10)*
**20.20 Men at Work** *(10:10)*
**20.45 The Office** *(24:24)*
**21.10 Happy Endings** *(4:22)*
**21.35 Parks & Recreation** *(4:22)*
**22.00 Flashpoint** *(14:18)*
**22.45 Dexter** *(10:12)*
**23.35 Law & Order. UK** *(6:8)*
**00.25 Olivia Lee. Dirty, Sexy, Funny**
**00.50 Excused**
**01.15 Unforgettable**
**02.05 Flashpoint**
**02.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.45** BMW Championship **2013** **11**.45 PGA Tour - Highlights **12.40** BMW Championship **2013** **15.40** PGA Tour - Highlights **16.35** Inside the PGA Tour **17.00** Tour Championship **2013** **22.00** Tour Championship **2013** **02.30** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# ÚTSALA

**SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR!**



**Loksins komið aftur!**

## TDK BoomBox 360°

**Frumútgáfan af TDK 360° BoomBoxinu sem allir eru að tala um er komin aftur í takmörkuðu magni á ótrúlegu verði. Fyrstur kemur, fyrstur fær! Ótrúleg hljómgæði og frábærir dómar bæði hjá fagtímaritum og íslenskum notendum.**

Spilar beint af USB, RCA inn, Mini Jack inn, stór Jack inn, hægt að tengja við hljóðnema eða hljóðfæri með stórum Jack og „mixa" á milli, spila og syngja með því sem spilað er í BoomBoxinu. USB iPad/iPhone kapall fylgir með. Gengur einnig fyrir rafhlöðum.

Útsöluverð: **29.995**
Verð áður: 59.995

**B vörur**
Úrval sýningartækja á lækkuðu verði, símar, tölvur og sjónvörp



47LN540V

Útsöluverð: **169.995**
Verð áður: 199.995

## 47" LG

Direct LED, FullHD, 100HZ MCI, USB, S2 gervihnattamóttakari, T2 móttakari, 2xHDMI, IPS.



42LA641V

Útsöluverð: **179.995**
Verð áður: 279.995

## 42" LG

EdgeLED, Cinema 3D, SmartTV, 3xHDMI, FullHD, 200Hz, NFC, USB, Dual Core örgjörvi, 1,25 Gb vinnsluminni, T2 móttakari og gervihnattamóttakari.



Yas 101

Útsöluverð: **39.995**
Verð áður: 59.995

## Yamaha Soundbar

Optical, Digital Coax, innbyggður bassa-hátalari, Air Surround Xtreme, glæsileg hönnun, fæst í píanósvörtu.



Útsöluverð: **49.995**
Verð áður: 62.995

## Nokia Lumia 720

WP8, 6.7MP Carl Zeiss myndavél, 4,3" skjár, Nokia HERE Maps
8 Gb + minniskortarauf.
Svartur, rauður, gulur.



Útsöluverð: **34.995**
Verð áður: 44.995

## Nokia Lumia 620

WP8, 5MP myndavél, 3,8" ClearBlack skjár, 3G WIFI, skiptanlegar skeljar, HERE Maps, 3 litir.

**Heyrnartól á 25% afslætti** | **Yamaha á 20% afslætti** | **10% afsláttur af nýjum símum**

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 132691 (1909)
A0001O496, A0001O499, A0001O497

## SJÓNVARPSPÁTTURINN



**Uppáhaldsþættirnir mínir eru True Blood og Breaking Bad.**

Erla Hlín Hilmarsdóttir verslunarstjóri.

# Elísabet aftur til Hollywood

### Elísabet Ronaldsdóttir klippir bíómynd með Keanu Reeves í aðalhlutverki.

Elísabet Ronaldsdóttir klippari kemur til með að klippa nýjustu kvikmynd leikstjóranna Davids Leitch og Chads Stahelski, sem ber nafnið John Wick. Þeir félagar hafa áður unnið að myndum eins og The Hunger Games og The Expendables, þó ekki sem leikstjórar. Með aðalhlutverk í myndinni fara Keanu Reeves og Willem Dafoe.

Elísabet er enginn nýgræðingur í Hollywood, en hún hefur áður klippt erlendar myndir á borð við Contraband og Inhale, ásamt fjölda annarra kvikmynda. Elísabet er á mála hjá Willams Morris Endeavor, einni virtustu umboðsskrifstofu í Bandaríkjunum.

Aðspurð vildi Elísabet lítið segja um ráðninguna. „Það er búið að ganga frá samningum en ég á eftir að skrifa undir,“ segir Elísabet. „En einhver sagði mér að samningur væri ekki fulltryggður fyrr en maður væri búinn að vinna vinnuna, fá borgað, kaupa mat og skíta honum,“ bætir hún við létt í bragði.

Elísabet má ekkert gefa upp um söguþráð myndarinnar en samkvæmt slúðurmiðlum vestanhafs fjallar myndin um fyrrverandi leigumorðingja hvers drápshvöt kemur upp að nýju eftir að þjófur stelur af honum bílnum og drepur hundinn hans um leið. - ósk



**ENGINN NÝGRÆÐINGUR** Elísabet er á mála hjá einni virtustu umboðsskrifstofu Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÓLVIN** Rapparinn Ólvin hefur gefið út sitt fyrsta lag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gamlir, erfiðir tímar

### Ólvin rappar um gamla, erfiða tíma í sínu fyrsta lagi.

Rapparinn Ólvin hefur gefið út sitt fyrsta lag. Það heitir Lokasvar og syngur hafnfirska söngkonan Aníta la Scar viðlagið.

Rapparinn Sesar A smíðaði takt lagsins og stjórnaði upptökum. Ólvin samdi sjálfur viðlagið og erindin sín. „Ég er að tala um ákveðna manneskju sem ég nafngreini ekkert. Þetta eru bara gamlir, erfiðir tímar sem ég er að syngja um. Ég er að stíga svolítið upp og skilja þetta eftir,“ segir Ólvin, eða Ólafur Hannesson, spurður út í textann.

Myndband við Lokasvar var frumsýnt nýlega á Vísi. Þar fær náttúrufegurð Reykjaness og þá sérstaklega Reykjanestáar og Gunnuhvers að njóta sín. - fb




# Söng bakraddir hjá ofurgrúppu í London

### Kristina Mekkin Haraldsdóttir söng bakraddir á tónleikum Peters Buck og félaga í Tired Pony í London.

Reykjavíkurmærin Kristína Mekkín Haraldsdóttir söng bakraddir á tónleikum ofurgrúppunnar Tired Pony í Barbican Centre í London fyrir skömmu.

Í hljómsveitinni eru meðal annarra Peter Buck, fyrrum gítarleikari R.E.M., tveir liðsmenn Snow Patrol, og trommari Belle & Sebastian. „Ég og einn af stofnendunum, Gary Lightbody úr Snow Patrol, eigum sameiginlegan kunningja. Þannig gerðist þetta,“ segir Kristina, spurð út í þátttöku sína í tónleikunum. Áhorfendur voru um tvö þúsund talsins.

Hin 22 ára Kristína flutti til London fyrir fimm mánuðum og er að búa til tónlist með vini sínum. Hún vonast til að fá að vinna aftur með Tired Pony þegar sveitin spilar aftur í London. „Þetta eru miklir fagmenn og allir mjög almennilegir. Það var engin tilgerð í kringum þá og manni leið aldrei eins og nýgræðingi.“

Hún viðurkennir að um mikla og góða reynslu sé að ræða fyrir sig sem upprennandi tónlistarkonu. „Já, reynsla og sambönd líka,“ segir Kristína, sem fékk heimboð til Los Angeles frá Peter Buck og eiginkonu hans. Hún var ein af sex bakraddasöngkonum á tónleikunum. Leikkonurnar Kim Topper og Bronagh Gallager, sem lék í The Commitments, voru einnig á meðal þeirra. - fb



**KRISTINA MEKKIN** Kristína söng á tónleikum Peters Buck og félaga Tired Pony.

➜ Kristína hitti Harry Styles úr strákabandinu One Direction baksviðs eftir tónleikana og spjallaði við hann. „Það er mjög fínn strákur.“



**PETER BUCK** er fyrrum gítarleikari R.E.M. og núverandi meðlimur Tired Pony.

# Skartar skemmtilegum flúrum

### Mynd af David Hasselhoff prýðir annan kálfa Ólafs Hrannars Kristjánssonar.

„Þetta var nú búið að blunda í mér í einhvern tíma en ég ákvað svo bara að kýla á þetta og pantaði tíma í janúar,“ segir hinn 23 ára gamli Ólafur Hrannar Kristjánsson, starfsmaður í Seljaskóla, um aðdraganda húðflúrs á kálfa hans af David Hasselhoff.

Ólafur Hrannar skartar nokkrum af skemmtilegustu húðflúrum sem sést hafa á Íslandi. Á kálfanum er hann einnig með húðflúr af teiknimyndapersónunum Svampi Sveinssyni og Óðríki algaula úr teiknimyndaflokknum um Ástrík og Steinrík.

„Þegar ég var í 9. til 10. bekk áttaði ég mig á því hversu mikill snillingur þessi maður er, sérstaklega þegar ég sá tónlistamyndbandið við lagið Jump In My Car,“ segir hann um álit sitt á sjarmörnum.

Ólafur Hrannar kveðst mikill áhugamaður um húðflúr. „Ég er með fimm önnur tattú, ég skoða síður og reyni að uppgötva nýja flúrara,“ segir Ólafur Hrannar og bætir við: „Gunnar á Íslensku húðflúrstofunni gerði þetta.“

Ólafur Hrannar við en hann segir að fólk sé almennt mjög hrifið af þessu athyglisverða flúri, enda fjölmargir Hasselhoff-aðdáendur á Íslandi. - glp



**MEÐ MÖGNUÐ HÚÐFLÚR** Ólafur Hrannar Kristjánsson skartar skemmtilegum flúrum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# HEIMILI ÓSKAST FYRIR LED SJÓNVARP!



15% afsláttur

**169.900**

FULLT VERÐ ~~199.900~~

**Samsung 46" Full HD 1080p LED sjónvarp**
100hz Clear Motion Rate, HDTV móttakari, 2 HDMI tengi, CI+ tengi ásamt 1 USB tengi fyrir afspilun á þinni afþreyingu. 2013 árgerðin af F5000 línunni frá Samsung.

PIPAR\TBWA · SÍA · 132564

## Brot af vöruúrvali okkar


...nsation Nail gel


11.900
Wowow Dark jakki kvk


23.900
Apple TV


9.990
Meliconi sjónvarpsskenkur


14.990
Sony þráðlaus heyrnartól


49.900
Angelcare barnapía AC 1120


3.990
Lottie dúkka



## SENDUM FRÍTT HEIM STRAX UM KVÖLDIÐ

innan höfuðborgarsvæðisins*

## Risa vefverslun – aukin þjónusta



Frá því Heimkaup hóf göngu sína hafa mörg þúsund Íslendinga nýtt sér hversu þægilegt og fljótlegt er að versla á heimkaup.is, enda bjóðum við mikið úrval af vörum á frábæru verði.

Við sendum vöruna til þín frítt* hvert á land sem er og komum vörum til skila sama kvöld ef pantað er fyrir kl. 17. Við bjóðum viðskiptavini líka velkomna í sýningarsal okkar í Turninum, Kópavogi þar sem hægt er að kaupa vörur á staðnum eða sækja vörur sem keyptar eru í vefversluninni.

*Sjá nánar um sendingarmöguleika og skilmála um heimsendingar á heimasíðunni, www.heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

heimkaup.is

Örugg vefverslun | Hagstætt verð | Hraðsending | Sendum um allt land

HEIMKAUP

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



OPIÐ 24 TÍMA
Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Falast eftir málmhausum

Leikstjórinn Ragnar Bragason og leikkonan **Þorbjörg Helga Dýrfjörð** hafa skrifað undir samning við fimmtu stærstu umboðsskrifstofu Bandaríkjanna. Ástæðan er frábærar viðtökur sem nýjasta kvikmynd Ragnars hefur fengið, en myndin heitir Málmhaus.

Það var eftir frumsýningu myndarinnar á kvikmyndahátíðinni í Toronto sem umboðsskrifstofan falaðist eftir hæfileikum þeirra en myndin vakti töluverða athygli á hátíðinni, enda myrk þroskasaga unglingsstúlku sem hlustar á þungarokk. Frá þessu var greint á bandaríska afþreyingarvefnum Deadline.



### Plata á leiðinni

**Erna Hrönn Ólafsdóttir,** söng- og útvarpskona á Létt Bylgjunni, undirbýr nú útgáfu nýrrar plötu ásamt píanóleikaranum Pálma Sigurhjartarsyni. Platan inniheldur jóla- og vetrarlög og er eingöngu studd við píanóleik og söng. Platan var tekin upp í sumar og þótti listamönnunum tveimur oft sérstakt að setjast inn í hljóðver og taka upp jólalög um hásumar. Platan kemur út á næstu mánuðum og munu landsmenn án nokkurs vafa komast í mikið jóla- og vetrarskap með tilkomu plötunnar.

**- glp**



## Mest lesið vísir

1. Viti sínu fjær vegna sveppaáts
2. Bjáni eignast barn
3. „Við héldum að við myndum deyja“
4. Hraunavinir stöðvuðu framkvæmdir í Gálgahrauni
5. Fullir tússpennar af sterum
6. Vann alþjóðlega forritunarkeppni
7. Búin að selja Ungu ástina mína





